

## Björk vill að við séum afl

Að vera flautuleikari krefst fórna, þrautseigju og úthalds. Flautuleikararnir sjö sem spila með Björk á tónleikaferðalagi hennar í Evrópu ræddu ferilinn og ævintýrið fram undan. ➔26



MYND/ SANTIAGO FELIPE



Hvað býr í huga raðmorðingja? Dr. Ann Burgess er á leiðinni til landsins. ➔36



Náttúruvín Tískubóla eða eitthvað meira? ➔66



Heiðruð fyrir sín góðu verk Herdís Egilsdóttir og Páll Óskar fengu Samfélagsverðlaun. ➔34

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • ATVINNA

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

27. apríl í 4 nætur

Frá kr. 54.900 flugsæti & gisting

Verð á mann m.v. tvo í herbergi á Hotel Penta

2 FÜR

# PRAG

Heimsferðir

# KRÓNAN

Þú sparar 1000 kr. ef þú kaupir kassa!

Kassa dill!

Hámark kassi, 24 stk.

# 2752

 kr.

SMÁRALIND

GJAFAKORT SMÁRALINDAR

GÓÐ HUGMYND AÐ FERMINGARGJÖF



OPIÐ TIL 18 Í DAG



## Veður



Í dag er búist við hlýrri suðaustan-átt og einhverri vætu í flestum landshlutum, en styttr fyrst upp norðaustan til og hiti gæti jafnvel náð 13 stigum þar, og eins í Borgarfirði. Sunnan og suðaustan til rignir talsvert fram á kvöld. **SJÁ SIÐU 50**

## Meðlimum í Þjóðkirkjunni fækkar enn

**TRÚMÁL** 802 einstaklingar skráðu sig úr Þjóðkirkjunni á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018. Tölurnar koma úr samantekt Þjóðskrár Íslands yfir breytingar á skráningu einstaklinga úr einu trú- og lífsskoðunarfélagi í annað á tímabilinu 1. janúar til 31. mars. Samantektin var birt í gær á vef Þjóðskrár. Þar kemur fram að á tímabilinu gengu 168 einstaklingar í Þjóðkirkjuna. Samtals gengu því 634 fleiri úr Þjóðkirkjunni en í hana á tímabilinu.

124 einstaklingar sem skráðir voru utan trúfélaga gengu í trú- eða lífsskoðunarfélög en 629 skráðu sig utan trúfélaga, í hópnunum fjólgar því um 505 einstaklinga. Í lífsskoðunarfélagið Siðmennt gengu 103 fleiri en úr því. Loks má nefna að í frikirkjurnar þrjár gengu 54 fleiri en úr þeim. - gþs

## Minnisblaði um áhrif leka lekið

**TÆKNI** Bandaríski tæknirísinn Apple varar starfsmenn sína við því að leka upplýsingum. Þetta kemur fram í minnisblaði sem, ótrúlegt en satt, lak til Bloomberg sem birti það í gær.

Apple hefur lent í því að upplýsingum um væntanlegar vörur fyrir-tækisins hafi verið lekið. Það gerðist eftirminnilega í september þegar upplýsingum um iPhone X var lekið og jafnvel enn eftirminnilegar þegar starfsmaður Apple gleymdi prufuútgáfu af iPhone-síma á bar árið 2010.

„Í síðasta mánuði hafði Apple upp á og rak starfsmann sem bar ábyrgð á upplýsingaleka af trúnaðarfundum um hugbúnaðaráform Apple. Hundruð verkfræðinga voru á fundinum og þúsundir til viðbótar. Ein manneskja brást trausti þeirra,“ segir í minnisblaðinu. - þea

## Eldgos, jarðskjálftar og 9 metra Látrabjarg í Perlunni



Sérfræðingar vinna baki brotnu að því að setja upp eftirlíkingu af Látrabjargi í Perlunni. Bjargið sem er yfir 9 metra hátt mun klæða einn af tönkum Perlunnar. Í sjónaukum verður hægt að fræðast um sjófugla sem búa í einu stærsta fuglabjargi Evrópu. Bjargið mun leika aðalhlutverk á náttúrusýningu sem verður opnuð í maí. Þar verður hægt að upplifa eldgos og jarðskjálfta og sjá syndandi hvali undir gólfi Perlunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Fjögur útköll á skólaball MS

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sinnti fjórum útköllum vegna ölvunar ungmenna og slysa á menntaskólaballi í Kaplakrika á fimmtudag. Skúli Jónsson aðstoðaryfirlögsluþjónn segir að mikil og góð gæsla hafi verið á staðnum. Vel hafi verið staðið að ballinu.

Um var að ræða svokallað landbúnaðarball nemendafélags Menntaskólans við Sund.

Skúli segir að leyfi hafi verið fyrir 650 manns á ballinu og að fjöldinn hafi verið nærri lagi.

Tveir urðu fyrir meiðslum á ballinu. Einn gestur féll af sviði. Hitt slysið varð þegar einstaklingur kýldi í vegg. Hvorugur slasaðist að ráði.

Hin tvö útköllin voru vegna ölvunar. Í tilfellum þar sem ölögráða einstaklingar voru undir áhrifum áfengis var foreldrum gert viðvart, eins og vera ber. - bg

# Kímnigáfa ráðherrans vakti misjafna lukku

Utanríkisráðherra sagði formann Viðreisnar reynslulítinn í umræðum á þingiinu, en ummælin vöktu misjöfn viðbrögð netverja. Saklaust grín að mati ráðherrans. Aðeins Steingrímur J. Sigfússon hefur setið lengur á þingi en Þorgerður.

**ALÞINGI** Ummæli sem Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra lét falla í líflegum umræðum á Alþingi á fimmtudagskvöld vöktu athygli í gær og féllu sums staðar í gryttan farveg. „Háttvirtur þingmaður er kannski búin að vera svo stutt hérna að hún þekkir ekki hverjar leikreglurnar eru. Það er bara reynsluleysi sem gerir það að verkum að þessar spurningar ganga fram,“ sagði Guðlaugur Þór í kjölfar ræðu Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, þingmanns Viðreisnar.

Hann sagði ESB-sinna fara með rangfærslur um EES-samninginn og með því væru þeir að grafa undan samningnum og klykkti út með orðunum: „Það er alveg skýrt markmið hjá mér, virðulegi forseti, það er að koma staðreyndunum á framfæri og það mun ég gera og ég skal alveg segja ykkur það, ég skal bara spá fyrir um það, það mun fara illa í háttvirta þingmenn Viðreisnar sem eru með ESB-sýkina og þeir munu illa þola þetta.“

Í samtali við Fréttablaðið sagði Þorgerður Katrín hafa verið að halda uppi eftirlitshlutverki þingsins með því að spyrja spurninga og reyna að eiga í mál-efnalegum umræðum. „Það skiptir máli að við

Ég er búinn að vera á þingi síðan árið 2003 og ég hef leyft mér að gera að gamni mínu allan þennan tíma og ég mun halda því áfram.

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra

vöndum okkur og við þurfum öll að gera það.“ Hún sagðist ætla að horfa fram á veginn og að hún erfi þetta ekki við Guðlaug. „Það er eitt og annað sagt í hita leiksins og við verðum líka að skoða það þannig,“ bætti hún við.

„Er fólk orðið fullkomlega húmorslaus í þessum heimi? Steingrímur J. er eini maðurinn sem setið hefur lengur,“ voru fyrstu viðbrögð Guðlaugs Þórs þegar málið var borið undir hann. „Ég geri ekki greinarmun á körlum og konum á þingi,“ tók Guðlaugur fram þegar hann var spurður hvort honum þætti ummælin ekki niðrandi í garð kvenna.

„Ég er búinn að vera á þingi síðan árið 2003 og ég hef leyft mér að gera að gamni mínu allan þennan tíma og ég mun halda því áfram meðan ég er þingmaður og ráðherra,“ sagði Guðlaugur sem litur svo á að um saklaust grín sé að ræða.

getarthur@fretta-bladid.is

15% afsláttur af

210 stk. Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmi, öllum bragðtegundum, 2 mg og 4 mg

Fruitmint - Classic - Whitemint - Freshmint

Gildir til 13. maí 2018

nicorette gerðu eitthvað magnað

lyfja.is

LYFJA - Lífið heil





**HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

**blómaval**

**Nýtt** blað er komið út  
Skoðu öll tilboðin á husa.is



# TILBOÐS VEISLA



OUTBACK

SÚPER TILBOD

**13.990 kr**  
~~17.990 kr~~

Gasgrill  
Outback Omega 100, 2ja brennara. Grillflötur: 50x36 cm.  
3000226



**27.293 kr**  
~~39.990 kr~~

Trampolín 3,66 m  
12 fet/3,66 m,  
6 fætur með  
öryggisneti.  
3900557

SÚPER TILBOD

**30%**  
afsláttur



OUTBACK

SÚPER TILBOD

**25.990 kr**  
~~36.990 kr~~

Gasgrill  
Sunset Solo 3, 3ja brennara.  
Grillflötur: 628x406 mm.  
3 ryðfrír brennarar, hitamælir,  
9,67 kW.  
3000393



**Broil King**

SÚPER TILBOD

Gasgrill Crown 320 Stál  
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfri stáli.  
Grillgrindur úr steypujámi.  
Þrjú brennarar úr ryðfri stáli.  
3000315

**45.990 kr**  
~~54.950 kr~~

**Broil King**

*Kanadísk hágræða grill*

**Sjáðu  
verðið!**



3 ltr

JOTUN

SÚPER TILBOD

**1.995 kr**  
~~2.995 kr~~

Jotun vegg- og loftamálning  
7119781-83



**599 kr**

Vorerikur  
10327408



**Sjáðu  
verðið!**

FRÁBÆRT VERÐ

**5.995 kr**

Hekklippur  
Rafmagnshekklippur, blaðalengd:  
45 cm, klippigeta 16 mm.  
5083759



Hjól  
fyrir alla  
fjölskylduna

**39.900 kr**

Author Trophy 26"  
3901286

AUTHOR



Byggjum á betra verði


husa.is



TÖLUR VIKUNNAR 08.04.2018 – 14.04.2018

39

prósent Reykvíkinga tæp eru hlynt því að bann verði sett á notkun dísilolíu á ökutæki á Íslandi fyrir árið 2030. Þetta eru niðurstöður nýrrar skoðana-könnunar Fréttablaðsins. 44 prósent eru andvíg banni.





airbnb  
230

milljónir króna var velta tekjuhæsta leigusala á Airbnb í fyrra en hann bauð upp á 46 útleigurými. Alls námu tekjur leigusala sem nota vefinn 19,4 milljörðum í fyrra.

36

prósentum hjarta- aðgerða var frestað í fyrra vegna skorts á legurýmum á görgæslu. 20 prósentum var frestað vegna annarra þátta, að því er segir í yfirlýsingu Lækna-ráðs Landspítalans.




140

þúsund plötur hefur Helgi Björnsson tónlistarmaður selt á ferlinum. Hann hefur notað 1.876 spreibrúsa í hárið og fleygt 724 nærþuxum út í sal.

2,1

milljón tæp voru meðal-laun starfsmanna Stefnis, dótturfélags Arion banka og stærsta sjóðastýringarfyrirtækis landsins, á mánuði í fyrra. Hækkun launin um 13 prósent á milli ára.



4

menn voru handteknir í vikunni í heimahúsi á Suðurlandi í aðgerðum þar sem á fjórða hundrað kannabisplantna og á annan tug kannabislaufa var haldlagt.

16

prósent nýnema á framhaldsskólastigi völdu starfsnám árið 2016. Fjórðungur nýnema var í starfsnámi á fyrri hluta tímabilsins 1997-2016.



## Brjú í fréttum Verðlaun, kjör og knatthús

### Atli Svavarsson

11 ára

hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar. Atli stofnaði verkefnið #savetheworld í fyrra en það snýst um að tina rusl í náttúrunni. Atli þælir mikið í umhverfismálum og hvetur fólk til að henda ekki frá sér rusli á víðavangi. Sjálfur er hann iðinn við að plokka ásamt fjölskyldu sinni.



### Bjarni Benediktsson

fjármálaráðherra

sagði á þingi að nýjar kröfur ljósmæðra væru algerlega óaðgengilegar. Þær myndu setja fordæmi sem settu allar aðrar kjaraviðræður í landinu á þessu ári og næsta ári í algert uppnám. Það væri ábyrgðarhluti að ganga að kröfum sem settu aðra samninga í uppnám.



### Borghildur Sturludóttir

varabæjarfulltrúi Bjartrar framtíðar í Hafnarfirði

þurfti að taka pokann sinn í skípulags- og byggingaráði eftir áttakafund í bæjarstjórn, meðal annars vegna afstöðu til knatthúsa. Borghildur hefur verið á öndverðum meiði við meirihlutann í knatthúsamálinu og hefur meðal annars lagt áherslu á óháða staðarvalsgreiningu fyrir nýtt knatthús.



# Ragnar tók við formennskunni eftir áttakafund sambandsins

Tillögu um að skora á Ragnar Þór Pétursson, nýkjörinn formann Kennarasambands Íslands, að taka ekki við formennsku var vísað frá í gær. Flutningsmenn tillögunnar voru sakaðir um aðför að formanninum. Nýi formaðurinn hvatti til samstöðu og þakkaði forvera sínum vel unnin störf. Um hitafund var að ræða.

**MENNTUN** „Nú skora ég á okkur öll að taka höndum saman vegna þess að það getur farið að vora ef við viljum,“ sagði Ragnar Þór Pétursson, nýr formaður Kennarasambands Íslands, þegar hann tók við embætti eftir mikil átök á sjöunda þingi KÍ sem lauk í gær. Anna María Gunnarsdóttir tók jafnframt við varaformennsku.

Átökin á þinginu snerust fyrst og fremst um tillögu nokkurra kvenna um að þingið myndi skora á Ragnar að samþykkja að haldin yrði ný kosning um formannsembættið og hann tæki ekki við því fyrr en að henni lokinni. Kaflasskipti urðu þegar einn þingfulltrúi bar upp frávisunartillögu. Málinu var vísað frá að undan-ganginni leynilegri atkvæðagreiðslu þar sem atkvæði féllu þannig að 94 samþykktu frávisun en 78 greiddu atkvæði gegn henni. Sex fulltrúar skiluðu auðum seðlum.

Konurnar sem vildu að formaður KÍ yrði kjörinn að nýju rökstuddu tillögu sína með því að Ragnar Þór hefði verið sakaður um blygðunar-semisbrot. Ásakanirnar á hendur Ragnari komu fyrst fram árið 2013, en eftir að kosningin um formann KÍ fór fram í nóvember steig nafngreindur maður fram og gerði ítarlega grein fyrir ásökunum sínum á hendur honum.

Óhætt er að segja að þingfulltrúar hafi haft skiptar skoðanir á tillögunni og með hvaða hætti hún var borin upp. Nokkrir þingfulltrúa



Aldrei voru greidd atkvæði um tillögu þar sem skorað var á Ragnar að taka ekki við embætti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

lýstu þeirri skoðun sinni að tillagan ætti sér enga stöð í lögum KÍ. Einn þeirra lýsti þeim skilningi sínum að Ragnar einn gæti tekið ákvörðun um að taka ekki við embætti. Ef hann myndi ákveða að taka ekki við embætti gerðu lög sambandsins ráð fyrir að kjörinn varaformaður tæki við. Engin heimild væri fyrir því að láta atkvæðagreiðslu fara fram að nýju.

Aðrir þingfulltrúar gengu lengra og töluðu um aðför að Ragnari.

„Þetta er erfitt mál. Erfitt fyrir mig og okkur allar. Hafi okkur orðið það á að brjóta þingskóp þá þykir okkur það leitt. Við ætluðum ekki að misnota stöðu okkar né heldur brjóta reglur né móðga þessa samkomu með nokkrum hætti,“ sagði Hanna Björg Vilhjálmisdóttir, kennari í Borg-

arholtsskóla og ein þeirra sem stóðu að tillögunni. Hún hafnaði því að tillagan striddi gegn lögum KÍ. „Við þurfum ekki lagastöð fyrir þessari ályktun. Þessi ályktun var beiðni til Ragnars Þórs um að taka ekki að þér þessa formennsku af því að embættið er miklu stærra en þú,“ sagði Hanna og beindi orðum sínum til Ragnars Þórs. [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)

## JEEP® GRAND CHEROKEE TRAILHAWK TORFÆRUÚTGÁFAN AF ÞESSUM FRÁBÆRA JEPPA

**VERÐLÆKKUN**

DÍSEL 3.0L V6 250 HÖ.  
8 GÍRA SJÁLFSKIPTING HÁTT OG LÁGT DRIF

Quadra-Drive™ fjórhjóladrif, driflæsing að aftan, loftþúðafjöðrun, 18" álfelgur, grófari dekk, 8,4" snertiskjár, lykillaust aðgengi og ræsing, rafdrifin sport sæti frammi í með hita og kælingu, leður/rúskinnsáklæði, rafdrifinn afturhleri, Bi-Xenon og LED framljós, bakkmyndavél, hiti í stýrishjóli, íslenskt leiðsögukerfi, hlífðarplötur undir vél, kössum og eldsneytistönkum o.fl.

TRAILHAWK VERÐ FRÁ: 9.990.000 KR.

Grand Cherokee Laredo verð frá: 8.690.000 kr.



**ÍSABAND**  
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433

[www.jeep.is](http://www.jeep.is) - [www.isband.is](http://www.isband.is) - [isband@isband.is](mailto:isband@isband.is) - Opíð virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

## Pegar vorið kallar á þig. Hilux Invincible



Verð frá: 5.450.000 kr.

### Invincible 33" breytingapakki að verðmæti 780.000 kr. fylgir

Hilux er ódrepanði harðjaxl og með 33" breytingu eruð þið ósigrandi saman. Hilux Invincible kemur þér þangað sem þig langar, hvort sem það er leiðangur upp til fjalla, næsti veiðitúr eða bara að komast aðeins út fyrir borgina til að ná andanum. Hilux Invincible aukahlutapakki: 33" breyting, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar, króm á afturljós og Invincible-merki.

• Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

Vildarpunktur Icelandair með öllum nýjum Toyotum



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á [www.toyota.is](http://www.toyota.is). Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.





CITROËN C4 CACTUS  
**400.000 KR.**  
AFSLÁTTUR



Í tilefni þess að nýr C4 Cactus verður kynntur í maí þá seljum við síðustu bílana af núverandi gerð með 400.000 kr. afslætti! Keyrðu inn í vorið á nýjum, sparneytnum Citroën C4 Cactus!



Citroën C4 Cactus er nettur en rúmgóður með opið og bjart innra rými. Mælaborðið er stílhreint og 7" snertiskjárn gerir allar aðgerðir einfaldar og þægilegar. Citroën C4 Cactus er sparneytni, með skilvirkri vél og nyrri undurþýðri sjálfskiptingu.



CITROËN C4 CACTUS FEEL SJÁLFSKIPTUR FRÁ

**2.540.000 KR.**

VERÐ ÁÐUR 2.940.000 KR.

KOMDU OG MÁTAÐU CITROËN C4 CACTUS



[citroen.is](http://citroen.is)

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16  
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, S. 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, S. 515 7050



Þingmenn eru ósammála um hvort gert sé ráð fyrir aukningu til skógræktar í fjármálaáætlun. FRÉTTABLAÐIÐ/ADALSTEINN

## Fjölföldun skógræktar sé arðbær fjárfesting

Hugmyndir Skógræktarinnar um að fjórfalda nýskógrækt á næstu áratugum mælast vel fyrir. Ekki aðeins hagstætt fyrir kolefnisbókhaldið heldur einnig arðbær fjárfesting í krónum talið. 0,42 prósent lands eru hulin ræktuðum skógi.

**UMHVERFISMÁL** Hugmyndir Skógræktar ríkisins um fjölföldun nýskógræktar næstu áratugina getu bundið fjórðung þess sem við losum samkvæmt Kyoto-bókun loftslags-samningsins verði þær að veruleika. Þá séu hugmyndirnar arðbær fjárfesting til langs tíma. Hundruð starfa myndu verða til í greininni vítt og breitt um landið. Þingmenn eru ósammála um hvort gert sé ráð fyrir aukningu til skógræktar í fjármálaáætlun.

„Við sýnum fram á að fjölföldun nýskógræktar frá því sem nú er mun strax upp úr árinu 2030 hafa mikil áhrif á nettólosun gróðurhúsalofttegunda og á næstu tveimur áratugum þar á eftir munu þau áhrif tæplega sexfaldaðast,“ segir Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, sviðsstjóri skógarauðlindasviðs Skógræktarinnar. „Heildaráhrif skógræktar væru þá um miðja þessa öld um 1,15 milljónir tonna CO<sub>2</sub>-ígilda sem er fjórðungur af núverandi heildarlosun frá Íslandi sem talin er fram í bókhaldi Kyoto-bókunar loftslags-samningsins.“

Sigríður Júlía og Arnór Snorrason kynntu þessa rannsókn sína í Hofi á Akureyri á degi skógræktar. Skógar á landinu binda nú um 400 þúsund tonn af koltvísýringi árlega. Skortur er á skógum en 95 prósentum skóglendis hér á landi hefur verið eytt og um 40 prósent jarðvegs á Íslandi

**84**  
ársverk í dag í nýskógrækt.

**3,5%**  
arðsemi af nýskógrækt.

**700**  
störf á landsbyggðinni eftir 30 ár.

**300**  
ársverk við fjölföldun nýskógræktar.

hafa eyðst. Í dag er svo komið að aðeins 0,42 prósent landsins eru þakin ræktuðum skógi. Unnið er að því að ræktaðir og náttúrulegir skógar geti þakið um 4 prósent landsins árið 2040.

„Einnig máttum við tekjur af kolefnisbindingu og viðarsölu á móti

stofnkostnaði við nýskógrækt. Miðað við þær forsendur sem eru fyrir hendi sem og rauntölur frá skógræktinni eru raunvextir fjárfestingar í nýskógrækt metnir um 3,5 prósent miðað við fjölföldun nýskógræktar á næstu árum,“ segir Sigríður Júlía. „Að auki eru önnur mikilvæg áhrif, eins og styrking byggðar vítt og breitt um landið, ómetin en við áætlum að við getum fjölgað ársverkum í skógrækt upp í um þrjú hundruð og þá mest á landsbyggðinni.“

Bergþór Ólason, formaður umhverfis- og samgöngunefndar þingsins, segir skorta á fjárveitingar til verkefnisins. „Ég vona að menn veiti fé í þetta. Hins vegar sést það ekki í fjárlögum sem samþykkt voru í desember og er heldur ekki fyrir-séð í fjármálaáætlun,“ segir Bergþór. „Þetta heyrir undir umhverfisráðherra og eðlilegt að hann hafi for-göngu um að þetta sé fært til betri vegar.“

Ari Trausti Guðmundsson er ósammála Bergþóri og styður aukninguna en segir aðra þurfa að leggja á árárnar en bara ríkið. „Það er af og frá að það sé ekki verið að gera ráð fyrir aukningunni,“ segir Ari. „Mér finnst mikilvægt að sveitarfélög, einstaklingar og félagsamtök komi einnig að þessu sem ákveðinni tegund af þjóðarátaki til að ná þessu marki.“ [sveinn@frettabladid.is](mailto:sveinn@frettabladid.is)

## Ríkissjóður kaupir eigin skuldabréf

**VIÐSKIPTI** Ríkissjóður keypti í vikunni eigin skuldabréf af Seðlabanka Íslands fyrir 27 milljarða króna. Um er að ræða bréf í flokknum RIKH 18 fyrir um 4,7 milljarða króna að nafnvirði og í flokknum RIKB 19 fyrir um 21,6 milljarða að nafnvirði. Uppgjör viðskiptanna fór fram í gær.

Heildarkaupverð bréfanna nemur 27,3 milljörðum og eru kaupin fjármögnuð með innstæðum ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands og með lækun á almennri sjóðstöðu. Eftir þessi viðskipti nema heildar-



Heildarskuldir ríkissjóðs nema um 866 milljörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

skuldir ríkissjóðs um 866 milljörðum króna, eða sem samsvarar 32 prósentum af vergri landsframleiðslu og er þá tekið tillit til útboðs á ríkisbréfum sem fram fór í gær.

Hrein staða ríkissjóðs reiknuð á grundvelli laga um opinber fjármál, það er að segja þegar sjóðir og innstæður eru dregnar frá heildarskuldum, nemur eftir viðskiptin um 724 milljörðum króna, eða sem nemur um 27 prósentum af vergri landsframleiðslu.

– bsp



# Meira út að hjóla

Cross hjólin í Hagkaup eru gæðahjól sem framleidd hafa verið í Evrópu síðan 1995. Hjólin eru vel þekkt og vinsæl í Evrópu fyrir fallega hönnun og mikil gæði. Sérstaða hjólanna, ásamt hönnun og gæðasmíði, er að í hjólin eru notaðir íhlutir frá þekktum merkjum í hjólaiðnaðinum eins og t.d.:

- SHIMANO
- SRAM
- SCHWALBE
- KENDA
- SELLE ITALIA

Við vitum það að með Cross hjólum er fjölskyldan að eignast gæðahjól á frábæru verði.



28" Picnic

Stell: Álstell 6061. Gírbúnaður: Shimano Nexus 3ja gíra. Bremsur: Alloy V, Shimano Nexus fótbremsa. Dekk: Schwalbe Active delta cruiser. Hnakkur: Selle Royal. Annað: Ljós að framan með innbyggðum dynamo, glitauga að aftan, karfa, bjalla, standari, bögglaberi, keðjuhlíf

vnr. 1114846

79.999 kr



26" Speedster

Stell: Stálstell. Gírbúnaður: Shimano 18 gíra. Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C. Dekk/gjarðir: Kenda Desert 26x195. Annað: Innbrenndur litur, glitaugu að framan. Litir: Rauður og grænn

vnr. 1114844, 1114845

39.999 kr



24" Alissa

Stell: Stálstell – Steel Hardtail. Gírbúnaður: Shimano 18 gíra. Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C. Dekk/gjarðir: Kenda Sidewall 2.10. Annað: Innbrenndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari.

Litir: Hvítur og fjólublár

vnr. 1114843, 912952

37.999 kr



20" Alissa

Stell: Stálstell – Steel Hardtail. Gírbúnaður: Shimano 6 gíra. Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C. Dekk/gjarðir: Kenda Sidewall 2.00. Annað: Innbrenndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari. Litir: Hvítur og fjólublár

vnr. 1114842, 951106

34.999 kr



16" Ultra

Stell: Stálstell. Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C. Annað: Hjálpardekk, bretti og karfa. Litir: blár og appelsínugulur

vnr. 1114704, 1114703

27.999 kr



Opið allan sólarhringinn  
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira  
svona  
alla daga





## AÐALFUNDUR 2018

Aðalfundur FTR verður haldinn miðvikudaginn 18. apríl 2018, kl. 17.00, á Stórhöfða 31, fjórðu hæð

### DAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Samþykkt reikninga
3. Lagabreytingar.
4. Kosningar.
5. Tillaga að sameiningu við Félag sýningarmanna við kvikmyndahús.
9. Önnur mál.

Reykjavík 7. apríl 2018

Kveðja, stjórnin

# Stjórn þjóðgarðsins sögð nánast óstarfhæf

Áheyrnarfulltrúi Samtaka útivistarfélaga í stjórn Vatnajökulspjóðgarðs segir upplausnarástand ríkja í stjórninni. Gerir alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð stjórnar þjóðgarðsins. Stjórnarformaður vísar ásökunum á bug.

**STJÓRNSÝSLA** Vandamál innan stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs hafa gert hana óstarfhæfa, segir áheyrnarfulltrúinn Snorri Ingimarsson hjá Samtökum útivistarfélaga (SAMÚT) í bókun á stjórnarfundi þjóðgarðsins. Snorri gagnrýnir vinnubrögð stjórnar og stjórnarformanninn, Ármann Höskuldsson. Ármann vísar aðfinnslum á bug.

„Athugasemdir útivistarfólks snúa að vinnubrögðum við breytingar á Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn. Sérstaklega hvernig íþyngjandi ákvæði eru komin þar inn án eðlilegrar umfjöllunar,“ segir Snorri. Útgáfan sem liggja nú til kynningar sé ekki í samræmi við ákvarðanir stjórnar og ábendingum og kröfum SAMÚT um að málefnið verði tekið á dagskrá á stjórnarfundi hafi ekki verið svarað. Meðal breytinga sem SAMÚT hafi fundið og ekki hafi verið gerð grein fyrir, sé breytingartillaga frá félaginu sem stjórn hafði samþykkt en hafi ekki verið færð í skjalið sem liggur til kynningar.

„SAMÚT telur eðlilegt að kynningarferlið verði stöðvað og undir-



Ármann Höskuldsson.

búningsvinna endurtekin með eðlilegri umfjöllun,“ segir Snorri sem vill að öðru leyti ekki tjá sig um bókunina. Segir hann hana ekki snúast um fólk. „Hins vegar þarf að takast á við afleiðingar framangreindra vinnubragða og stöðva þetta gallaða umsagnarferli,“ segir Snorri og útilokar ekki að málið endi með kærui. Betra væri ef stjórnin sæi að sér.

„Hann hefur verið þarna í skæruhernaði vegna þess

Snorri Ingimars-son hjá SAMÚT.

að það var ekki samþykkt að hleypa sumarakstri á Vonarskarð. Það er ekkert útilokað að það verði síðar, Stjórnunar- og verndaráætlun er ekki eilíft plagg,“ segir Ármann og vísar ásökunum og aðfinnslum fulltrúa SAMÚT til föðurhúsanna. Ármann segir Snorra verða að eiga það við sig vilji hann vaða í manninn í stað málefnis. Vísar hann

þar til bókunar Snorra um meinta óviðeigandi framkomu hans, Ármanns, sem stjórnarformanns í garð fulltrúa SAMÚT.

„Áætlunin er komin í kynningu og hverjum og einum er opið að gera athugasemdir við skjalið eins og það er. Það er ekkert óeðlilegt við þetta.“

mikael@fretta-bladid.is



# Námssjóður Sigríðar Jónsdóttur

## Styrkumsóknir 2018

Stjórn Námssjóðs Sigríðar Jónsdóttur og Öryrkjabandalag Íslands auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum.

**Styrkir eru veittir til:**

- Öryrkja vegna hagnýts náms, bóklegs eða verklegs, svo og til náms í hvers konar listgreinum.
- Einstaklinga sem vilja sérhæfa sig til starfa í þágu fólks með þroskahömlun.

Sótt er um rafrænt á heimasíðu ÖBÍ, obi.is. Einnig er hægt að nálgast eyðublöð á skrifstofu Öryrkjabandalags Íslands, Sigtúni 42, Reykjavík.

**Umsóknarfrestur er til 30. apríl nk.**

Upplýsingar um styrkúthlutun liggja fyrir eigi síðar en 28. maí. Allar nánari upplýsingar gefa Kristín Margrét Bjarnadóttir, kristin@obi.is, eða starfsmenn móttöku hjá ÖBÍ, mottaka@obi.is, og í síma 530 6700.



Hestar á göngu við Viðidalsá í Húnavatnssýslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Leggjast gegn eldisleyfum

**UMHVERFISMÁL** Veidifélag Viðidalsár mótmælir „öllum hugmyndum um útgáfu eldisleyfa á norskum kynbættum laxi í opnum sjókvíum bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum“, eins og segir í ályktun aðalfundar félagsins.

Þá segir fundurinn að Hafrannsóknastofnun „leggist gegn stjórnlausu laxeldi í sjókvíum“ og telji að það geti stórskadað villta laxastofna. Bent er á nálægð við verð-

mætar laxveiðiár allt í kringum landið og mikil náttúruverðmæti sem séu í húfi.

„Fundurinn átelur Skipulagsstofnun fyrir hringlandahátt svo sem í Ísafjarðardjúpi, þegar stofnunin dró til baka álit sitt nýverið þar sem stofnunin lagðist gegn fyrirhuguðu laxeldi,“ segja veiðifélagsmenn og skora á Guðmund Inga Guðbrandsson umhverfisráðherra að sitja ekki hjá í málinu. –gar

## FRÉTTABLAÐIÐ IS

### MEST LESIÐ



**1** Fjögur lögregluútköll á skólaball MS

**2** Haukar kvarta til KKÍ: Segja högg Brynjars hafa verið viljandi

**3** IKEA byrjar að selja rafhjólín í dag

**4** Ágúst slapp frá Taílandi með mútum

**5** Vala fékk engin læk í heila þrjá mánuði





# Vinnur þú ferð á HM með Kia?



\*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuféttítt sem kaupandi ber kostnað af. Lesu meira um ábyrgðina á [www.kia.com/abyrgd](http://www.kia.com/abyrgd).



cee'd\_sw  
World Cup Edition



The Power to Surprise

## Reynsluaktu Kia til að sigra!

Allir sem reynsluaka Kia í apríl eiga möguleika á að **vinna flug, gistingu og miða fyrir tvo á leik Argentínu og Nígeríu í St. Pétursborg**, þann 26. júní. Ekki missa af þessu tækifæri, heppnin gæti verið með þér í liði.

Bílaumboðið Askja er opið frá kl. 12-16 í dag. Komdu og reynsluaktu.

Kia cee'd SW World Cup Edition á HM tilboði frá:

**2.890.777 kr.**

Verð áður: ~~3.190.777 kr.~~



## Auglýsing um kosningu vígslubiskups í Skálholti

Kjörstjórn Þjóðkirkjunnar hefur, í samræmi við starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 333/2017, ákveðið að síðari umferð kosninga til vígslubiskups í Skálholti fari fram dagana 23. apríl til og með 7. maí 2018, en um er að ræða póstkosningu.

Eftirtaldir eru í kjöri:

**Séra Eiríkur Jóhannsson,**  
**Séra Kristján Björnsson.**

Um kosningarrétt við kjör vígslubiskups er fjallað í 4., sbr. 3. gr. fyrrgreindra starfsreglan.

Sá sem telur sig eiga að vera á kjörskrá getur kannað á þar til gerðu vefsetri hvort nafn hans er á kjörskrá, sjá nánar á vefsíðunni kirkjan.is. Við aðgang að vefsetrinu skal nota rafræn skilríki eða Íslykil Þjóðskrár Íslands

Reykjavík, 13. apríl 2018  
f.h. kjörstjórnar þjóðkirkjunnar  
Hjördís Stefánsdóttir, formaður.

## TÖLUM SAMAN TAKTU ÞÁTT



### LÝSA - UPPLÝSANDI HÁTÍÐ UM MÁLEFNI SAMFÉLAGSINS

7.-8. september 2018

Menningarhúsinu Hofi - Akureyri

Á hátíðinni, sem áður gekk undir nafninu Fundur fólksins, á sér stað upplýsandi samtal milli ólíkra aðila og er ljósi varpað á mikilvæg málefni. Hátíðin er vettvangur sem eflir traust og byggir brýr milli hagsmunahópa með beinum samskiptum þeirra á milli.

Taktu þátt og láttu þína rödd heyrast.

Skráning fer fram á heimasíðu hátíðarinnar, [www.lysa.is](http://www.lysa.is).

Stór jafnt sem lítil samtök úr öllum áttum hafa nýtt sér hátíðina til að koma sínum málefnum á framfæri. Má nefna Samtök Atvinnulífsins, ASÍ, Neytendasamtökin og alla stjórnmalaflokka landsins.

# Eldfimt ástand en lítill vilji fyrir stórveldastríði

Bandaríkjamenn og Rússar standa hvorir andspænis öðrum í Sýrlandi. Vesturlönd búa sig undir hernaðaraðgerðir eftir meinta efnavopnaárás. Rússar segja árásina sviðsetta. Mikill vilji fyrir því að fyrirbyggja bein átök stórveldanna.

**SÝRLAND** Eftir meinta efnavopnaárás sýrlenska stjórnarhersins á almenna borgara í Douma fyrir viku hefur togstreitan á milli Rússa og Sýrlendinga annars vegar og Vesturlanda hins vegar magnast.

Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur kallað Bashar al-Assad Sýrlandsforseta skepnu og þá hefur Vladímír Pútín Rússlandsforseti verið lastaður fyrir bandlag sitt við „skepnuna Assad“.

Rússar sögðu hins vegar í gær að árásin hefði verið sviðsett. Igor Konasjenkov, talsmaður varnarmálaráðuneytisins, sagðist hafa sannanir fyrir aðkomu Breta að árásinni. Þeirri fullyrðingu hafna Bretar. Segja um ógeðfellda og augljósa lygi að ræða.

Trump hefur heitið loftárásum á skotmörk í Sýrlandi, fyrr eða síðar, og heldur opnum möguleikanum á frekari aðgerðum.

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, fékk í gær stuðning ríkisstjórnar sinnar til að ráðast í hernaðaraðgerðir með bæði Bandaríkjamönnum og Frökkum. Þá hefur Emmanuel Macron, forseti Frakklands, tilkynnt um að Frakkar séu að ihuga téðar loftárásir.

Ljóst er að hin meinta efnavopnaárás hefur endurvakið áhuga Trumps á því að taka þátt í stríðinu í Sýrlandi. Stuttu fyrir árás síðustu viku hafði hann tjáð sig um að Bandaríkin myndu yfirgefa Sýrland bráðlega.

Bandaríkin hafa verið með um 2.000 manna herlið í Sýrlandi sem hefur einna helst aðstoðað Kúrda í baráttunni gegn hryðjuverkasmáttökunum sem kenna sig við íslamskt ríki. Rússar eru taldir vera með að minnsta kosti tvöfalt fleiri hermenn, og mun meira af hergögnum, þar í landi.

Hinn nýi áhugi á baráttunni gegn Assad-stjórninni þykir áhyggjuefni enda ekki góðs viti ef Bandaríkin og Rússar takast á með jafn beinum hætti og gæti gerst í Sýrlandi.

Þá hafa deilurnar um Skrípal-



Assad og Pútín vaka yfir hermönnum stjórnarhersins í Idlib. NORDICPHOTOS/AFP

málið og um meint afskipti Rússa af bandarísku forsetakosningunum enn frekar aukið á togstreituna.

Nokkur sáttatónn var hins vegar kominn í ýmsa þjóðarleiðtoga í gær og ljóst að lítill vilji er í alþjóðasamfélaginu fyrir þessum átökum stórveldanna í vestri og austri, Bandaríkjana og Rússlands.

Þannig sagði Macron frá því í gær að hann hefði rætt við Pútín í síma. Í símtalinu hefði hann lýst áhyggjum sínum af versnandi ástandi í Sýrlandi. Hann hafi aukinheldur kallað eftir frekari viðræðum við Moskvu.

Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, hefur tekið sér stöðu einhvers konar sáttasemjara í málinu. Sagði hann frá því í gær að hann hefði rætt við Trump og Pútín um möguleg skref sem hægt væri að taka í átt að friði í Sýrlandi. Sagði hann kollegum sínum til syndanna, ekki væri boðlegt að auka enn á togstreituna í Sýrlandi.

Greina mátti sáttatón frá Rússum í gær. María Sakarova, talsmaður rússneska utanríkisráðuneytisins, sagði að ekki mætti leyfa beinum

átökum stórveldanna að brjótast út á jörðu niðri í Sýrlandi.

„Það er árið 2018 og við höfum alls konar möguleika til samskipta. Við getum leyst allt með viðræðum, bara með því að taka upp símann eða senda skilaboð. Ég held að það sé ákjósanlegast að leysa deilumál með viðræðum, ekki valdi.“ hafði rússneski miðillinn RT eftir Sakarovu sem benti þó á að Rússar myndu verja sig, gerðu Bandaríkin árás.

Þá hefur Vassilí Nebensía, sendiherra Rússa hjá Sp, sagt að það sé í algjörum forgangi að fyrirbyggja stríð stórveldanna. Málflutningur Bandaríkjamanna sé hættulegur og ógni stöðugleika alþjóðasamfélagsins.

Þrátt fyrir þennan litla vilja til átaka var mikill hiti í fundi öryggisráðs Sp í gær. Antonio Guterres, framkvæmdastjóri Sp, opnaði fundinn með því að vara við því að kalda stríðið væri snúið aftur af fullum mætti. Á fundinum tókust þau Nebensía og Nikkí Haley, sendiherra Bandaríkjana, einna helst á.

[thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)

Korteri  
**4**

## Hvað er í matinn?



Krónu Kjúklingabringur ferskar

**1799** kr. kg



Gestus rauzt pestó, 200 g

**299** kr. stk.



Mjólkja fetaostur í kryddolíu, 300 g

**498** kr. stk.



Þú finnur uppskriftina á [kronan.is/uppskriftir](http://kronan.is/uppskriftir)

**KRONAN**



Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



FRUMSÝNING Í DAG 12-16

Ford  
ECOSPORT



## HÁSETINN

Ford EcoSport býður upp á mikla veghæð sem kemur sér vel í snjó og við aðrar erfiðar aðstæður. Þú situr líka hærra og það er mun þægilegra að ganga um bílinn.

Ford EcoSport Titanium S er sérlega vel búinn m.a. leðuráklæði á sætum, 17" álfelgum, Xenon aðalljósum, 8" snertiskjá, tölvustýrðri loftkælingu, 7 hátölurum, bakkmyndavél, SYNC3 hljómtækjum með raddstýringu og neyðarhringingu, ESP stöðugleikakerfi með spólvörn, leðurklætt fjölstillanlegt stýri, Apple CarPlay og Android Auto.

FORD ECOSPORT KOSTAR FRÁ: 2.750.000 KR.

FORD ECOSPORT TITANIUM S  
SJÁLFSKIPTUR KOSTAR:

**3.490.000** KR.



**Ford er frábær!**

**Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford EcoSport**

**Fáðu þér dýrindis kaffisopa frá Kaffitári**

[ford.is](http://ford.is)



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:  
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17  
og laugardaga kl. 12-16



25. apríl í 7 nætur

Frá kr.  
68.945FYRIR  
2

TENERIFE

Tamaimo  
Tropical

Netverð á mann frá kr. 68.945 m.v. 2 í stúdíó.

Heimsferðir



## Vilt þú gera Skaupið?

RÚV leitar að réttum aðilum til að framleiða Áramótaskaupið 2018. Við köllum eftir tillögum þar sem settar eru fram vel útfærðar hugmyndir að nálgun, umgjörð, handriti og mönnum.

Áramótaskaupið er ómissandi liður í hátíðarhöldum landsmanna og RÚV hefur metnað til að bjóða upp á framúrskarandi gott Skaup við hæfi sem flestra.

Í stefnu RÚV kemur fram að samtal og samvinna við sjálfstæða framleiðendur og listamenn í landinu er aukið, nánar á [www.ruv.is/2021](http://www.ruv.is/2021)

Nánari upplýsingar um helstu forsendur RÚV er að finna á vefnum [www.ruv.is/skaup18](http://www.ruv.is/skaup18) Umsóknarfrestur er til og með 22. maí 2018.

## Auglýsing um kosningu til kirkjubings og framlagningu kjörskrár

Með vísan til 12. gr. starfsreglna um kjör til kirkjubings, nr. 1075/2017 tilkynnir kjörstjórn þjóðkirkjunnar að kosning til kirkjubings fer fram frá kl. 12:00 hinn 2. maí 2018 til kl. 12:00 hinn 7. maí s.á. Kosningin verður rafræn.

Á kirkjubingi eiga sæti 29 þjóðkirkjumenn kjörnir til fjögurra ára í senn. eru 12 þeirra úr hópi vígðra manna, þ.e. presta og djákna og 17 leikmenn.

Upplýsingar um frambjóðendur til kirkjubings er hægt að nálgast á vefsíðu kirkjunnar [kirkjan.is](http://kirkjan.is), eða á biskupsstofu.

Kjörstjórn hefur, á grundvelli 9. gr. fyrrgreindra starfsreglna, samið kjörskrá vegna kosninga til kirkjubings. Á kjörskrá eru þeir sem uppfylltu skilyrði kosningarréttar hinn 1. apríl 2018, sbr. 6. gr. starfsreglnanna.

Kjósandi getur kannað á þar til gerðu vefsetri hvort nafn hans sé á kjörskrá. Við aðgang að vefsetrinu er notuð almenn innskráningarpjónusta sem kjörstjórn ákveður, s.s. rafræn skilríki eða Íslykill Þjóðskrár Íslands. Kjörskrá liggur enn fremur frammi á pappír kjósendum til sýnis á biskupsstofu og skrifstofum prófesta, sbr. 4. og 5. mgr. 9. gr. starfsreglna um kjör til kirkjubings.

Athugasemdir vegna kjörskrár skulu berast kjörstjórn eigi síðar en þremur sólarhringum áður en kosning hefst. Athugasemdir skulu sendar á netfangið [kirkjan@kirkjan.is](mailto:kirkjan@kirkjan.is)

Reykjavík, 13. apríl 2018  
f.h. kjörstjórnar þjóðkirkjunnar  
Hjördís Stefánsdóttir, formaður.

# Segir mikilvægt að byggja ekki á dylgjum

Forstjóri Barnaverndarstofu segir óásættanlegt að einstakir starfsmenn stofunnar séu ranglega dregnir til ábyrgðar fyrir ákvarðanir stjórnvalda. Barnaverndarnefndir hafa verið upplýstar um að börn á meðferðarheimili hafi verið að sniffa.

**VELFERÐARMÁL** „Það er alltaf hægt að ræða það hvort gera megi betur í þjónustu við börn. Okkur finnst gríðarlega mikilvægt að umræðan sé byggð á staðreyndum en ekki dylgjum,“ segir Heiða Björg Pálmadóttir, starfandi forstjóri Barnaverndarstofu, um opið bréf Jóhannesar Kr. Kristjánssonar fjölmiðlamanns til Halldórs Haukssonar, sviðsstjóra meðferðar- og fóstursviðs Barnaverndarstofu. Bréfið birtist í Fréttablaðinu í fyrradag.

Heiða Björg segir það algjörlega óásættanlegt að ákveðnir einstaklingar séu ranglega dregnir til ábyrgðar fyrir ákvarðanir sem eru teknar af stjórnvöldum, eins og gert sé í þessari grein.

„Halldór er maður sem ég þekki og treysti og er gríðarlega faglegur og vandaður. Allar ákvarðanir um þróun meðferðarstarfs stofunnar eru teknar og eru á ábyrgð forstjóra Barnaverndarstofu en ekki ákveðinna starfsmanna,“ segir Heiða Björg. Allar ákvarðanir séu teknar út frá faglegri þekkingu og því fjármagni sem Barnaverndarstofa hefur milli handanna.

Í grein sinni vísar Jóhannes til þess að meðferðarheimilum barna víðsvegar um landið hafi verið lokað. „Á sama tíma hefur þú lagt alla þína krafta í MST-meðferðarkerfið,“ segir Jóhannes og bendir jafnframt á að MST-meðferðarkerfið sé í eigu bandarískis fyrirtækis sem Barnaverndarstofa greiði þóknunir fyrir að nota.

Heiða Björg segir að MST-kerfið hafi valdið byltingu í meðferðarstarfi á Íslandi og sé gagnreynt úrræði frá Bandaríkjunum. Barnaverndarstofa hafi tölur sem sýni fram á árangur þess í meðferðarstarfi hér á landi. „Gjaldið felur ekki síst í sér þjónustu. Það er ráðgjöf og eftirlit með framkvæmd meðferðarinnar frá erlendum sérfræðingum sem koma einnig reglulega til Íslands til þess að viðhalda og þjálfa nýja færni starfsfólks, sem rannsóknir hafa sýnt að virki. Þetta er allt gert til þess að tryggja gæði þeirrar þjónustu sem verið er að veita,“ segir Heiða.

Hún bendir líka á að með þessu úrræði sé hægt að þjónusta upp undir 100 unglinga á ári á heimilum þeirra alls staðar á landinu. Kostnaðurinn við það sé svipaður og kostnaðurinn við eitt meðferðarheimili þar sem eru sex rými, sem þýði að hægt sé að þjónusta á bilinu sex til tólf unglinga á ári.

„Þessi ákvörðun um innleiðslu á MST var tekin áður en núverandi sviðsstjóri meðferðar- og fóstursviðs hóf störf hérna og reyndar áður en það svið varð til. Ástæðan fyrir því

## Þú veist þetta allt



Jóhannes Kr. Kristjánsson  
bláðamaður



Ef við berum saman barnaspítalann og meðferðarkerfi barna þá ert þú yfirlektinn yfir meðferðarkerfinu.

Opið bréf til Halldórs Haukssonar, sviðsstjóra meðferðar- og fóstursviðs Barnaverndarstofu. Þú veist það, Halldór, að þegar börnin okkar veikjast lífshættulega þá er brunað með þau á barnaspítalann þar sem læknatymi tekur á móti þeim og hefur lífsbjargandi meðferð. Allt er gert til að bjarga barninu. Þú veist það líka, Halldór, að þegar barni neytsu lífshættulegra fíkniefna þarf lífsbjargandi meðferð þá eru úrræðin fá og jafnvel ekki til staðar.

Þú veist það, Halldór, að þínu starfi fylgir mjög mikil ábyrgð. Ef við berum saman barnaspítalann og meðferðarkerfi barna þá ert þú yfirlektinn yfir meðferðarkerfinu. Sem slíkur átt þú að finna allar mögulegar leiðir til að bjarga börnum í neyslu. Þú átt að hlusta á „læknana“ sem hafa skoðað og greint „sjúklingana“ og eru með rökstuddar tillögur um lífsbjargandi meðferð. Þú átt að sjá til þess að „sjúklingarnir“ fái viðeigandi meðferð og þú átt að sjá til þess að úrræðin til lækningar séu sem best og sem flest. Þitt eina markmið á að vera að finna leiðir til að bjarga börnum sem eru í neyslu lífshættulegra fíkniefna.

Síðustu ár hefur þú látið loka meðferðarheimilum barna víðsvegar um landið. Á sama tíma hefur þú lagt alla þína krafta í MST-meðferðarkerfið sem gengur út á að barnið fái meðferð í sínu umhverfinni á heimilinu. Þú veist það jafnvel og ég að MST-kerfið virkar ekki fyrir börn sem eru komin í lífshættulega neyslu fíkniefna. Þú veist að MST getur virkað ágætlega fyrir börn sem eru á fyrstu stigum hegðunarvanda og það gæti hentað ágætlega sem eftir meðferðarúræði fyrir börn sem eru að koma úr langtíma meðferð. Þú veist líka að MST-meðferðarkerfið er í eigu bandarískis fyrirtækis sem Barnaverndarstofa greiðir þóknunir fyrir að nota.

Þú veist að það er til myndband af börnunum á meðferðarheimilinu Lækjarkakka sem voru að sniffa úr gaskút í helgarleyfi í sumarbústað með starfsmönnum meðferðarheimilisins. Ég veit að Barnaverndarstofa fékk upplýsingar um neyslu barnanna en kaus að láta barnaverndarnefndir þeirra sem áttu í hlut ekki vita.

Þú veist hvað starfsmennirnir á meðferðargölfinu segja um ástandið í meðferðarmálum barna í dag! Þeir

segja frá allt öðrum veruleika en þú sagðir frá í Kastljósi RÚV í vikunni. Þeir segja að MST-meðferðarkerfið virki ekki fyrir börn með mjög erfðan hegðunarvanda eða börn í lífshættulegri neyslu fíkniefna. Þeir segja að það vanti sérhæfð meðferðarheimili. Þeir segja að ekki sé hlustað á þeirra tillögur um úrbætur í meðferðarkerfinu. Þeir segja að þú og aðrir starfsmenn Barnaverndarstofu þaggið niður í þeim þegar þeir vilji gagnrýna meðferðarkerfið sem þú stjórnar.

Veistu hvað þú ert búinn að gera, Halldór? Þú hefur byggt upp kerfi sem stjórnar er af örflaum einstaklingum sem sitja við skrifborði í turni Barnaverndarstofu og gefa ordrur um hitt og þetta án samráðs við mikilvæga starfsfólkið sem vinnur við að reyna að bjarga börnunum okkar. Það fólk er að gefast upp í starfi sínu – það eina sem heldur í það eru þessir þinultu sigrar þegar þú sér á eftir barni nokkuð vissu um að það muni pluma sig næstu mánuði og jafnvel til langframa.

Ég stóð starfsfólki í meðferðarkerfinu sem er að vinna með erfðustu börn landsins oft við bagborðar aðstæður. Ég oft sam-tökun Ólnbogabörn og Sigvalda og Óddu sem eru nú að berjast fyrir lífi sonar síns. Ég stóð einu sinni í þeirra sporum þegar ég var að reyna að bjarga stelpunni minni. Það tókst því miður ekki en þú hefur nú tækifæri til að gera allt sem í þínu valdi stendur til að byggja upp meðferðarkerfi sem hefur það eina markmið að bjarga börnunum okkar. Þú veist að það átt þú að gera, Halldór.

Fjölmiðlamaðurinn Jóhannes Kr. Kristjánsson lýsti óánægju sinni með starf Barnaverndarstofu í opnu bréfi í Fréttablaðinu.



Heiða Björg Pálmadóttir,  
starfandi forstjóri  
Barnaverndarstofu.

að við lokum meðferðarheimilum er að við höfum verið með þau hálfótum eða tóm mánuðum og árum saman,“ segir Heiða Björg og bætir við að í dag séu laus pláss á langtíma meðferðarheimilum Barnaverndarstofu.

Jóhannes segir líka í grein sinni að MST-kerfið virki ekki fyrir börn sem eru komin í lífshættulega neyslu fíkniefna. „Auðvitað er það þannig að það er ekkert eitt sem gagnast öllum. Þess vegna hefur það aldrei verið stefna Barnaverndarstofu að loka öllum meðferðarheimilum. Heldur hefur MST þvert á móti sýnt fram á þörfina á öflugri sérhæfðari meðferð með vistun. Við höfum verið að þróa meðferðarstarfið okkar áfram á þeim meðferðarheimilum sem eru til. Við höfum verið að taka inn meiri sérfræðivinnu og svo höfum við frá 2011 bent á þörfina á nýju meðferðarheimili á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Heiða Björg og bendir á mikilvægi þess að meðferðarvinna byggist á margvíslegum úrræðum.

Jóhannes bendir á að til sé myndband af börnum á einu meðferðarheimili Barnaverndarstofu sem sýni þau sniffa gas „í helgarleyfi í sumarbústað með starfsmönnum meðferðarheimilisins“. Hann spyr hvers vegna barnaverndarnefndir þessara barna hafi ekki verið upplýstar.

„Ég stend nú í þeirri meiningu að það hafi verið gert,“ segir Heiða Björg og tekur jafnframt fram að starfsmenn meðferðarheimilisins hafi alls ekki verið viðstaddir þegar börnin voru að sniffa.

„Það eru til hér skrifleg fyrir-mæli til meðferðarheimilisins um að láta barnaverndarnefndir viðkomandi barna vita,“ segir Heiða Björg. Barnaverndarstofa hafi enga ástæðu til að ætla að það hafi ekki verið gert. „En við erum að elta alla þræði uppi í því máli,“ segir Heiða Björg. Hún segir að málið hafi komið upp 2014 og svo hafi tilvist myndbandsins uppgötvast ári seinna. „Þá er farið í sérstaka skoðun á málinu og það liggur fyrir ítarleg greinargerð um það. Velferðarráðuneytið var upplýst um þá vinnu og að ákveðnir verkferlar hefðu verið uppfærðir í framhaldinu.“

Heiða ætlar að tjá sig ítarlegar um málið í opnu bréfi til Jóhannesar sem birtist í Fréttablaðinu í næstu viku. [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)

## Trump kallar James Comey slímklessu

**BANDARIKIN** Brot úr væntanlegri bók James Comey, sem Donald Trump Bandaríkjaforseti rak úr starfi alríkis-lögreglustjóra, birtust í fyrrinótt. Mátti þar finna harðorð ummæli um Trump. Var forsetanum meðal annars líkt við mafíosa og hann sagður síðlaus og aftengdur sannleikanum.

„Ég hélt ég myndi aldrei segja þetta en ég veit ekki hvort núverandi forseti Bandaríkjanna hafi verið með vændiskonum sem mígu hvor á aðra í Moskvu árið 2013. Það er mögulegt, en ég veit það ekki,“ segir í bók Comeys og er þar vitnað í hina svokölluðu Steele-skýrslu þar sem Rússar eru sagðir eiga mynd-



James Comey. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

band af umræddu athæfi.

Comey var rekinn þegar hann stýrði rannsókn á meintum tengslum Rússa við forsetaframboð Trumps. Bókin vekur greinilega ugg

Republíkana sem hafa ítrekað ráðist á hann undanfarið og minnt á að Demókrötum þótti lítið til Comey koma þek um rannsókn á svokölluðu tölvupóstamáli Hillary Clinton á ný skömmu fyrir kosningar.

„James Comey er LEKAMAÐUR og LYGAR. Næstum allir í Washington þjuggust við því að hann yrði rekinn fyrir hrikalega illa unnin störf. Hann lak LEYNILEGUM upplýsingum og það ætti að sækja hann til saka fyrir það. Hann laug að þinginu, EID-SVARINN. Hann er veikgeðja og lygin slímklessa,“ sagði meðal annars í viðbrögðum Trumps á Twitter. – þea



# Megi raforkan vera með þér.



## e-Golf á betra verði. Góð ástæða til að skipta um orkugjafa.

Volkswagen e-Golf dregur allt að 300 km\* og er fyrsti rafmagnsbíllinn með hreyfistýrðu upplýsinga- og afþreyingarkerfi. Þú þarft aldrei aftur að fara inn í kaldan bíl eða týna honum á bílastæðinu. Í gegnum Car-Net appið getur þú notað snjallsímann þinn sem fjarstýringu fyrir þinn e-Golf. Komdu í reynsluakstur og finndu kraftinn í þessum magnaða bíl sem gengur 100% fyrir rafmagni.

### e-Golf

Leiðsögukerfi, rafhituð framrúða og varmadæla.

Vistvænt tilboðsverð  
**3.950.000 kr.**

### e-Golf Comfort

Blindhornaviðvörðun og lyklalaust aðgengi.

Vistvænt tilboðsverð  
**4.150.000 kr.**

### e-Golf Premium

Leðursæti, Dynaudio, Wifi og bílastæðaaðstoð.

Vistvænt tilboðsverð  
**4.490.000 kr.**



Volkswagen

Við látum framtíðina rætast.

Stuttur afgreiðslutími!

[www.volkswagen.is](http://www.volkswagen.is)



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is)  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum





# BÍLAFJÖR BRIMBORGAR

LAUGARDAG FRÁ 12-16

Komdu í Bílafjör Brimborgar í dag.  
Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla,  
frábært verð og framúrskarandi þjónustu.  
– við eigum rétta bílinn fyrir þig!

GLÆSILEGIR  
NÝIR BÍLAR!

## ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA

### CITROËN C3 AIRCROSS

CITROËN ÞÆGINDI

Verð frá: 2.990.000 kr.



### MAZDA CX-5

FULLKOMINN Í FERÐALAGIÐ

ELSKAÐU AÐ KEYRA

Verð frá: 5.190.000 kr.



### VOLVO XC60

HEIMSBÍLL ÁRSINS 2018

JEPPI ÁRSINS Á ÍSLANDI 2018

VALINN ÖRUGGASTI BÍLL Í HEIMI

Verð frá: 6.790.000 kr.





## PEUGEOT 2008 ALLURE

SJÁLFSKIPTUR MEÐ BAKKMYNDAVÉL

Verð frá: 3.250.000 kr.



# FÍNIR Í FERÐALAGIÐ

## FORD KUGA TREND EDITION

RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR

Verð frá: 4.090.000 kr.

## PEUGEOT 3008

BÍLL ÁRSINS Á ÍSLANDI 2018

Verð frá: 3.790.000 kr.



**SKOÐAÐU ÚRVALIÐ FRÁ  
FORD, VOLVO, MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT HJÁ BRIMBORG**

**Ekki missa af fjörinu!  
– Komdu í Brimborg í dag**

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5

[brimborg.is](http://brimborg.is)

  
Öruggur staður til að vera á



# Ástand heimsins



1



2

1. Franskir sérsveitarmenn kljádust í gær við aktivista á svokölluðu ZAD-svæði, eða verndar-svæði, í Vestur-Frakklandi og reyndu að uppræta tíu ára gamlar búðir umhverfisverndaraktivista og anarkista. NORDICPHOTOS/AFP

2. Palestískir sjúkraflutningamenn flytja samlanda sinn sem særðist í mótum við landamæravegg Ísraela á Gasasvæðinu. Þúsundir íbúa svæðisins mótmæltu í gær og brutust út átök á

milli mótmælenda og ísraelskra hermanna. NORDICPHOTOS/AFP

3. Winnie Mandela, sem barðist gegn aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku, var borin að heimili sínu í Jóhannesborg í gær en hún lést í byrjun mánaðar. Útför hennar fer fram í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

4. Miklar tafir urðu á ferðum neðanjarðarlesta í Lundúnum í gær vegna verkfalls stéttarfélags

lestarstjóra. Til verkfallsins var boðað vegna deilna um meðferð lestarstjóra sem var sakaður um að hafa ekið áfram á þremur rauðum ljósum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

5. Indverska lögreglan skaut reyksprengjum á mótmælendur í Kasmír-héraði sem mótmæltu viðbrögðum yfirvalda við hópnaðgun og morði átta ára gamallar stelpu sem og við nauðgunum í landinu almennt. NORDICPHOTOS/AFP



3



4



5



# HELGARTILBOÐ!

VEFVERSLUN  
[WWW.RFL.IS](http://WWW.RFL.IS)  
OPIÐ ALLAN  
SÓLARHRINGINN

ALLIR SÓFAR  
OG SVEFNSÓFAR

20-30%

AFSLÁTTUR



ALLAR  
MYRKVUNARGARDÍNUR

20-40%

AFSLÁTTUR



ÖLL  
TRAMPÓLÍN

20-25%

AFSLÁTTUR

ÖRYGGISNET FYLGIR  
MEÐ ÖLLUM TRAMPÓLÍNUM



ÖRYGGISNET FYLGIR  
MEÐ ÖLLUM TRAMPÓLÍNUM

ALLIR  
HÆGINDASTÓLAR

20-30%

AFSLÁTTUR

GILDIR TIL 17. APRÍL



NUDDSTÓLL



RAFKNÚINN LYFTISTÓLL



ALLIR  
PLASTKASSAR

20-40%

AFSLÁTTUR

 **RÚMFATA  
LAGERINN**  
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

GILDIR 14. OG 15. APRÍL



# Heilbrigð soun?



Kristin Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

Áætluð útgjöld ríkissjóðs til heilbrigðismála á þessu ári eru 209 milljarðar króna, um 26% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Fjórða hver króna af útgjöldum ríkissjóðs fer því í þennan mikilvæga málaflökk og það skiptir okkur öll máli hvernig þessum fjármunum er varið.

Í öllum samanburði er íslenskt heilbrigðiskerfi gott, þó svo að margt megi bæta. Þing og þjóð virðast sammála um mikilvægi heilbrigðismála og öflugir talsmenn halda því fram að verja þurfi mun meiri fjármunum í heilbrigðiskerfið. Rökstuðningurinn er til dæmis biðlistar eftir hinum ýmsu aðgerðum og margþættri þjónustu.

Hlutverk og markmið ríkissjóðs þegar kemur að útgjöldum er að fá bestu mögulegu þjónustu á hagkvæmasta verðinu. Þetta á við um öll innkaup ríkisins, hvaða nafni sem þau nefnast. Þeir sem ráðstafa almannafé þurfa að vanda sig og fara vel með.

Þegar svo miklir fjármunir eru í húfi sem hér um ræðir kemur gjarnan upp ágreiningur um stefnur og leiðir. Sumir telja að heilbrigðiskerfið eigi að vera rekið að öllu leyti af hinu opinbera; meðan aðrir telja einkarekstur vera af hinu góða. Fyrir þjóðina skiptir hins vegar mestu máli að fá bestu mögulegu þjónustuna á hagkvæmasta verðinu. Við viljum ekki sóa peningum þegar kemur að útgjöldum. Það á líka við um útgjöld til heilbrigðismála.

Þjóðin eldist og nú færast í aukana að fólk fari í liðskiptaaðgerðir. Skipt er um liði, hnjálíði eða mjadmarliði til þess að auka lífsgæði fólks. Aðgerðirnar eru meðal annars framkvæmdar á Landspítalanum. Ekki eru framkvæmdar nógu margar aðgerðir til að anna öllum sjúklingum og því er til kunnuglegur biðlisti. Þeir sem eru tilbúnir að greiða úr eigin vasa fyrir aðgerð, geta látið framkvæma liðskiptaaðgerð á hné fyrir um 1,2 milljónir króna hjá einkarekinni heilbrigðisþjónustu. Þeir sem ekki eiga kost á að greiða fyrir aðgerð þurfa að bíða, en þó er sá möguleiki að ef biðin er of löng og sjúklingur líður kvalir er hægt að fá aðgerðina gerða í Svíþjóð. Í þeim tilvikum greiðir ríkissjóður fyrir sjúklinginn, auk kostnaðar við ferðir. Ætla má að kostnaður fyrir ríkissjóð við flýtimeðferð í Svíþjóð sé um tvöfaldur á við aðgerð hér heima.

Það sérstaka við fyrirkomulagið í þessu tilviki er að ríkissjóður er tilbúinn að greiða tvöfalt verð fyrir liðskiptaaðgerð á hné, sem framkvæmd er á einkarekinni stofu í Svíþjóð, heldur en hann er tilbúinn að greiða ef hann léti framkvæma fleiri aðgerðir á Landspítalanum, eða léti einkaaðila á Íslandi framkvæma aðgerðina.

Hér má halda því fram að með því að færa eina aðgerð frá Svíþjóð til Íslands getum við framkvæmt tvær aðgerðir hér, tveir fyrir einn. Á meðan þeir sem stýra heilbrigðismálum fara svona með þá fjármuni sem varið er í málaflökkinn er ekki hægt að halda því fram að það skorti fé. Hér er einfaldlega illa farið með fé.

Hvort sem þingmenn eða stjórnendur heilbrigðismála á Íslandi aðhyllast einkarekstur eða opinberan rekstur, þá hljóta þeir að sammælast um að nýta þá fjármuni sem fara í málaflökkinn á skynsamlegan hátt. Spyrja má hvort viðar sé farið með fjármuni á þennan hátt?



Á meðan þeir sem stýra heilbrigðismálum fara svona með þá fjármuni sem varið er í málaflökkinn er ekki hægt að halda því fram að það skorti fé. Hér er einfaldlega illa farið með fé.

Gunnar



## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

### Dómkirkja – Tómkirkja



Taugavisindi sýna að við erum ekki með sál.“ Svo skrifar heilaskurðlæknirinn Henry Marsh í bók sinni Do No Harm. „Sjálfið, tilfinningar okkar og hugsanir, ást okkar á öðrum, vonir og væntingar, hatur og ótti deyr þegar heilinn í okkur deyr.“

Í vikunni átti ég miða á fyrirlestur Breska húmanistafélagsins með fyrrnefndum Marsh. Ég var mætt snemma og í stað þess að halda beint inn í samkomusalinn og tryggja mér gott sæti ákvað ég að fara í göngutúr. Lá nokkuð á? Hversu margir hygðust eyða vorkvöldi í vangaveltur um endanleika dauðans? Svárið reyndist vera: Fleiri en maður hefði haldið.

Fullt var út úr dyrum. Þar sem ég kúlraðist á aftasta bekk varð mér hugsað til páskamessu biskups Íslands sem fram fór í Dómkirkjunni rúmri viku fyrr. Ég hafði séð brot úr messunni í sjónvarpsfréttum Ríkisútvarpsins. Svo vandræðalega tóm var kirkjan að ekki einu sinni forhertasta trúleysingja var stætt á öðru en að sjá aumur á biskupi.

Dómkirkja – Tómkirkja. Trúuðum fer fækkandi. Mannkynið hefur þó hvergi nærri snúið baki við stóru líffspurningunum eins og fjöldinn á fyrirlestri heilaskurðlæknisins ber vitni um. Raunvísindafólk leitar í auknum mæli svara við þeim í hinum efnislega veruleika.

#### Hver erum við?

Um síðustu helgi hélt Sævar Helgi Bragason stjórnfræðikennari tölu við borgaralega ferminu í Reykjanesbæ. Fjallaði hann um það hvernig „öll frumefnin í líkómum okkar – járníð í blóðinu, kolefnið í vöðvunum og kalkið í beinunum – urðu til þegar stærstu stjörnurarnar í alheiminum sprungu og dreifðu innnyflum sínum um geiminn, svo að nýjar stjörnur, eins og sólin okkar og jörðin og lífið, gátu fæðst úr óskustónni.“ Eða eins og stjörnufræðingurinn Carl Sagan orðaði það: „Við erum öll gerð úr stjörnuryki.“

#### En ef það er ekkert líf eftir dauðann?

„Dauðinn er dökka undirlagið sem spegill þarf að hafa til að maður sjái eitthvað í honum.“ Svo lýsti rithöfundurinn Saul Bellow tilgangi dauðans.

Trúleysingjar eru gjarnan spurðir að því hvernig þeir setji annan fótinn fram fyrir hinn telji þeir að vegferðin leiði aðeins að ókleifum grjóttvegg. Eðlisfræðingurinn Alan Lightman telur dauðann þvert á móti gera lífið aðkallandi. Í bók sinni Einstein's Dream segir hann að án dauðans „liggur ekki á að skrá sig í háskólanám, læra nýtt tungumál, lesa Voltaire eða Newton, sækjast eftir stöðuhækkun, finna ástina og eignast börn. Ef við höfum óendanlega mikinn tíma getum við gert allt – en allt má líka bíða.“

#### En ef lífið er ekki kraftaverk?

Vísindin sýna að lífið er sannarlega kraftaverk. Ekki þó í þeim skilningi að það sé yfirnáttúrulegt.

„Við munum öll deyja og það er mesta lán okkar,“ segir líffræðingurinn Richard Dawkins í bók sinni Unweaving the Rainbow. „Flest fólk mun aldrei deyja því það mun aldrei fæðast. Fjöldi þeirra einstaklinga sem hefðu getað verið hér í stað mín en mun aldrei verða til er meiri en fjöldi sandkorna á Arabíuskaga ... Mögulegar samsetningar á DNA-efni okkar eru miklu fleiri en fólkíð sem mun nokkurn tímann fæðast.“

Efnisheimurinn er töfraveröld bjartari en himnaríki. Hann sýnir okkur að við erum lánsóm og einstök, býður von og boðar kærleik. Á flestum sviðum mannlífsins förum við þó enn á mis við boðskap hans.

Í vikunni var trúleysingi í fyrsta sinn skipaður í stöðu „aðal-sjúkrahússprests“ á spítala í Bretlandi. Húmanisti var ráðinn í stað prests vegna síaukinnar eftirspurnar eftir sálgaeslu fyrir sjúklinga og aðstandendur sem standa utan við trúfélög.

Aðeins helmingur Íslendinga kveðst trúaður; biskup predikar yfir tómu húsi. En á Landspítalanum starfa níu prestar og djáknar við sálgaeslu. Hver sinnir hinum helmingi þjóðarinnar?



**Hafðu samband strax og kynntu þér málið!**

## EKUR ÞÚ UM Á ÓMERKTUM BÍL?

*Vel merktur bíll, er ódýrasta auglýsingin!*

PRENTUN
HÖNNUN
MERKINGAR
xprent.is

Xprent ehf - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - Sími 777-2700 - email:xprent@xprent.is






# 4G þjónusta í sérflokk



4G dreifing Vodafone  
1. mars 2018

## 170.000 km<sup>2</sup> 4G kerfi

Vodafone hefur algjöra sérstöðu í farsímaþjónustu sem teygir sig um landið og miðin á u.þ.b. 170.000 ferkílómetra svæði. Við vinnum stöðugt að því að auka gæði og dreifingu kerfisins til framtíðar. Nú síðast með uppfærslu háhraða í 4G+ sem nær allt að 250 Mb/s.



## 4G í yfir 50 löndum

Með 4G í símanum þínum opnar Vodafone þér stöðugt og hnökralaust samband hvert sem leið þín liggur bæði innanlands og erlendis í samstarfi við Vodafone Group. Vodafone fylgir þér til yfir 50 landa nú þegar og fleiri lönd bætast stöðugt við.



## Sjónvarp gegnum 4G

Ný uppfærsla á Vodafone Sjónvarpi færir þér dagskrána þína um 4G beint í símann. Njóttu þess besta sem framtíðin hefur að bjóða með stöðugri tengingu og sjónvarpsefni á ferðinni. Náðu í Vodafone PLAY appið fyrir símann þinn strax í dag.

Framtíðin er spennandi.

## Ertu til?





# Sex ára ferli ber loksins ávöxt

Sex ár eru síðan 76ers ákváðu að skipta út öllum bestu leikmönnum sínum fyrir valrétti. Eftir langa bið er sú ákvörðun loksins farin að bera ávöxt en ungur kjarni leikmanna er tilbúinn fyrir stóra sviðið í úrslitakeppni NBA sem hefst Vestanhafs í dag.

**KÖRFUBOLTI** Treystið ferlinu (e. Trust the process) er setning sem hefur einkennt körfuboltaáæðendur Philadelphia 76ers liðsins undanfarin ár, allt frá árinu 2013 þegar félagið ákvað að ráða Sam Hinkie sem yfirmann körfuboltamála hjá félaginu og Brett Brown sem þjálfara liðsins. Ferlið er nú loksins búið að skila af sér en 76ers unnu síðustu sextán leiki sína á tímabilinu og fara sjöðheitt inn í úrslitakeppnina með ungan og spennandi kjarna leikmanna sem eru tilbúnir að láta til sín taka í NBA-deildinni næstu árin.

Eftir að hafa misst af úrslitakeppninni vorið 2013 ákváðu nýju mennirnir í brúnni að skipta bestu leikmönnum liðsins út fyrir valrétti og unga og efnilega leikmenn. Voru þrjátíu ár liðin frá síðasta meistaratitli liðsins og var tekin ákvörðun um að stokka spilin með því að skipta út bestu leikmönnum liðsins fyrir valrétti.

Með því að tapa leikjum kæmi betri valréttur í nýliðavalinu og þannig átti að finna stjórnun framfarið. Vann liðið aðeins 47 leiki af 246 á næstu þremur árum og bætti met yfir lengstu taphrinu í sögu deildarinnar þegar liðið tapaði 26 leikjum í röð.

## Sá lausnina

Nýliðaval NBA-deildarinnar, haldið á hverju ári, gefur slökustu liðum deildarinnar tækifæri á að velja efnilegustu leikmennina sem vilja komast í NBA-deildina. Var hugmynd Hinkie að 76ers-liðið þyrfti stórstjórnun til þess að gera atlögu að meistaratitli.

Með því að setja saman lið úr leikmönnum héðan og þaðan úr deildinni væri hægt að mynda lið sem kæmist í úrslitakeppnina en vantaði stórstjórnuna til að koma liðinu yfir þröskuldinn.

Að vera góður þótti ekki nóg, Michael Carter-Williams var valinn nýliði ársins hjá 76ers á fyrsta ári Hinkie og Browns en skipt um leið og tækifæri gafst til í von um að finna stórstjórnun.

Í fyrsta nýliðavali Hinkie tók 76ers áhættu, félagið valdi Kamerúnann Joel Embiid á fyrsta valrétti þótt hann hefði nýlega farið í stóra aðgerð sem myndi taka hálf ár að jafna sig af. Það virtist fyrst um sinn



Eftir langa bið eru aðdáendur 76ers loksins að uppskera stjörnur á borð við Embiid og Simmons. NORDICPHOTOS/GETTY

**Þrátt fyrir öll töpin fann ég betur og betur hvað manni þykir vænt um þetta félag.**

Friðrik I. Rúnarsson



hafa verið skot sem missti marks þar sem Embiid var fjarverandi í tvö ár.

Á hans vann 76ers ekki markað leiki og fengu þeir aftur góðan valrétt sem nýttur var í Jahlil Okafor en hann stóð aldrei undir væntingum. Var honum síðar skipt til Brooklyn Nets. Á þessum tímamarki var Hinkie kominn undir pressu enda var árangur liðsins seinna árið án Embiids sá næstversti í sögu deildarinnar. Sagði hann upp störfum vorið 2016.

Fékk 76ers aftur fyrsta valrétt og valdi ástralska bakvörðinn Ben Simmons hann gat ekki tekið þátt fyrsta árið vegna meiðsla. Þegar hér var komið sögu var Embiid loksins kominn inn á völlinn en entist aðeins 31 leik. Allt annað var að sjá til liðsins með Embiid inni á vellinum og unnust 28 leikir, jafn margir og á tímabilunum tveimur þar áður og margt til að byggja á. Þrátt fyrir það tókst Philadelphia að skipta á valréttum við Boston og fá enn eitt skiptið að velja fyrst í nýliðavalinu sem skilaði þeim hinum 19 ára gamla Markelle Fultz.

## Sprungu loksins út

Allt annar bragur hefur verið á

spilamennsku liðsins á þessu tímabili enda hefur það notið góðs af því að hafa tvær efnilegustu stórstjórnur deildarinnar, Simmons og Embiid, í sínum herbúðum. Hefur ekki komið að sök að Fultz náði aðeins fjórtán leikjum, liðið gat leyft sér að koma honum hægt og bitandi af stað á ný fyrir úrslitakeppnina eftir að hann hafði glimt við erfið meiðsli.

Philadelphia 76ers tryggði sér þriðja sæti Austurdeildarinnar með 52 sigrum, besta árangri liðsins í átján ár. Embiid hefur verið stórkostlegur og spilamennska Simmons hefur gert það að verkum að honum hefur verið líkt við Magic Johnson á fyrsta ári sínu í deildinni. Unnust sextán leikir í röð í aðdraganda úrslitakeppninnar þó að Embiid hafi meiðst og mæta 76ers fullir sjálfstrausts inn í úrslitakeppnina.

## Hef upplifað tímana tvenna

Friðrik Ingi Rúnarsson hefur þjálfað um árabli á Íslandi og er einn helsti stuðningsmaður Philadelphia 76ers á Íslandi. Man hann tímana tvenna en hann var nýfarinn að halda með liðinu þegar síðasti meistaratitillinn vannst árið 1983.

„Ég hef fylgst með þeim frá árinu 1978 og man vissulega tímana tvenna, þetta hófst þegar ég var tíu ára gamall og félagið mun fylgja mér það sem eftir er. Þeir voru góðir á þessum árum og við vinnum titilinn 1983, ég held að ég eigi eitthvað af þessum leikjum til á Betamax-spólum. Ég er fullviss um að ég hafi séð fleiri 76ers leiki en þjálfarateymið þeirra í dag,“ sagði Friðrik léttur.

Friðrik var ekkert á því að skipta um lið eða að hætta að horfa á leiki

þótt árangurinn væri ekki merki- legur innan vallar.

„Það er í raun alveg lygilegt, ég held að ég hafi horft á flesta leiki veturinn sem þeir unnu tíu leiki. Það eru margir sem sögðu mér að skipta um lið en eftir því sem verr gekk þá fann ég betur hversu heitur stuðningsmaður liðsins ég var. Mér þótti alltaf vænna og vænna um liðið.“

Brottför Hinkies kom Friðriki ekki á óvart þó að liðið njóti góðs af þolinmæðisvinnu hans í dag.

„Þar var pressa á öllu félaginu að gera eitthvað, fjölmiðlarnir og eigendur annarra liða kölluðu eftir því að eitthvað yrði gert. Bryan Colangelo kom inn til aðstoðar Hinkie en það var ljóst í hvað stefndi. Þrátt fyrir það er Hinkie og verður elskaður og dádur í Philadelphia-borg áfram.“

## Eru að fóta sig

Philadelphia 76ers mætir Miami Heat í fyrstu umferð úrslitakeppni NBA-deildarinnar í dag og verður fróðlegt að sjá hvernig ungur kjarni 76ers teikst á við stóra sviðið. Aðeins þrjú leikmenn liðsins eru yfir þrítugu.

„Þegar þú ert með svona ungt lið getur það verið óútreiknanlega, þeir geta átt leiki þar sem ekkert lið virðist geta stöðvað þá og svo detta þeir ansi langt niður sem er eðlilegt miðað við aldur og reynslu liðsins. Þeir eru að fóta sig í deildinni og það kæmi mér ekkert á óvart að þeir lendi á vegg einhvers staðar. Ég er mátulega bjartsýnn á úrslitakeppnina en hlakka óskaplega til. Það verður Dr. Pepper og allur pakkinn, við fjölskyldan missum ekki af leik.“ kristinnpall@frettabladid.is

## Nýjast

**Domino's-deild karla, undanúrslit**

**Tindastóll - ÍR 90-87**

**Tindastóll:** Antonio Hester 26, Sigtryggur Arnar Björnsson 16, Pétur Rúnar Birgisson 15, Axel Káráson 7, Björgvin Hafþór Rikharðsson 6, Helgi Rafn Viggósson 5, Chris Davenport 4, Friðrik Þór Stefánsson 4, Viðar Ágústsson 4, Hannes Ingi Másson 3.

**ÍR:** Ryan Taylor 25, Sigurkarl Róbert Jóhannesson 16, Matthias Orri Sigurðarson 15, Danero Thomas 15, Sveinbjörn Claessen 9, Hákon Örn Hjálmarsson 5, Kristinn Marinósson 2.

Tindastóll vann 3-1 og leikur til úrslita

**Domino's-deild kvenna, undanúrslit**

**Valur - Keflavík 99-82**

**Valur:** Aalyah Whiteside 26, Elin Sóley Hrafnkelsdóttir 18, Guðbjörg Sverrisdóttir 14, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 14, Dagbjört Samúelsdóttir 11, Ragnheiður Benónisdóttir 6, Hallveig Jónsdóttir 5, Bergþóra Holton Tómasdóttir 5.

**Keflavík:** Brittanny Dinkins 35, Thelma Dis Ágústsdóttir 16, Birna Valgerður Benónýsdóttir 11, Embla Kristínardóttir 7, Elsa Albertsdóttir 5, Erna Hákonardóttir 3, Anna Ingunn Svansdóttir 3, Irena Sól Jónsdóttir 2.

Valur mætir Haukum í úrslitum.

**Olís-deild karla, 8-liða úrslit**

**ÍBV - ÍR 22-18**

**ÍBV:** Kári Kristján Kristjánsson 6, Elliði Snær Viðarsson 4, Sigurbjörg Sveinsson 4, Theodór Sigurbjörnsson 3, Andri Heimir Friðriksson 2, Róbert Aron Hostert 1, Grétar Þór Eypörsson 1, Daniel Griffin 1.

**ÍR:** Bergvin Þór Gíslason 5, Sturla Ásgeirsson 4, Sveinn Andri Sveinsson 4, Kristján Orri Jóhannsson 2, Halldór Logi Árnason 1, Þrándur Gíslason Roth 1, Elias Bóasson 1.

Staðan er 1-0 fyrir ÍBV í einvigi liðanna.

**FH - Afturelding 34-32**

**FH:** Gísli Þorgeir Kristjánsson 8, Einar Rafn Eirsson 7, Óðinn Þór Rikharðsson 5, Ásbjörn Friðriksson 5, Arnar Freyr Ársæsson 4, Jóhann Karl Reynisson 4, Jón Bjarni Ólafsson 1.

**Afturelding:** Ivar Ásgeirsson 6, Gestur Ólafur Ingvarsson 6, Birkir Benediktsson 5, Ernir Hrafn Arnarson 4, Einar Ingi Hrafnsson 3, Böðvar Páll Ásgeirsson 3, Mikk Pinnonen 2, Pétur Júníusson 1, Kristinn Hrnannar Bjarkason 1, Árni Bragi Eyjólfsson 1.

Staðan í einvigi liðanna er 1-0 fyrir FH.

## Breiðablik upp í efstu deild

**KÖRFUBOLTI** Breiðablik tryggði sér sæti í efstu deild karla í körfubolta eftir öruggan 110-84 sigur liðsins á Hamri í fjórða leik liðanna í umspili um sæti í efstu deild í Smáranum í gærkvöldi. Breiðablik hafði betur, 3-1, í einvigi liðanna og leikur þar af leiðandi í efstu deild á næstu leiktíð. – hó

## Liverpool fer til Rómaborgar

**FÓTBOLTI** Liverpool mætir Roma í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Dreigið var í höfuðstöðvum UEFA í Nyon í Sviss í gær. Liverpool á fyrri leikinn á heimavelli, Anfield. Í hinni undanúrslitaviðureigninni mætast Bayern München og Evrópu-meistarar síðustu tveggja ára, Real Madrid. Einnig var dreigið í undanúrslit Evrópu-deildarinnar í gær. Arsenal datt ekki í lukkupottinn því liðið dróst gegn Atlético Madrid. Red Bull Salzburg og Marseille mætast í hinni undanúrslitaviðureigninni. – íps

## Sex ára þrautaganga stuðningsmanna Philadelphia

2013

**Vorið 2013 Sigurhlutfall: 34-48** Velja Michael Carter-Williams á 9. valrétti. Valinn nýliði ársins í deildinni en strax skipt fyrir annan valrétt.

2014

**Vorið 2014 Sigurhlutfall: 19-63** Velja Joel Embiid á 3. valrétti. Meiddur stærstan hluta næstu þriggja ára. Valinn í stjórnu- liðið 2018 og leiðir liðið í stigum, fráköstum og vörðum skotum.

2015

**Vorið 2015 Sigurhlutfall: 18-64** Velja Jahlil Okafor á 3. valrétti en árangurinn lítill. Skipta honum út tveimur árum síðar og hann hefur ekki náð þeim hæðum sem vonast var eftir.

2016

**Vorið 2016 Sigurhlutfall: 10-72** Hinkie sagt upp. Velja Ben Simmons á 1. valrétti. Meiddur fyrsta árið en í dag einn af bestu mönnum deildarinnar og í lykilhlutverki.

2017



**Vorið 2017 Sigurhlutfall: 28-54** Velja Markelle Fultz á 1. valrétti.

2018

**Vorið 2018 Sigurhlutfall: 52-30** Ná 3. sæti Austurdeildarinnar og vinna síðustu sextán leikina fyrir úrslitakeppni. Félagið komið aftur í úrslitakeppnina eftir sjö ára fjarveru.





NÝR RANGE ROVER VELAR 2018

# SIGURVEGARI WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR



ABOVE & BEYOND

landrover.is



**WINNER**  
**WORLD CAR AWARDS**  
2018 WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

Verð frá 9.990.000 kr. Velar á mynd er FIRST EDITION útgáfa: Touch Pro Duo afþreyingarkerfi með tveimur 10" snertiskjám, 8 þrepa sjálfskipting, fjórhjóladrif með virkri togstjórnun, eldsneytisnotkun frá 5,4 l/100 km\*, CO<sub>2</sub> frá 142 g/km.

**LAND ROVER**  
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK  
SÍMI: 525 6500

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR





### NORWICH

Nettur tungusófi. Ljósgrátt með svörtum fótum eða dökkgrátt áklæði og viðarlitum fótum. Stærð: 233 x 148 x 81 cm.

**112.895 kr.** ~~139.990 kr.~~



### CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm

**92.734 kr.**

~~114.990 kr.~~



### HOLIDAY

Tungusófi. Limaq grátt eða svart slitsterkt áklæði Stærð: 279 x 238 x 89 cm

**193.540 kr.** ~~239.990 kr.~~



### EASY

Tveggja og þriggja sæta sófar. Dökk- eða ljósgrátt áklæði.

2ja sæta: 170 x 95 x 85 cm

**80.637 kr.** ~~99.990 kr.~~

3ja sæta: 205 x 95 x 85 cm

**88.702 kr.** ~~109.990 kr.~~



### ASTERIX

2,5 og þriggja sæta sófi. Ljós- og dökkgrátt áklæði. 2,5 sæta: 200 x 95 x 87 cm

**209.669 kr.** ~~259.990 kr.~~



### EASY

Tungusófi. Tunga getur verið bæði vinstra og hægra megin. Dökk- eða ljósgrátt áklæði. Stærð: 232 x 145 x 85 cm

**137.089 kr.**

~~169.990 kr.~~



### RIA

Nettir og einstaklega þægilegir tveggja og þriggja sæta sófar. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.

3ja sæta: 192 x 83 x 79 cm

**64.508 kr.** ~~79.990 kr.~~

2ja sæta: 152 x 83 x 79 cm

**56.444 kr.** ~~69.990 kr.~~



### TANGO

2ja sæta sófi. Slitsterkt orange, brúnt eða dökkgrátt áklæði. St.: 150 x 90 x 96 cm.

**80.637 kr.**

~~99.990 kr.~~

### ANTONELLO

Vandaður, ítalskur leðurhornsófi með tungu.

Koníaksbrúnt eða svart leður. Hægri eða vinstri tunga. Stærð:

274 x 258 x 84 cm Svart leður

**443.540 kr.** ~~549.990 kr.~~

Koníaksbrúnt leður

**467.734 kr.** ~~579.990 kr.~~



### VINCENZO

Vandaður, ítalskur leðurhornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Svart leður. Stærð: 308 x 220 x 87 cm

**403.218 kr.**

~~499.990 kr.~~

Reykjavík  
Bildshöfði 20

10 – 18 virka daga  
11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri  
Dalsbraut 1

10 – 18 virka daga  
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 29. apríl eða á meðan birgðir endast.



# SÓFA TAXFREE

Allir sófar á  
taxfree tilboði\*



## KIRUNA

Horn tungusófi.  
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.  
Stærð: 236 x 200 x 78 cm

145.153 kr.

~~179.990 kr.~~

## KIRUNA

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga.  
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.  
Stærð: 301 x 200 x 78 cm



IDdesign

177.411 kr.

~~219.990 kr.~~



## DIXIE

Frábær, mjög rúmgóður u-sófi.  
Mole-brúnt slitsterkt áklæði.  
Þessi rúmar stórar fjölskyldur.  
Stærð: 395 x 230 x 85 x 87 cm

443.540 kr. ~~549.990 kr.~~

\* Taxfree tilboðið gildir af öllum sófum og jafngildir 19,35% afslætti.

Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði.

Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

HÚSGAGNA  
HÖLLIN





Valkyrjur reyna hér æfingu fyrir fullu húsi í Hertz-hellinum í Breiðholti í hálfleik hjá ÍR og Tindastól á dögnum. Æfingarnar reyna mikið á styrk enda verið að kasta fólki í loft upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Finnum fyrir miklum fordómum

Valkyrjur er fyrsta íslenska klappstýrusveitin en þær fagna aukinni umfjöllun og vonast til þess að yngri iðkendur hafi áhuga á að æfa dansana með þeim.

Valkyrjur eru nýr íslenskur klappstýruhópur sem skemmtir á leikjum Einherja, íslensks ruðningsliðs, en þær komu einnig fram á leik ÍR og Tindastóls í úrslita-keppni Domino's-deildar karla á dögnum. Er þetta fyrsta klappstýruteymi Íslands en þetta hófst allt saman í kollinum á Ósk Tryggvadóttur sem er ein af klappstýrunum. Fyrstu mánuðurnir fóru í að skoða atriði á YouTube og að æfa þau.

## Engin skilyrði

Hún segir engin skilyrði sett til þess að mæta á fyrstu æfingu en að þetta sé líkamlega erfitt og geti þær því ekki tekið hvern sem er inn.

„Ég var búin að vera í fimleikum þegar ég var yngri og var að leita mér að íþrótt eftir að ég hætti. Ég hafði alveg hugsad út í þá hugmynd svona á léttu nótnum að stofna klappstýrulið og strákur sem ég var að hitta á sínum tíma sem er í Einherjum stakk upp á því að ég myndi smala saman stelpum og halda sýningu í hálfleik.

Ég fór og fann tíu stelpur strax og við skoðuðum myndbönd á YouTube en það eru ekki allt sömu stelpur og eru í dag,“ sagði Ósk sem sagði klappstýruteymið vera með mismunandi bakgrunn.

„Það eru margar með mismunandi bakgrunn, sumar koma úr dansi og fimleikum en aðrar eru ekki jafn reyndar. Það eru í raun engin skilyrði sem við setjum, þú þarft að hafa styrk og kunna að dansa en annars erum við með opnar æfingar út vorið þar sem hver sem er velkomin að prófa. Ef aðili hefur metnað og áhuga á þessu er það svo skoðað.“

Það þarf að vera í góðu formi til að vera klappstýra en Ósk segir að þær séu með æfingar fimm sinnum í viku.

„Það þarf mikinn styrk því við erum að flegja fólki upp í loftið, við æfum fimm sinnum í viku og það er þrekþjálfun á hverri æfingu. Við æfum tvisvar á dag á þriðjudögum og fimmtudögum og einu sinni á miðvikudögum.“

## Finnum fyrir fordómum

Hún segir að þær finni fyrir miklum fordómum á stundum en þær nái að útiloka það.

„Við finnum fyrir mjög miklum fordómum en við hlustum ekkert á það. Helst eru það afbrýðisamar stelpur og eldra fólk sem segir að þetta sé of kynferðislegt. Fólk segir að við séum í stuttum pílsum og flegnum bolum að



Þær æfa fimm sinnum í viku þar sem ein æfing fer í að æfa ný brögð.



**VIÐ FINNUM FYRIR MIKLUM FORDÓMUM, SÉRSTAKLEGA FRÁ ELÐRA FÓLKI OG ÖÐRUM STELPUM.**

dilla okkur en það er rugl,“ segir Ósk og bætir við: „Þetta er alvöru íþrótt, alveg eins og allt annað.“

Þrátt fyrir gagnrýnina hafa þær háleit markmið fyrir framtíðina.

„Við finnum fyrir auknum áhuga og erum að verða þekktari, draumur minn er að allt Ísland viti af þessu og að yngri stelpur viti af þessum möguleika og geti æft. Í dag erum við helst með sýningu á Einherjaleikjum en við erum alltaf tilbúnar að taka að okkur verkefni því að umfjöllunin styrkir okkur.“ – kpt

## Um helgina, af hverju ekki að...

### DANS OG GIGG UM HELGINA

„Ég ætla að sjá nokkrar sýningar á Vorblóti, danshátíð Tjarnarbíós, og spila svo sjálf á hátíðinni með hljómsveitinni minni The Post Performance Blues Band í kvöld,“ segir Álfrún Örnólfsdóttir listamaður. „Á laugardagsmorgun [í dag] er hljóðprufa og undirbúningur, ég fer svo með dætur mínar á danssýninguna Vera og vatnið, svo fer ég á Crescendo klukkan 19 og tónleikarnir minir eru kl. 22. Á morgun, sunnudag, mun ég taka því rólega fyrir partinn og svo fer ég aftur í leikhúsgírninn seinnipartinn og skoða fleiri sýningar hátíðarinnar,“ segir hún.




### LESA

Um harðstjórn, úttekt á stöðu heimsmála eftir Timothy Snyder prófessor í sagnfræði við Yale-háskóla. Snyder hefur sérhæft sig í sögu Mið- og Austur-Evrópu og Helfararinnar.

### PRENTVERK Á KJARVALSSTÖÐUM

Bókverka- og prentblót Reykjavíkur verður haldið á Kjarvalsstöðum í dag, laugardag. Þar gefst fólki tækifæri til að kynna sér ýmiss konar prentverk og efni sem höfundar hafa gefið út sjálfir og er ekki fánlegt eða sjáanlegt annars staðar.





# stöðvum aðfarir

Rökstuddur grunur  
er um að lög hafi verið brotin  
á þúsundum heimila eftir hrun

- Stjórnvöldum ber að rannsaka grunsemdir um refsivert athæfi

Við krefjumst rannsóknar!

- Eru stjórnámamenn hafnir yfir lög og rétt?
- Eru dómamenn hafnir yfir lög og rétt?
- Eru embættismenn stjórnsýslunnar hafnir yfir lög og rétt?
- Eru bankamenn hafnir yfir lög og rétt?

- Hagnaður bankanna frá hruni er yfir 600 milljarðar

Þúsundir hafa misst heimili sín vegna upploginna skulda

Í þessari viku einni voru 60 nauðungarsölur auglýstar

Friðhelgi heimilanna er stjórnskrávarin - hvernig væri að virða það?

Hæstiréttardómamenn dæma ekki að lögum og sæta engri ábyrgð

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra hefur ekki svarað áskorun

Hagsmunasamtaka heimilanna frá því í janúar

Stjórnámamenn hafa brugðist! Ætlar Katrín að bregðast líka?

**Hagsmunasamtök  
Heimilanna**



[www.heimilin.is](http://www.heimilin.is) - [heimilin@heimilin.is](mailto:heimilin@heimilin.is)

Hagsmunasamtök heimilanna skora á önnur samtök og verkafélagsshreyfinguna  
að sýna „vor í verkó“ í verki og standa með okkur að kröfunni um  
**Rannsóknarskýrslu heimilanna**

**Við erum fólkið í landinu**





Puríður, Berglind María, Björg, Emília og Áshildur í efri röð. Melkorka og Steinunn Vala fyrir miðju. Fjöldi listamanna koma að þeim heimi sem Björk skapar á sviði á tónleikum. James Merry listamaður og aðstoðarmaður Bjarkar sá um búninga og gervi en kjólarnir eru frá Threasefour og skórnir frá Gucci. Isshehungry sá um förðun og Rapheal Alley um hár. MYND/SANTIAGO FELIPE.

# Vinur, sem er ekki hægt að skilja við

Ímynd flautuleikarans þykir mörgum rómantísk. Þær eru fljótar að afsanna mýtuna, konurnar sjö í flautuseptettinum viibra sem munu spila með Björk Guðmundsdóttur á Utopia-tónleikaferðalaginu um Evrópu.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir  
kristjana@frettabladid.is



Sjö íslenskir flautuleikarar munu koma fram með Björk á tónleikaferðalagi hennar í Evrópu næstu mánuði þegar hún fylgir eftir nýjustu plötu sinni, Utopia. Þær kalla sig viibra, þær Áshildur Haraldsdóttir, Berglind María Tómasdóttir, Björg Brjánsdóttir, Emília Rós Sigfúsdóttir, Melkorka Ólafsdóttir, Steinunn Vala Pálsdóttir og Puríður Jónsdóttir.

Þær eru komnar á kaffihús í miðborginni til að ræða um verkefnið, það þarf að tína til nokkur borð og rada þeim saman svo allar komist þær fyrir. Það vill svo til að sú yngsta í hópnum, Björg, á afmæli þennan dag. Þær óska henni allar innilega til hamingju. Þær hafa æft stift saman síðustu mánuði fyrir tónleikaröðina sem hófst hér á Íslandi. Þær leika

ekki eingöngu á ýmsar gerðir af flautum heldur dansa og taka þátt í tónleikunum á miklu meira krefjandi máta en þær eru vanar.

**Þekktust þið allar áður en þið byrjuðuð að vinna fyrir Björk?**

**Emília:** Já, við þekktumst allar, því þetta er lítill heimur.

**Áshildur:** Við höfum margar tengingar, sumar hafa kennt öðrum hér í hópnum til dæmis.

**Steinunn Vala:** Við byrjuðum að vinna fyrir hana árið 2016 og vorum þá fleiri. Svo kom platan í nóvember, eftir það hófst undirbúningur fyrir tónleikana.

**Steinunn Vala:** Hún handvaldi okkar. Hún fékk fjórar af okkur á fund til sín, þar sem hún kom með hugmynd að flautusveit. Við nefndum nokkrar sem gætu verið til í það. Hún sendi skilaboð á þær manneskjur.

**Björg:** Svo kom sú hugmynd að við ættum að heita eitthvað. Björk vildi geta vísað í okkur.

**Berglind María:** Já, það kom

eiginlega hugmynd frá Björk um að við skyldum búa til sveit, bera nafn. Hún hefur lagt áherslu á að hópurnir sé breiður, við erum á öllum aldri og með mismunandi bakgrunn.

**Puríður:** Svo erum við alla vega í laginu!

**Berglind María:** Björk er virkilega góð í því í draga fram styrkleika ólíks fólks þannig að heildarmyndin verður mjög spennandi.

**Melkorka:** Mér finnst hún hafa lagt upp úr því frá byrjun að draga fram ólík einkenni okkar. Hún vill að flautuleikurinn endurspegli okkar karakter.

**Steinunn Vala:** Hún hefur talað um þetta síðan við byrjuðum.

**Björg:** Hún ýtti við okkur. Hvatti okkur til að búa til heimasíðu, nafn. Það er svo flott að veita okkur þetta sjálfstæði.

## Valdefling Bjarkar

**Berglind María:** Björk vill að við séum afl. Sem er óvenjulega órlátt. Það er mikil valdefling sem í þessu felst.

**Melkorka:** Maður sér þetta á þeim sem hún hefur unnið með. Hún gefur listamönnum svigrúm, traust og virðingu.

**Björg:** Sem mér finnst sýna hvað hún er sterkur og yfirvegaður listamaður.

**Áshildur:** Hún vill hvetja konur til góðra verka. Það eru margar konur sem koma að tónlist hennar.

**Berglind María:** Hún er mjög meðvitad að gefa konum tækifæri í bransa sem hún hefur oft vakið athygli á að hallar á hlut kvenna.

## Íþrótt litlu vöðvanna

Þær leika á flautur af ýmsum gerðum og stærðum. Bassaflautur, pikkolóflautur og blistrur. Þá dansa þær og hreyfa sig á sviðinu en Margrét Bjarnadóttir, dansari og danshöfundur, hannaði sviðshreyfingar þeirra.

**Emília:** Þetta er mjög krefjandi, við erum flautuleikarar, leikarar, dansarar.

Margrét sökk inn í okkar veröld.



## VIÐ ERUM EINS OG STÓR

### LÍFVERA. ÞEGAR EIN

### OKKAR ER ÞREYTT EÐA

### VEIK, ÞÁ TAKA HINAR VIÐ

### ÁLAGINU OG BYRÐUNUM.

### VIÐ HÖFUM ÖLL ÁTT

### OKKAR STUNDIR Í ÞVÍ.

Emília

Hvernig er að vera flautuleikari. Hún skynjaði fljótt hvernig við hreyfum okkur þegar við spilum.

**Áshildur:** Það er stundum talað um flautuleik sem íþrótt litlu vöðvanna.

**Steinunn Vala:** En við verðum stundum íþróttamenn stóru vöðvanna þegar við erum að spila á stórar flautur og hreyfa okkur með. Þetta er oft mjög líkamlegt starf og krefjandi.

**Áshildur:** Okkur dauðlangaði að kenna henni Margréti á flautu. En við erum langt í frá eins og ballettdansarar. Við eigum okkar ósiði sem tengjast flautuleiknum. Frá því ég var lítil hefur viðbeinið verið skakkt.

**Emília:** Já, við erum allar svolítið skakkar, það fylgir þessu. Margrét vann bara með það.

**Puríður:** Þetta er allt svo passlegt hjá Margréti. Hún er svo ótrúlega næm að það er hrein unun að vinna með henni.

**Emília:** Við förum mikið út fyrir þægindarammann í þessu verkefni með Björk.

**Áshildur:** Ég viðurkenni að ég hélt

að þetta væri ekki hægt. Við gætum ekki lært þetta allt utan bókar. Hreyft okkur í flestum lögunum. Ég var sallaróleg. Ég beið bara eftir því að þetta yrði allt tekið aftur og við yrðum svona venjulegt sessionband til hliðar. En svo bara leið að þessu. Þetta átti að verða og ég þurfti að læra þetta og gerði það.

**Melkorka:** Við erum að koma sjálfum okkur á óvart.

## Blómstrandi heimur

Plata Bjarkar, Utopia, fjallar um ástina og tónleikarnir eru litríkur og bjartur heimur. „Utopia er extróvert,“ sagði Björk um plötuna og tónleikaröðina fram undan, í viðtali í timaritinu Glamour. „Utopia er svolítið um þennan heim, sem er ekki mamma, pabbi, börn og bíll. Hinn heimurinn,“ sagði Björk og minnst einnig á mæðraveldið. Sem er blómstrandi og skapandi.

**Melkorka:** Tónninn í plötunni, við tengjum sterkt við hann, og það er magnað að fá að vera partur af þessum hugarheimi Bjarkar; hugmyndinni um að hópur kvenna skapi saman útópískan heim, einhvers konar matriarkíu.

**Björg:** Við erum hópur sem er að verða til núna í gegnum þetta verkefni.

Við erum að sá góðum fræjum, finnst mér.

**Áshildur:** Við erum búin að vera mjög mikið saman, miklu meira en vanalegt er fyrir tónleikahald. Við æfum klukkutímunum saman og marga daga í röð. Við erum farnar að skynja vel styrkleika og takmarkanir hver annarrar. Þannig verður góður hópur til.

**Emília:** Við erum eins og stór lífvera. Þegar ein okkar er þreytt eða veik, þá taka hinar við álaginu og byrðunum. Við höfum öll átt okkar stundir í því.

**Melkorka:** Ég var mjög meyr á tónleikunum á mánudag. Við stóðum allar saman í hnapp að fara á svið. Og ég fann hvað mér þótti ótrúlega vænt um okkur sem hóp.

**Emília:** Við vorum að æfa saman á annan í páskum og Melkorka ➔





# FRAMFARIR Í HUNDRAÐ ÁR 1918-2018



Eyjólfur Árni  
Rafnsson



Katrín  
Jakobsdóttir



Dr. Eamonn  
Butler



Helga  
Árnadóttir



Ásthildur  
Otharsdóttir



Vilhjálmur  
Vilhjálmsson



Orri  
Hauksson



Ragna  
Árnadóttir



Anna Svava  
Knútsdóttir



Stefán  
Pálsson



Halldór Benjamín  
Þorbergsson

## ÁRSFUNDUR ATVINNULÍFSINS 2018

Í HÖRPU – SILFURBERGI  
MÁNUDAGINN 16. APRÍL  
KL. 14-15.30

Netagerð að loknum fundi  
með tónlist og tilheyrandi.

### ÁVÖRP

Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður Samtaka atvinnulífsins  
Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra  
Dr. Eamonn Butler, framkvæmdastjóri, Adam Smith-stofnunarinnar í London

### TÍMAFLAKK – ATVINNULÍFIÐ Í 100 ÁR

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar  
Ásthildur Otharsdóttir, stjórnarformaður Marel  
Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda  
Orri Hauksson, forstjóri Símans  
Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar  
Anna Svava Knútsdóttir, eigandi ísbúðarinnar Valdís  
Stefán Pálsson, sagnfræðingur

Halldór Baldursson, teiknar skopmynd morgundagsins  
Fundarstjóri er Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA



► kom með páskaegg handa okkur að narta í. Það hafði verið svolítið erfið stemning á æfingum. Sem skrifaðist á mig, ég var svo stressuð. Fannst ég ekki geta meðtekið þetta allt saman.

Við opnuðum páskaeggjöld og lásum málsháttinn: Gott er að eiga góðan að. Við ákváðum á þeirri stundu að við skyldum hafa þetta að okkar mottói. Við erum hérna hver fyrir aðra. Það verður alltaf einhver sem leiðir ef eitthvað kemur upp á.

**Melkorka.** Ég var svolítið yfirlýsingaglöd. Ég mætti bara með páskaeggjöld og sagði: Þessi málsháttur segir allt.

**Björg:** Þetta er svo sérstakt samband sem er á milli okkar. Þetta er náð og langt samstarf.

**Þuriður:** Mér finnst Björk hafa verið ótrúlega nösk. Að búa til þennan hóp.

**Áshildur:** Hún gæti verið frábær mannaútsjórnari. Ef hún væri ekki fræg stjarna!

Fram undan er nokkurra mánaða langt tónleikaferðalag um Evrópu. Þær hafa allar hliðrað til fyrir ævintryið.

**Steinunn Vala:** Við vitum að við erum á ferðinni í maí, júní og júlí. Og svo eru tónleikar að bætast við. Við vitum að minnsta kosti að við verðum á tónleikum í átta borgum.

**Áshildur:** Sínfóníuhljómsveitin var svo dýrleg að veita mér leyfi til að taka þátt. Nokkrar hér eru oft að spila með sveitinni en þeir höfðu það ekki í sér að neita þeim um frí. Það var líkað fyrir til að við gætum allar farið í þetta verkefni. Ég er svo þakklát. Því þetta er svo óvenjuleg reynsla. Eins og að stiga inn í annan heim, framleiðslan er á öðrum skala og öðruvísi en allt sem ég veit að við hér í þessum hópi erum annars að gera.

**Berglind María:** Mér finnst algjörlega frábært að verða vitni að sköpunarkrafti samstarfsfólks Bjarkar. Eins og Hungry sem sér um förðunina og James Merry sem sér um búninga. Þetta er svo fallega samstilltur hópur.

**Þuriður:** Hún heldur verndarhendi yfir þessu öllu og er magnaður stjórnandi.

**Björg:** Sérstaklega vegna þess að hún stjórnar með því að gefa fólki pláss.

**Þuriður:** Þetta er svo óvenjuleg reynsla, þetta er svo mikið ævintýri fyrir okkur. Eins og Áshildur sagði, þá er þetta eins að stiga inn í annan heim. Framkvæmdin er á öðrum skala og öðruvísi en við þekkjum.

#### Gat ekki burstað tennurnar

Allar hafa þær lagt stund á tónlistarnám árum saman og lagt afar hart að sér. Sumar svo hart að sér að þær glímdu við álagsmeiðsli sem voru nánast óyfirstigaleg.

**Emilía:** Ég fór í forskóla fjögurra ára gömul á Akureyri. Þar var haldin hljóðfærakynning og þar spilaði einhver á flautu. Það var mikill áhrifavaldur í lífi mínu. Þó að ég viti ekki enn hver það var sem hafði



Fram undan er nokkurra mánaða langt tónleikaferðalag um Evrópu. MYND/SANTIAGO FELIPE

svona mikil áhrif á mig. Ég fór heim með blokkflautuna og sagðist ætla að verða flautuleikari. Ég hef aldrei vikið frá þeirri hugmynd og stóð við það. Ég spilaði eftir það út á hlið með blokkflautuna. Þetta var aldrei spurning!

Ég flutti svo til Reykjavíkur og hélt áfram námi hér.

Ég barðist með kjafti og klóm fyrir því að verða flautuleikari. Ég gekk í gegnum mikil veikindi og álagsmeiðsli þegar ég var í menntaskóla. Allir læknar og sjúkrahjálparar sem skoðuðu mig sögðu mér að ég myndi aldrei spila aftur. Ég gat ekki tannburstað mig eða borðað mat í nokkra mánuði vegna sársauka. Ég ofgerði mér svo mikið í æfingum. Ég gat svo ekki spilað almennilega í tvö ár. Foreldrar mínir fóru með mig til Bandaríkjanna og borguðu örugglega margar milljónir fyrir að hafa mig þar í alls konar meðferðum. Það er persónulegur sigur fyrir mig að ég hafi getað orðið flautuleikari.

#### Byrjaði tólf ára

**Berglind María:** Ég var orðin tólf ára þegar ég byrjaði að læra á flautu. Ég held að það hafi verið vegna áhrifa af tónlist Manuelu Wiesler. Við hérna í eldri deildinni tengjum líklega við það því hún var mögnuð tónlistarkona.

Eldri bróðir minn átti plötu með henni. Hún gaf út æðislegar plötur.

Ég átti sjálf þá ákvörðun að æfa á flautu. Ég var ekki sett í tónlistarnám. En svo hætti ég og byrjaði aftur, áhrifamiklir og góðir kenn-



## GUDNI FORSETI KOM Á TÓNLEIKANA OG SPURDI HVORT ÞETTA VERKEFNI HEFÐI VERIÐ ÓVÆNT FYRIR MIG. ÉG SVARADI: JÁ, HVER HEFÐI TRÚAD ÞVÍ AD ÉG YRÐI POPP STJARNAN Á FERTUGS-

### ALDRI?

Melkorka

arar og fyrirmyndir héldu mér við efnið. Til dæmis Bernharð Wilkinson. Í dag er ég fyrst og fremst í tilraunakennðri tónlist, lífi og hrærist í þeirri senu og er að semja sjálf. Ég fæ mikið út úr því að vera í þessum hóp. Þó að við séum að gera alls kyns, þá erum við líka að spila hefðbundnar útsetningar. Mér finnst svolítið skemmtilegt að koma inn í það.

### Heillaðist af drengi í hvítum jakkafötum

**Björg:** Ég var fjögurra ára gömul og sá strák í stundinni okkar sem spilaði á flautu í hvítum jakkafötum. Ég lýsi hér með eftir honum því ég varð algjörlega heilluð.

**Emilía:** Gæti þetta verið Ari Eldjárn? Hann var að æfa með mér?

**Björg:** Ég veit það ekki. Ég vona að hann gefi sig fram. Því ég man eftir þessu augnabliki þó að ég hafi bara verið fjögurra ára. En ég mátti ekki fá þverflautu strax og var á blokkflautu í tvö ár sem mér fannst ekkert sérlega skemmtilegt. Svo fékk ég að byrja á þverflautu sjö ára. Eins og margir flautuleikarar gekk ég líka í gegnum tíma þar sem ég glímdu við álagsmeiðsli. Þegar ég byrjaði í háskólanámi þurfti ég að læra líkamsbeitingu. Ég fór á námskeið í líkamsbeitingu sem gjörbreytti minni líðan.

Ég ákvað að læra það og tók kennaranám í því líka. Ég er núna að leiðbeina fólki. Þetta skiptir máli.

### Glimir enn við feimni

**Steinunn Vala:** Ég byrjaði sjö ára gömul. Ég held að ég hafi valið flautu því að mér fannst allar konur sem spila á flautu svo ógeðslega

sætar. Mér fannst þær svo þokkafullar og flottar, svo þetta var mjög hégómleg ákvörðun. Ég var brjálæðislega feimin, ég veit ekki hvort þið hinar munid eftir því, en ég átti mjög erfitt með að tala við kennara mína. Ég var lítil og mikil mús. Átti alltaf mjög erfitt með að spila á tónleikum vegna feiminnar. Frammi-staðan var alltaf góð en það þurfti alltaf að peppa mig upp í marga daga áður til að hleypa í mig kjarki. Feimnin fer aldrei en mér finnst þægilegra að spila núna. Ég stressast ekki upp úr öllu valdi.

### Grét af leiðindum í pianónámi

**Þuriður:** Ég byrjaði í forskóla sex ára og byrjaði að læra á pianó. Mér fannst það bæði erfitt og leiðinlegt. Ég grét yfir því og hætti í því námi. Systkini mín voru að læra á pianó. Systir mín var að æfa með Þórunni Guðmundsdóttur á pianó og flautu. Mér fannst það agalega smart. Þá var ég ellefu ára og bað um að fá að læra á flautu. Þá fór ég til Benna (Bernharðs Wilkinson), hins margumtalaða flautuþabba, sem hefur kennt mörgum hér. Mér fannst rosalega skemmtilegt að læra hjá honum, hann var léttur og kátur og sagði brandara og svona.

**Berglind María:** Þú ert rokkstjórntónskáld. Þú hefur fyrst og fremst verið að semja.

**Þuriður:** Fyrst þegar bréfið kom frá Björk þá hugsaði ég með mér, æi þetta er líðin tíð. Ég get ekki verið með. En sem betur fer er ég alltof forvitin til að geta hafnað svona tilbóði. Og það hefur verið algjört ævintýri að fá að vera með, sjá hvernig hlutirnir funkera. Ég sé alls ekki eftir því.

### Æfði á blokkflautu með Björk

**Áshildur:** Ég fór hefðbundna leið. Það er mikil hefð fyrir tónlistarnámi í minni fjölskyldu. Ég lærði reyndar á blokkflautu með Björk þegar ég var lítil. Við vorum með frábæran kennara sem kom alla leið frá Þýskalandi. Hann lét okkur strax spila saman á mismunandi blokkflautu og það var mikill metnaður í starfi hans. Við lærðum yfir sumartímamann og þetta var svo frábærlega skemmtilegt og hvetjandi. Þegar það kom að því að velja annað hljóðfæri þá vildi ég bara vera áfram með flautu. Var bara með æði fyrir þessu.

Þetta er mikil vinna, þetta er ekki auðvelt og ekki alltaf blússandi rómantik. Og það getur verið hundleiðinlegt sem maður þarf að gera til að æfa sig og komast á þann stað þar sem maður vill vera. En svo uppsker maður og getur spilað allt sem hægt er að hugsa sér. Og það er dásamlegt. Að fá að vera með í þessu verkefni er tækifæri sem kemur bara til manns einu sinni á ævinni. Þetta er líka tækifæri til að breyta til, stiga inn í annan heim, áður en maður snýr aftur í hversdagsleikann. Ég held að ég hafi gott af þessu.

### Eins og að missa vin

**Melkorka:** Það kom fljótt í ljós að ég var tónelsk. Ég var svolítið skrytið barn. Mitt upphaldssjónvarpsefni voru óperurnar Carmen og Töfraflautan. Ég horfði aftur og aftur á spólurnar. Þetta var þegar ég var þriggja til sex ára gömul. Ég man svo eftir tónleikum með Manuelu Wiesler sem ég fór á. Hún ætti sko að vera í þessum hópi okkar! En hún kom þarna svífanndi inn á sviðið í glitrandi litrikum skóm. Ég var alveg heilluð og fannst hún vera töfrakona.

En í mínu námi og ferli hef ég samt alltaf átt í togstreitu við þetta hljóðfæri. Ég hef alltaf átt erfitt með þessa væmnu tengingu, það er bara minn karakter. Ég hef líka verið tvístígandi gagnvart því að vera flautuleikari. Oft hætt og farið að gera eitthvað annað. Á tímabili var ég komin í læknisfræði í Kaupmannahöfn. En svo togar tónlistin alltaf í mig.

Ég ætlaði að hætta með rosa drama fyrir nokkrum árum og fékk vinnu í Hörpu. En svo kemst ég bara ekki upp með það því þetta er orðinn svo stór hluti af mér. Þegar ég byrjaði að vinna í Hörpu þá fór ég bara í gegnum sorgarferli, það var eins og ég hefði misst vin.

Það er kannski ekkert skrytið. Ég æfði í fjóra til fimm tíma á dag og komst langt. Var í toppformi. En gafst upp á strögglinu því það er meira en að segja það að hafa flautuleikinn að atvinnu. Ég ætlaði mér að segja skilið við þennan vin. En það er ekki hægt. Sem betur fer koma alltaf einhverjir englar og toga í mig, biðja mig um að spila. Eins og Björk.

Guðni forseti kom á tónleikana og spurði hvort þetta verkefni hefði verið óvænt fyrir mig. Ég svaraði: Já, hver hefði trúað því að ég yrði poppstjarna á fertugsaldri? Hann hló og sagði: Já, ég kannast við þessa tilfinningu, mér liður oft eins og ég hafi óvænt gengið inn í upphaldsbíómyndina mína!

### Eins og versta dóp

**Þuriður:** Ég var líka komin á þetta þegar ég var að koma aftur heim til Íslands. Að lifið væri orðið alltof flókið. Ég var komin með þrjú börn og að semja. Ég nennti ekki að starta öllu upp á nýtt, stofna band og búa mér til starfsvettvang. En það er ekki hægt að skilja við þennan vin. Þá kemur þessi sorg yfir mann. Og það er skiljanlegt, ég hef eytt hálfri ævinni í að spila. Það er það skemmtilegasta sem ég geri. Það er geðveiki að hætta því.

**Emilía:** Að spila á flautu er eins og ástarsamband. Eða eitthvað verra. Amma sagði við mig einu sinni: Þetta er eins og versta dóp, klassíska tónlistin. Og það er að vissu leyti rétt. Hún lætur mig aldrei í friði.

**Áshildur:** Þegar maður er að spila, túlka tilfinningar, fer hugurinn út um allt, þú upplifir tilfinningar svo sterkt, þetta er svo gefandi.

**Berglind María:** Þetta er mjög dularfult ferli. Og persónulegt.

**Melkorka:** Tónlistin tekur við þar sem orðunum sleppir. Mér finnst svo fallett það sem Sigurður Pálsson sagði um listina og hlutverk listamannsins sem með því að vera trúr samvisku sinni stækkar heim annarra. Ég tengi við það. Það þarf úthald og maður þarf að vera fylginn sér.

*Eiga þær ráð til ungra tónlistarmanna sem vilja ná langt á sínu sviði?*

**Berglind María:** Það er nauðsynlegt að minna á þetta því það er of lítið um skapandi nálgun í þessu hefðbundna, klassíska tónlistarnámi. Það er þess vegna sem margir skapandi einstaklingar finna sér aðrar leiðir. Eins og Björk.

**Áshildur:** Ungt fólk ætti ekki að vera með öll egginn í sömu körfunni. Sjá aðeins til.

**Þuriður:** Vera rosalega forvitin og prófa alls kyns hluti. Gefa sér tækifæri.

**Melkorka:** Vera fylgin sér og sínum draumum. Það er pláss fyrir alla einhvers staðar og það er ekkert alltaf þar sem maður heldur sjálfur.

## AÐALFUNDUR

Spoex, Samtök psoriasis- og exemsjúklinga, boða til aðalfundar næstkomandi þriðjudag **17.apríl kl. 17:00.**

Fundurinn verður haldinn á Hótel Reykjavík Natura, Víkingasal 6, Nauthólsvegi 101 Reykjavík.



Hefðbundin dagskrá aðalfundar skv. lögum Spoex:

**Skýrsla formanns  
Stjórnar- og formannskjör  
Samtal við stjórn**



# VERIÐ VELKOMIN Á RAFBÍLADAG HYUNDAI Í DAG FRÁ 12-16



IONIQ PLUG-IN HYBRID  
TENGITVINNBÍLL

IONIQ HYBRID

IONIQ 100% RAFBÍLL

# IONIQ

## ÞRJÁR RAFMAGNAÐAR GERÐIR

Hyundai hefur haslað sér völl sem einn framsæknaasti bílaframleiðandi heims á sviði raf- og vetnistækni. Við sýnum í dag nýja Hyundai Ioniq rafbílinn í þremur spennandi útfærslum.

Ioniq rafbílalína Hyundai er sú eina sinnar tegundar á markaðnum og spannar allt frá 100% rafbíl til Hybrid og tengjanlegra Plug-in Hybrid tvinnbíla sem hafa unnið til fjölda umhverfisverðlauna á undanförunum misserum.

REYNSLUAKTU NÝJUM HYUNDAI RAFBÍL Í DAG

 **HYUNDAI**

8 YEAR / 200,000 KM  
BATTERY  
WARRANTY\*

5 ÁR  
ÁBYRGÐ  
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)



# FRUMSÝNUM

NÝJAN HONDA JAZZ OG HONDA CIVIC TYPE-R



**Honda Jazz**  
verð frá kr. 2.540.000



**Honda Civic**  
verð frá kr. 2.990.000



**Honda HR-V**  
verð frá kr. 3.870.000



**Honda CR-V**  
verð frá kr. 4.840.000





## Í DAG LAUGARDAG MILLI KL. 10:00 OG 16:00

Frumsónum í dag tvo nýja bíla frá Honda.

Heimsmeistarann í sparakstri, nýjan og ferskari **Honda Jazz**, nú fáanlegur í tveimur vélarstærðum, sparneytnum 102 hestafla 1.3i-VTEC og 130 hestafla 1.5 i-VTEC bensínvélum.

Einnig frumsónum við hraðskreiðasta fjöldaframleidda framhjóladrifs bíl heims, margverðlaunaðan **Honda Civic Type-R**, 320 hestafla ofurbíl með öllum eiginleikum kappakstursbíls og fjölskyldubíls, já og allt þar á milli.

Hafðu hraðann á, komdu og reynsluaktu flottum bíl hjá okkur í Honda, Vatnagörðum 24, í dag milli kl. 10:00 og 16:00.

**Veldu gæði, veldu Honda**





# Hugarheimur raðmorðingja

Dr. Ann Burgess er á leiðinni til landsins. Þekkt fyrir rannsóknir sínar á raðmorðingjum og þolendum. Rannsóknir hennar og tveggja alríkisfulltrúa á hugarheimi raðmorðingja urðu kveikjan að vinsælli Netflix-þáttaröð, Mindhunter.

Kristjana Björg  
Guðbrandsdóttir  
kristjana@frettabladid.is



Þórgnýr Einar  
Albertsson  
thorgnyr@frettabladid.is



Þetta var karlaheimur," segir dr. Ann Wolbert Burgess um þann tíma sem hún liðsinnti atferlisvísindadeild bandarísku alríkislög- reglunnar, FBI, við rannsóknir á raðmorðingjum og nauðgurum á áttunda og níunda áratug síðustu aldar.

„Það voru engar konur sem kenndu í skóla FBI í Quantico á þessum tíma en það voru fáeinir konur sem unnu sem fulltrúar í nokkrum borgum Bandaríkjanna. En einu konurnar fyrir utan mig á þessum tíma í Quantico voru ritara og almennt starfsfólk," segir Ann.

Störf Ann og alríkisfulltrúanna Johns Douglas og Roberts Ressler á áttunda og níunda áratugnum og rannsóknir þeirra á hugarheimi raðmorðingja urðu kveikjan að vinsælli Netflix-þáttaröð, Mindhunter. Og aðalpersónur þáttanna eru byggðar á þríeykinu.

Ann er væntanleg til landsins í boði MPM (Master of Project Management) við Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík og segir frá þessu áhugaverða rannsóknarefni næstkomandi miðvikudag. Þá heldur hún einnig annan fyrirlestur fyrir íslenskt fagfólk um það hvernig lögreglufulltrúar FBI leita gagna sem varpa ljósi á gerandann með því að skoða vettvang morðs.

## Þríeykið

Ann starfar nú sem prófessor í geðhjúkrunarfræðum við Boston College School of Nursing og er heimspækt fyrir rannsóknir sínar bæði á gerendum, og ekki síður þolendum, ofbeldisverka. Rannsókn Ann á 36 morðingjum og brotapolum benti til mynstra og þátta sem virtust leiða til afbrotsins.

Ann, Robert og John gerðu rannsókninni og störfum sínum í FBI skil í bókinni Sexual Homicide: Patterns and Motive sem kom út árið 1988. Þá gáfu þau út bókina: Crime Classification Manual: A Standard System for Investigating and Classifying Violent Crimes nokkrum árum seinna, eða 1992.

„Rannsóknin tók til 36 raðmorðingja sem áttu það sameiginlegt að hafa fróun af morðunum og 112 þolenda þeirra. Í rannsókninni voru borin kennsl á mynstur og hvatir morðingjanna," segir Ann og segir frá samstarfsfélögum sínum, John og Robert.

John er sagður hafa bylt morðrannsóknnum með því að ræða við og rannsaka raðmorðingja. Robert er eignað hugtakið „serial killer“, eða raðmorðingi.

Robert þróaði einnig fyrsta tölvugagnagrunn Bandaríkjanna sem innihélt skrá yfir óleysta glæpi. Gagnagrunnurinn reyndist mikil stöð í rannsóknnum á raðmorðingjum sem frömdu morð í mismunandi ríkjum Bandaríkjanna.

„Bob hannaði verkefnið í fyrstu og kom með hugmyndina að því. Hann var nýr kennari í skóla FBI og hugsaði með sér að ef hann ætlaði að kenna afbrotafraði þá ætti hann að tala við afbrotamenn. Svo hann fór í fangelsin og hóf að taka viðtöl við fanga. John slóst í för með honum þegar hann hóf störf í skólanum og þeir tóku viðtölin saman í fangelsnum.



## Ed Kemper

Ed Kemper myrta ömmu sína og afa þegar hann var táníngur að aldri. Hann var útskrifaður af geðsjúkrahúsi 21 árs gamall. Frá maí árið 1972 til apríl 1973 nam hann á brott og myrta átta manneskjur áður en hann gaf sig fram við lögreglu. Ed er á lífi og enn í haldi.



## Montie Ralph Rissell

Montie Ralph Rissell nauðgaði konu fjórtán ára gamall og var sendur á geðsjúkrahús. Hann framdi hrottafengna glæpi í leyfum sínum frá afplánun á geðsjúkrahúsinu. Hann var handtekinn aftur níttján ára. Þá hafði hann myrt fimm manneskjur og nauðgað tólf konum. Monte er á lífi og er enn í haldi.



## Jerry Brudos

Fjölmíðlar kölluðu Jerry skóblætisslátraran. Brudos var sautján ára gamall þegar hann nam konu á brott. Hann gekk í hjónaband og eignaðist tvö börn. Árið 1968 myrta hann fjórar konur, iklæddur kvenmannsfötum. Hann misþyrmdi líkum kvennanna og hélt eftir líkamspörtum þeirra. Jerry lést í fangelsi árið 2006.

Mér var svo boðið til Quantico, höfuðstöðva FBI skólans, til þess að þjálfá fulltrúa í því að tala við þolendur nauðgana," segir Ann um upphaf samstarfsins.

## Mættu andstöðu í upphafi

„Á kvöldin þegar við áttum lausa stund frá vinnu hlustaði ég á fulltrúana tala um viðtölin sem þeir voru að taka við dæmda morðingja. Ég sagði þeim að viðtölin fælu í sér mikilvægar uppgötvanir og að þeir ættu að setja þau upp sem rannsóknarverkefni, svo þeir hefðu upplýsingar og gögn til að deila með öðrum sem rannsaka

morð. Á þriggja ára tímabili fór ég stundum til Quantico og stundum komu þeir til mín til Boston til að vinna að þessu verkefni," segir Ann frá.

Voru þetta spennandi tímar? Og mættu þið andstöðu frá FBI í fyrstu?

„Þetta voru mjög spennandi tímar vegna þess að þetta voru nýjar upplýsingar og enginn hafði nokkru sinni áður rannsakað hóp raðmorðingja. Fulltrúarnir söfnuðu upplýsingum með 57 blaðsíðna spurningalista sem gerðu okkur kleift að flokka morðin í skipulögð og óskipulögð. Og þetta var upphafið að flokkunarferlinu fyrir óleyst morð.

FBI streittist á móti í fyrstu en um leið og það varð ljóst hversu nytsamt verkefnið var í rannsókn mála og því að varpa ljósi á morðingjann þá studdi stjórn FBI vel við rannsóknina. Við fengum styrk frá National Institute of Justice árið 1981. Eins og kemur reyndar fram í einum þátta Mindhunter," rifjar Ann upp.

## Vanræksla og ofbeldi í æsku

Hver eru algeng persónueinkenni raðmorðingja og raðnauðgara? Hvað einkennir hugarheim þeirra?

„Karlarnir voru nær allir hvítir, gáfaðir, oft elstir í systkinaröðinni og oft frá millistéttarheimilum en áttu erfitt á unglingsárum. Lykilatriði hjá öllum þessara karla var þróun á fantasíum þeirra um nauðganir og morð. Margir karl-

anna gátu rakið fantasíur sínar til barnæsku.

Hvað mótar þá? Þeir voru líka sjálfir þolendur ofbeldis og oft vanræktir af feðrum sínum á mikilvægum tíma í lífi ungra drengja."

## Vel máli farnir

Þegar Ann er beðin um að rifja upp minnisstæðustu málin segir hún tvo raðmorðingja hafa vakið sérstaka athygli sína. „Mál Eds Kemper er mér minnisstæðast. Vegna þess að hann var svo vel máli farnir og hann hafði ekki eingöngu myrt fjölskyldu-meðlimi heldur líka skólafélaga sína. Viðtöl við hann gáfu mikla innsýn í fantasíur hans frá unga aldri um nauðganir og morð. Hann komst einnig undan réttvísinni í langan tíma. Hann myrta og sundurlimaði fórnarlömb sín.

Annar mjög forvitnilegur raðmorðingi er Montie Rissell, sem nauðgaði fórnarlömbum sínum og myrta þau. Fórnarlömbin urðu tólf á fjögurra ára tímabili. Hann nauðgaði sjö þeirra, fimm nauðgaði hann og myrta. Hans hugarheimur var mjög ólíkur Eds Kemper en þeir áttu það sameiginlegt að vera afar vel máli farnir. Hann gat lýst smáatriðum glæpum sína," segir Ann frá.

## Kölluð til sem sérfræðingur í rétti

Ann vinnur enn að rannsóknnum á þolendum en að auki vinnur hún að verkefni sem felur í sér endurhæfingu slasaðra hermanna. Hún er oft kölluð fyrir dómstóla sem sérfræðingur í nauðgunarmálum.

„Ég starfa sem ráðgjafi jafnframt því að ég met ástand þolenda fyrir rétti og ber vitni um áhrif nauðgunarinnar á líf þeirra.

Ég er núna að vinna að rannsókn á eldri þolendum sem eru með minnisglöpi í viðleitni til þess að greina hegðun sem þeir þróa með sér þegar þeir geta ekki greint frá því að þeim hafi verið nauðgað. Þetta á sér stað á elliheimilum þar sem gerandinn er annaðhvort annar íbúi á heimilinu eða starfsmaður í aðhlyningu," segir Ann.

„Ég rek einnig meðferðarstöð fyrir slasaða hermenn í Boston College þar sem þeir stunda æfingar og sækja fræðslu tvisvar í viku. Markmiðið er að bæta líkamlegt ástand þeirra og styrk og minnka einkenni áfallastreitu-röskunar."

Dr Ann Burgess er konan á bak við eina aðalsöguhetju hinna vinsælu þátta Mindhunter.

Sjá nánar á Fréttablaðið+

Lengra viðtal við Ann má lesa á frettabladid.is.



FRUMSÝNING Í DAG 12-16

NÝR TRANSIT CUSTOM

Ford



## NÝR FORD TRANSIT CUSTOM BETRI EN NOKKRU SINNI!

Ford Transit Custom er þekktur fyrir einstakan búnað, endingu og hagkvæmni. Með nýrri kynslóð bætir Ford enn í og gerir Transit Custom enn betri. Hinn nýi Ford Transit Custom er ríkulega búinn m.a. olíumiðstöð með tímastilli, upphitanlegri framrúðu, aksturstölvu, Easy fuel eldsneytisáfyllingu, upphitanlegu öikumannssæti, spólvörn, ESP stöðuleikakerfi, brekkuaðstoð og 14 geymsluhólfum í innréttingu.

FORD TRANSIT CUSTOM KOSTAR FRÁ:

**2.895.000** KR. ÁN VSK.

3.590.000 KR. MEÐ VSK.

**FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**



**Ford er frábær!**

**Komdu, reynsluaktu og upplifðu nýjan Ford Transit Custom**

**Fáðu þér dýrindis kaffisopa frá Kaffitári**

[ford.is](http://ford.is)



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:  
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17  
og laugardaga kl. 12-16



## „Bara Hollywood“

Hvað finnst þér um þættina, Mindhunter? Eru þeir í samræmi við raunveruleikann?

„Bakgrunnur þriggja aðalpersóna þáttanna (Holden Ford, Bill Tench og Wendy Carr) er ekki sambærilegur að nokkru leyti við minn eða Douglas og Ressler. Þetta er bara Hollywood,“ segir Ann góðlátlega. Málunum sem þau fengust við hafi þó verið fylgt nokkuð nákvæmlega eftir.

„Nokkrum atriðum sem gerðust aldrei var þó skeytt við. Til dæmis þurftu fulltrúar að skilja vopnin sín eftir í læstri hirslu áður en þeir fóru inn í viðtalsherbergin en ekki skilríki sín. Fangarnir vildu vanalega skoða skilríki fulltrúa vandlega.

Annað dæmi var þegar Holden kom með háhælaða kvenskó í viðtal við raðmorðingjann Brudos. Það gerðist aldrei. Fulltrúarnir tóku heldur ekki upp viðtölin á segulband. Það hefði hindrað hversu miklum upplýsingum fangarnir vildu deila með fulltrúum,“ segir Ann frá.

## Ætlar að greina Axlar-Björn

Á fyrirlestrinum í Háskólanum í Reykjavík í næstu viku ætlar Ann, ef tími gefst til, meðal annars að greina eina þekktu íslenska raðmorðingjann, Björn Pétursson, Axlar-Björn, kenndan við bæinn Óxl í grennd við Búðir á Snæfellsnesi. Björn myrta átján manns áður en upp um hann komst, þegar annað tveggja systkina slapp lifandi frá honum og sagði til hans.

„Já, ég ætla að setja upp greiningu á honum og ræða mál hans. Hann virtist velja fórnarlömb sín eftir hentugleika, sundurlimaði þau síðan og dysjaði. Það virðist vera að eiginkona hans hafi aðstoðað hann,“ segir Ann frá.

## Aldrei hrædd en gætti að öryggi sínu

Ann segist aldrei hafa orðið hrædd við viðföng sín. En hún hafi oft fyllst algjörum hryllingi við að lesa yfir viðtöl fulltrúanna og lýsingar á hvað þeir gerðu fórnarlömbum sínum. „Það gerði mig enn staðráðnari í því að leiðbeina og fræða fagaðila í rannsóknum og geðhjúkrun um atferli raðmorðingja. Ég gætti betur öryggis míns eftir að ég lærði hvernig þessir menn nálgudust fórnarlömb sín,“ segir Ann.

„Það þyrmdi aldrei yfir mig í vinnu vegna þess að alríkisfulltrúarnir sem ég vann með héldu verndarhendi yfir mér.“


## Heldur þú að það hefði verið hægt að stöðva einhverja þessara manna?

„Já, ég held það hefði verið hægt að stöðva marga þeirra. Foreldrar þeirra vissu svo sannarlega af skrytinni hegðun og hugðarefnum sem hófst hjá mörgum þeirra í æsku. Við þurfum að hjálpa foreldrum að fá ráðgjöf mjög snemma fyrir trufluð börn og unglunga,“ segir Ann.

## Hefði verið hægt að stöðva Ed

Hún rifjar aftur upp málefni raðmorðingjans Eds Kemper. „Hann sagði í einu viðtalanna að það hefði ekki átt að sleppa honum úr fangelsi eftir að hann myrta afa sinn og ömmu. Hann hætti aldrei að hugsa um morð. Hann lýsti einnig einu skipti þegar lögreglan hefði átt að handsama hann. Lögreglan hafði þá komið á heimili hans til að taka af honum skotvopn vegna nálgunar-banns sem hann sætti.

En þeir gerðu mistök og leituðu ekki í bílnum hans. Í skotti bílsins faldi hann byssu og þar voru einnig ummerki um tvö síðustu morð hans. Hann sagði að ef lögreglan hefði leitað betur þá hefði hann ekki getað myrt móður sína og vin hennar. Eftir að hann myrta síðustu



Anna Torv í hlutverki sálfræðings sem aðstoðar FBI við að greina raðmorðingja. Fyrirmyndin, Ann Burgess, var reyndar geðhjúkrunarkona



Dennis Rader, annars vegar í raun og hins vegar eins og hann birtist á skjánum.

fórnarlömb sín hringdi hann í lögregluna og gaf sig fram til að binda enda á morðin.“

## Kynferðisglæpir í Bandaríkjunum

Hvað hefur breyst síðan þú hófst rannsóknir þínar á liðan þolenda?

„Upphaflega rannsakaði ég þolendur nauðgana. Það gerði ég með samstarfsfélaga mínum, henni Lyndu Holmstrom. Við tókum viðtöl við 146 manns, frá þriggja ára til 73 ára á eins árs tímabili. Við lýstum einkennum sem þolendur þróuðu með sér,“ segir Ann frá en hugtakið sem hún og Lynda notuðu er kallað „Rape Trauma Syndrome“ (RTS) og nær yfir ýmis einkenni streituröskunar, ótta og skömmustutilfinningar sem þolendur upplifa í kjölfar nauðgunar.


„Áfallastreita eftir nauðgun hefur verið rannsökuð mikið síðan þá. Og

margt hefur áunnist í að afsanna alls kyns mýtur um nauðgun í tengslum við meðferðarráttæði. En nauðganir og kynferðisbrot eru áfram meiri-háttar vandamál í Bandaríkjunum,“ segir Ann og segir því miður enn langt í land.

## Önnur þáttaröð væntanleg

Netflix staðfesti í nóvember síðastliðnum að önnur þáttaröð af Mindhunter væri á leiðinni. Ekki hefur hins vegar verið tilkynnt um hvenær hún fer í loftið. Jonathan Groff, sem leikur aðalpersónuna, Holden Ford, hefur áður sagt að tölur hefjist á næstunni. Líklegt þykir því að næsta þáttaröð fari í loftið í lok þessa árs.

Lítið hefur verið gefið upp um viðfangsefni þáttaröðarinnar annað en það að fjallað verður um hin svokölluðu Atlanta-barnamorð. Um



er að ræða morð að minnsta kosti 28 barna, unglunga og fullorðinna sem hinn ungi Wayne Williams framdi á árunum 1979 til 1981.

John E. Douglas, sem Ford er byggður á, vakti fyrst áhuga almennings í Bandaríkjunum þegar rannsókn á morðunum stóð sem hæst og tjáði sig opinberlega um Williams eftir handtöku hans.

## BTK-morðinginn líklega á skjánum

Þá þykir afar líklegt að áfram verði fjallað um Dennis Rader, sem sást ítrekað skarta







3. MYNDIR/NETFLIX

þykku yfirvaraskeggi í fyrstu þáttaröðinni. Rader myrta tíu á árunum 1974 til 1991 og var kallaður BTK-morðinginn. Sú skammstöfun stóð fyrir „bind, torture, kill“, eða fjöttra, pynta, drepa.

Aðrir fjöldamorðingjar sem voru virkir og áberandi á þeim tíma sem fyrsta seríu Mindhunter gerist, síðla á áttunda áratugnum, voru til að mynda Carlton Gary og David Carpenter.

Gary myrta að minnsta kosti sjö árin 1977 og 1978. Carpenter myrta einnig að minnsta kosti sjö á árunum 1979 til 1981. Báðir komu þeir fyrir í bók Douglas sem þættirnir byggjast á.

#### Talað við fleiri morðingja

Þá er líklegt að áfram verði sýnt frá viðtölum Fords og samstarfsmanna við þekkt morðingja. Á meðal þeirra sem Douglas ræddi við í gegnum tíðina voru meðal annars John Wayne Gacy, Herbert Mullin, Ted Bundy og Ed Gein.

Gacy, þekktur sem „Killer Clown“, eða „morðóði trúðurinn“, var sakfelldur árið 1980 fyrir að nauðga drengjum undir lögaldri og fyrir 33 morð.

Mullin var virkur á sama tíma og Ed Kemper, þekktur úr fyrstu þáttaröðinni, og á sama svæði. Hann myrta þrettán á áttunda áratugnum og sagðist hafa gert það til að fyrirbyggja jarðskjálfta.

#### ... og Ted

Ted Bundy er trúlega afkastamesti og hrottalegasti morðinginn á þessum stutta lista. Hann játaði á sig 36 morð á áttunda áratugnum en er talinn hafa jafnvel drepð fleiri en hundrað. Hann var jafnframt nauðgari og náriðill.

Ed Gein var sakfelldur fyrir eitt morð árið 1957, játaði reyndar á sig annað eftir sakfellingu, en var þekktastur fyrir þráhyggju sína fyrir dáiinni móður sinni, grafarrán og að gera fatnað, lampaskerma og skálar úr líkamsleifum.




Viðtölin voru ekki tekin upp á kassettur eins og sýnt er í Mindhunter. Þá báru fulltrúar skilríki sín og kynntu sig með nafni.



Ann segist aldrei hafa orðið hrædd þó að henni hafi oft brugðið við lýsingar raðmorðingjanna.



**KARLARNIR, VORU NÆRRI ALLIR HVÍTIR, GÁFADIR, OFT ELSTIR Í SYSTKINARÖÐINNI OG OFT FRÁ MILLISTÉTTARHEIMILUM EN ÁTTU ERFITT Á UNGLINGSÁRUM. LYKILATRÍÐI HJÁ ÖLLUM ÞESSARA KARLA VAR ÞRÓUN Á FANTASÍUM ÞEIRRA UM NAUÐGANIR OG MORÐ. MARGIR KARLANNA GÁTU RAKIÐ FANTASÍUR SÍNAR TIL BARNÆSKU.**



John Wayne Gacy, annars vegar eftir handtöku hans og hins vegar í trúðsgervinu sem hann er þekktur fyrir.





„Mér finnst örlögin hafa svipt mér í þetta starf,“ segir Herdís Egilsdóttir, heiðursverðlaunahafi Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Örlaganornin hamingjusama

**Herdís Egilsdóttir** hlaut heiðursverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins fyrir framlag sitt til lestrar-kennslu barna í vikunni. Herdís kenndi börnum lestur í 45 ár en er hvergi nærri hætt og rekur með dóttur sinni, Halldóru, vefsíðuna læsi.is. Hún segist aldrei hafa átt uppáhaldsnemanda.



**H**erdís Egilsdóttir býr í austurborginni. Hún stendur í dyragættinni og býður blaðamann og ljósmyndara velkomin með bros á vör.

Á heimili Herdísar eru blómvendur í hverju horni. „Ég hélt nemendamót á dögnum, þangað mættu þrjú hundruð fyrrverandi nemendur mínir og foreldrar líka. Ég bauð upp á kaffi og kökur, það var dagskrá, söngur og skemmtilegheit. Ég hef aldrei verið kysst svona mikið á

ævinni,“ segir Herdís sem segir að sér þyki vænt um hversu mörg þeirra komu til að hitta hana. „Og að það skyldi vera í svona fersku minni allt það sem ég var að gera, það þótti mér vænt um,“ segir Herdís og rifjar upp þegar einn fyrrverandi nemenda hennar rakst á hana á leiksyningu.

#### Áttu eld, frú?

„Ég var í Þjóðleikhúskjallaranum og það er bankað kurteislega í öxlina á mér. Maður með hár ofan í augu, hornspangargleraugu og alskegg, spurði mig: Áttu eld, frú?

Ég svaraði að bragði: Nei, ég reyki ekki enn, Guðmundur minn.

Guðmundur kom á nemendamótum og við rifjuðum þetta upp,“ segir Herdís og hlær.

Hún átti sér enga uppáhaldsnemendur. „Einhvern veginn leit ég þannig á þetta að ég átti þessa unga alla. Hvort sem þau voru erfið í hegðun eða ekki og það var mjög létt fyrir mig,“ segir Herdís sem segist þakklát hlutskipti sínu.

#### Lét börnin skila skattaskýrslu

„Ég var svo hamingjusöm og er enn, mér finnst örlögin hafa svipt mér í þetta starf. Ég hlakkaði til hvern einasta dag að fara í skólann,“ segir Herdís og segist oft hugsa til fólks sem finni ekki sína fjöl. „Og þurfa að fara vanmetnir í vinnuna og kvíða fyrir vinnudeginum. Það er gæfa að finna það sem getum gert vel,“ segir hún og segir skólustarf með börnum eiga að miða að því að finna þeim þennan stað í veröldinni.

Kennsluáferðir Herdísar voru um margt merkilegar. Hún hóf að kenna eftir landnámsáferð sinni árið 1974. Þar sem börnin höfðu það að verkefni að byggja land og koma sér upp mannsæmandi lífskilyrðum. Börnin, sem voru sjö til átta ára gömul, fengu öll hlutverk þingmanna og fengu að velja og hafna eftir aðstæðum og efnahag, og ræddu ýmis álitamál og hvernig skyldi bregðast við óæskilegum áhrifum og freistingum. Börnin fylltu meðal annars út einfaldar skattaskýrslur, héldu kosningar og ræddu um mikilvæg göngu.



#### BÖRNUM ÞYKIR EKKERT

#### GAMAN Í SKÓLA EF

#### KENNARANUM ÞYKIR EKKI

#### GAMAN. ÞAU ERU SVO

#### NÆM. Á MEÐAN KENNA-

#### INN STENDUR EINS OG

#### BLYS FYRIR FRAMAN ÞAU,

#### ÞÁ GENGUR VEL.

„Þessi hugmynd kom til mín fullmótuð einn daginn. Ég var oft að hugleidda um það hvernig ég gæti fundið einhverja heild til þess að þroska þau og fræða, án þess að mata þau. Það er nefnilega alltaf hægt að fræða börn, en að fræða þau og þroska samtímis, það er það sem er eftirsóknarvert,“ segir Herdís frá.

Kennsluáferðin er í ætt við það sem Herdís lagði áherslu á. Að það væri nauðsyn að börnunum þætti gaman og spennandi að læra. „Að æfa og læra nauðugur er bara þrældómur. Það lærir enginn neitt á því. Það verður að vera gaman, börnum þykir ekkert gaman í skóla ef kennaranum þykir ekki gaman. Þau eru svo næm. Á meðan kennarinn stend-

ur eins og blys fyrir framan þau, þá gengur vel.

Þessi börn, þau eru svo vitur, þau eru svo vel gerð. Ef þau á annað borð eru heilbrigð þá er svo mikill maður í þeim að þá er hægt að bjóða þeim upp á miklu stærri bita í veislunni en nokkurn grunar,“ segir hún.

Herdís var oft spurð að því hvort henni þætti börnin ekki of ung til að ræða þjóðfélagsmál með þessum hætti. „Ég hef bara einn mælikvarða á það. Fannst þeim gaman? Já. Ég lét engan gata, það var aldrei spurt og einhver þorði ekki að segja neitt.

Þannig fengu börnin svigrúm til að þroska hugmyndir sínar. Ég álit að allt nám eigi að hefja með leik. Börn hafa alltaf valið að leika sig fullorðin og það er hollt fyrir börnin að kynnast málefnum fullorðinna og þar með eru þau að auðga orðaforða sinn til framtíðar, þau verða að auki mjög stolt,“ segir Herdís.

„Það hafa tólf lönd og þjóðir orðið til. Ég er reyndar sannfærð um það að námsáferðin hentar einnig eldri nemendum. Áferðin fléttar saman öll námsföng og þróar sterka samfélagsvitund nemenda. Ég byrjaði alla daga á kjarnafögum, lestri, ritun og stærðfræði. Svo kenndi ég eftir landnámsáferðinni og þá var ég ekkert að skipta mér af stafsetningu barnanna eða öðru. Ég vildi ekki hefja þau, vildi að þau gengju óhikað og óhrædd fram til leiks,“ segir Herdís og bætir við að í þessum kennslustundum hafi það oft gerst að börn sem voru hæggingar í kjarnafögum sköruðu fram úr með landnámsáferðinni. ➔

## Sjóður Odds Ólafssonar Til úthlutunar eru styrkir til:

- (a) Rannsóknna á fötlun og fræðslu um hana, og
- (b) rannsóknna á sviði öndunarfærsluáskrá og fræðslu um þá.

Styrkfjárhæðir nema 100–300 þúsund krónum á hvert verkefni sem valið verður.

Umsóknarfrestur er til og með 26. apríl 2018.

Umsóknir sendist á netfangið [oddssjodur@sibs.is](mailto:oddssjodur@sibs.is).





Way of Life!

# HJÓLADAGUR SUZUKI Í SKEIFUNNI 17, LAUGARDAGINN 14. APRÍL KL. 13-16

**80%** AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LEÐUR-  
OG GORE-TEX FATNAÐI!

KAFFI OG MEÐLÆTI Í BOÐI!



KÍKTU  
Á SUZUKI BÍLA  
Í LEIÐINNI!

**Suzuki umboðið ehf.**

Skeifunni 17

Sími 568-5100

[suzuki.is](http://suzuki.is) | [suzukisport@suzuki.is](mailto:suzukisport@suzuki.is)



➔ „Ég var í því hlutverki að vera verkstjóri og nokkurs konar örlaganorm. Örlög réðu til dæmis því hvar landið þeirra lá og því sem gat komið fyrir sem börnin réðu engu um. Ég gekk til dæmis inn einn kennsludaginn og tilkynnti hópi barna að nokkuð ömurlegt hefði gerst. Ein kind væri horfin. Maður hefði rænt henni. Svo þurftu þau að ræða atburðinn, afleiðingarnar. Þurftu þau fangelsi? Hvernig áttu þau að sanna glæpin? Svo fóru þau að kenna í brjósti um hann og fannst kannski betra að hafa forvarnir. Hvert og eitt lítið atriði sem örlaganormin færði þeim var uppspretta spennandi viðfangsefna,“ segir Herdís frá.

„Svo þótti þeim skemmtilegt að gera skattaskýrslur, ég lagði mikið upp úr því að að með því að skrifa nafnið sitt undir skýrsluna væru þau að leggja drengskap sinn við. Og þá þurftu þau að læra hvaða þýðingu það hefur að vera góður drengur. Að það hefði ekkert að gera með það að vera strákur eða stelpa. Heldur að standa undir nafni, vera heiðarleg manneskja. Þetta verkefni var svo gott fyrir málbroskann. Þau þurftu að nota tungumálið. Það gleymist oft í kennslu í dag. Það er best fyrir mann ef maður ætlar að læra eitt-hvað, að stunda það,“ segir Herdís sem segist hafa skemmt sér vel við að lesa skattaskýrslur barnanna. Eitt barnanna hafi til dæmis talið fram ellefu gamalmenni á framfæri sínu í von um skattaafslátt.



Hér má sjá eina eyjuna sem nemendur Herdísar gerðu í kennslustundum hjá henni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Kosningarnar voru stórkostlegar, við höldum þær mjög hátíðlegar. Ég bjó til kjörkassa og atkvæðaseðla og þau fengu að taka ákvarðanir um mikilvæga hluti á eyjunni þeirra.“

Eitt er það sem Herdís lagði einnig mikla áherslu á í störfum

sínum. Að svara börnum ekki með óábyrgum hætti. Heldur þannig að það stuðlaði áfram að þekkingarleit þeirra og trausti til hinna fullorðnu.

„Ef maður segir eitthvað út í loftið þegar börnin spyrja okkur að einhverju sem þeim liggur á hjarta að

vita þá missa þau traust á okkur. Það má ekki vera svo aumkunarverður að segja: Ég veit það ekki. Eða, það færðu að vita seinna.“

Þau gætu til dæmis spurt: Er guð til? Eða er jólasveinninn til?

Þá þarf maður að vera með eitt-

## Af hverju færðu þér ekki almennilega vinnu?

„Við vorum að læra um samgöngur og hvernig við förum í skólann. Ég sagði börnunum að ég tæki strætisvagn í vinnuna. Þá spurði eitt barnanna:

„Hvar vinnur þú Herdís?“ Ég svaraði með nokkru stolti: „Ég vinn hér í skólanum við að kenna ykkur.“ „Færðu peninga fyrir það?“ spurði barnið forviða og hin stöðva á mig vantrúuð þegar ég játaði því. Þá sagði einn: „Því færðu þér ekki heldur alvöru vinnu eins og til dæmis í Samvinnutryggingum!“

hvað á takteinunum. Ég svaraði spurningunni um guð svona:

Ég skal segja ykkur það að ég trúi á það góða í heiminum og það góða í okkur sjálfum. Við eigum að nota það góða til að bæta heiminn. Þá verður betra að lifa.

Það eru ekki allir sammála um þetta. Það eru alls kyns trúarbrögð í heiminum, þau heita ólíkum nöfnum. Sem ég veit lítið um. En mér er sama hvað þau heita eða hvar í heiminum þau eru ef það er kærleikurinn sem er undirstaða. Þá finnst mér ekki koma mér við hvað þau heita. Ég get alveg staðið við þetta svar.“ [kristjana@frettabladid.is](mailto:kristjana@frettabladid.is)



Páll Óskar með verðlaunagripinn góða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Allir fá sama sjóvið

**Páll Óskar Hjálmtýsson** tónlistarmaður hlaut samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í flokknum Til atlögu gegn fordómum. Hann hefur um árabil talað máli samkynhneigðra með jákvæðum hætti.

Páll Óskar Hjálmtýsson býr nánast í Borgar-leikhúsinu um þessar mundir. Hann fer með hlutverk Frank-N-Furter í uppfærslu leikhússins á Rocky Horror. Sýningarnar eru fimm í viku og því hefur Páll Óskar hlúð vel að sér í búningsherbergi sínu.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Páll Óskar bregður sér í þetta skemmtilega og krefjandi hlutverk því fyrir 27 árum reimaði hann á sig korseleitt með leikfélagi MH.

„Ég er afar hræður og upp með mér. Líka hissa, hreinlega vegna þess að ég hef aldrei upplifað mig sem aktivista í atlögu gegn fordómum. Ég er ekki að gera atlögu að einum né neinum. Ég er enginn baráttumaður, en ég er fyrst og fremst í liði

með kærleikanum. Kærleikurinn mun ekki nást gegnum stríð. Ég hata stríð í hvaða mynd sem það birtist. Ég meika ekki fólk sem til dæmis leitar uppi átök á spjallrásum. Ég fordást dægurþras og rifrildi. Þetta er orka sem ég get ekki verið í, því hún lætur mig hreinlega deyjja innan í mér. Ég upplifi mig fyrst og fremst sem söngvara og listamann. Það starf verður til þess að maður getur stundum nýtt glugga til þess að láta í sér heyra, ég vona að ég hafi gert það til að koma á framfæri lífsviðhorfum sem ég hef,“ segir Páll Óskar.

Hann segist snemma hafa tekið ákvörðun um að vera samkvæmur sjálfum sér. „Ég vildi einfaldlega troða upp fyrir alla. Þjóðfélagsstaða, stétt, aldur, kynhneigð, húðlitur. Allt þetta skiptir mig engu máli. Allir fá sama

sjóvið. Á sama tíma, þá vildi ég ekki gefa neinn afslátt af hommanum í mér. Ekki heldur gagnvart börnum, unglungum, háum, lágum, ríkum jafnt sem jaðarsettum,“ segir Páll Óskar og víkur að því sem raunverulega skiptir hann máli.

„Ytra útlit þitt og aðstæður skipta engu. Hjartalag og karakter skiptir mestu máli. Ertu heiðarleg manneskja, maður orða þinna? Ég á mjög erfiðt með að vera í sama herbergi og fólk sem býr yfir illum ásetningi. Á sama tíma þoli ég það ekki þegar ég er málmaður sem einhver engill. Ég er það ekki baun. Ég er fullur af brestum sem ég þarf að dila við á hverjum degi. Eina leiðin til að dila við brestina er heiðarleikinn,“ leggur Páll Óskar áherslu á.

„Í gegnum þetta allt saman, öll

þessi milljón viðtöl sem ég hef farið í, þá hef ég ef til vill náð að vikka sjóndeildarhring fólks sem hafði kannski rörsýn á ákveðna hluti. Ef það gerðist einhvern tíma á leiðinni síðustu ár þá er það frábært. En ég lærði það fyrir löngu að þú getur ekki stjórnað viðbrögðum fólks við því sem þú gerir. Ég get ekki stjórnað því hvort fólk klappar fyrir mér eða ekki. En ég er búinn að læra það að ég get stjórnað mínum viðbrögðum við því sem annað fólk segir og gerir við mig. Mitt viðhorf gagnvart því öllu skiptir mestu máli. Ég ræð alveg hvort jafnvel árástir annars fólks hafa áhrif á mig eða ekki. Þetta er stærsti lærdómur sem ég hef tileinkað mér í lífinu,“ segir Páll Óskar.

Ég tileinkaði mér þessi viðhorf fyrir um það bil fimmtán árum. Þá tók ég viðhorf mitt til lífsins algjörlega í gegn. En vinnan við það var einfaldari en margan gæti grunað. Ég fór einfaldlega að þakka fyrir allt.

Þetta hljómar mjög væmið, ég geri mér grein fyrir því,“ segir Páll Óskar og brosir. „Ég vakna á morgnana og þakka fyrir það að hafa vaknað. Og ég segi já takk við öllu. Ég segi já takk við því að ég hafi sjón og heyrn. Ég þakka fyrir það að geta stigið fram úr rúminu vegna þess að það geta það ekkert allir. Svo þakka ég fyrir allt sem verður á vegi mínum um daginn. Ég þakka fyrir köttinn minn, Fréttablaðið sem kemur inn um lúguna, rigninguna. Ég sé það jákvæða, það er svo mikið líf í rigningunni.“

Þegar þú ferð svo út í daginn, drekkláðinn af þakklæti þá er ósköp lítið pláss fyrir reiði og gremju í sálartréinu. Allt þetta dægurþras sem sækir að manni á hverjum degi. Allt þetta rex og pex hefur ósköp lítil áhrif á mann ef maður passar sig á því að lifa í þakklæti. Í þakklætinu er svo miklu auðveldara að dila við erfiðu verkefni þegar þau koma – og trúðu mér, þau munu koma,“ segir Páll Óskar frá.

Viðhorfið segir hann hafa gagnast sér vel. „Ég hugsa alltaf, hvaða viðhorf ætlar þú að hafa gagnvart þessu verkefni. Ætlarðu að leggjast í kör og fara í fýlu? Eða ætlar þú að laga á þér hárið og gera þitt besta? Með þessu viðhorfi þá finnst mér ég hafa sigrast á mjög erfiðum hindrunum í lífinu. Hindrunum sem ég hélt við fyrstu sýn að ég gæti ekki yfirstigið,“ segir Páll Óskar.

„Eins og að vera í þessum bransa í hátt í 30 ár. Að meika næsta gigg. Nú er ég að gera fimm sýningar í hverri viku. Því fylgir verulegt álag. Ég þarf að bera næga virðingu fyrir



**Í ÞESSUM HEIMI FANN ÉG FÓLKID MITT. ÞETTA VAR FYRSTI VÍSIRINN AÐ ÞVÍ AÐ ÉG FÓR AÐ HUGSA UM ÞAÐ AÐ KOMA KANNSKI ÚT ÚR SKÁPNUM.**

verkefninu til þess að bera ábyrgð á sjálfum mér. Ég mæti ekki kaldur á svið heldur undirbý mig vel. Þar með sýni ég samstarfsfólki mínu og því góða fólki sem hefur keypt sér miða á sýninguna virðingu. Uppskeran er því lík gleðisþrengra á hverju kvöldi. Það er ótrúleg orka sem leysist úr læðingi á sýningunni hér.“

Páll Óskar segir ákveðnum hring lokað með því að hann hafi tekið að sér hlutverk Frank-N-Furter. „Frank-N-Furter kom til mín þegar ég var fjórtán ára gamall. Í gegnum VHS-vídeospólu sem ég leigði á Holts-götunni. Rocky Horror varð fyrsti glugginn minn inn í ákveðinn heim sem ég vissi ekki að væri til. En í þessum heimi fann ég fólkid mitt. Þetta var fyrsti vísirinn að því að ég fór að hugsa um það að koma kannski út úr skápnum.“

Rocky Horror er verkið sem hefur gefið mörgu hinsegin fólki rými. Stökkpall og kjark til þess að koma út. Á hverju kvöldi er ég hér á sviðinu að þakka fyrir mig. Og gefa það áfram. Til einhvers annars, ég veit ekki hvort það er einhver fjórtán ára gamall strákur úti í sal sem er í nákvæmlega sömu stöðu og ég var í. Það má vel vera að við séum að gera það nú þegar,“ segir Páll Óskar.

„Leikhópurinn fær frásagnir af börnum, sem hafa komið hingað á sýningar til okkar, hafa átt erfiðt með að sýna tilfinningar sínar og ræða málin en hafa opnast. Mætt í skólann bein í baki og sýnt á sér allt aðrar hliðar! Það er eins og sýningin hafi leyst áður óþekktar og jafnvel bældar tilfinningar úr læðingi. Ef það er uppskeran þá er ég alveg tilbúinn til að vera Frank-N-Furter fimm sinnum í viku,“ segir hann að lokum.

[kristjana@frettabladid.is](mailto:kristjana@frettabladid.is)



# WELÖ

LAUGARDAGUR 14. APRÍL 2018

## Helgin



Vaskir sveinar, nemendur í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, stofnuðu fyrirtækið Nordurljós í tengslum við frumkvöðlakeppni og bjuggu til loftljós úr flotkúlum. ➔6



Microlax endaparmslausn fæst án lyfseðils og er ætluð til meðhöndlunar við hægðatregðu.

# Þjáist þú af hægðatregðu?

Microlax er endaparmslausn til staðbundinnar notkunar við hægðatregðu. Microlax hefur verið í klínískri notkun í meira en 25 ár án nokkurra vandkvæða hvað varðar öryggi og notkun. ➔2



5 tölublað af Glamour, send heim að dyrum + EGF Serum frá Bioeffect á aðeins

**9.990 kr.**

Heildarverðmæti pakkans er 19.900 kr.



## Framhald af forsiðu →

Talið er að um 10-20% af almenningi þjáist af hægðatregðu og allt að 40% af þunguðum konum. Ástæður hægðatregðu geta verið mjög margar eins og t.d. léleg næring (lítið af vökva, trefjum, óhollur matur), aukaverkanir margra lyfja, veikindi, stress og margt fleira, segir Jódís Brynjarsdóttir, markaðstengill hjá Vistor hf.

Helstu einkenni hægðatregðu eru harðar hægðir sem erfitt er að losna við og tilfinning um að ná ekki að tæma við hægðalosun. Önnur einkenni geta verið maga-verkir, uppþemba, og óþægindi við hægðalosun.

Microlax endaparmslaun fæst án lyfseðils og er ætlað til meðhöndlunar við hægðatregðu. Microlax er hægðalyf sem eykur vatnsinnihald í hægðum og mýkir þær. Brotthvarf innihaldsefnanna verður í hægðum og þau hvorki frásogast, dreifast né umbrotna með altækum hætti (systemic). Ekki er búist við neinni óæskilegri verkun hjá föstrum eða nýburum sé lyfið notað eins og mælt er fyrir um á meðgöngu og við brjóstagið þar sem frásog Microlax er takmarkað.

Microlax hefur verið í klínískri notkun í meira en 25 ár án nokkurra vandkvæða hvað varðar öryggi og notkun.

Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).

Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS.

Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

**Microlax endaparmslaun er notuð við hægðatregðu og til þarmahreinsunar fyrir skurðaðgerð, endaparmsspeglun eða röntgenmyndatöku. Nota skal 1 túpu í endaparm u.þ.b. 15 mín. áður en áhrifa er óskað. Gætið varúðar við notkun hjá börnum yngri en 3 ára. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitid til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.**

**Microlax:**

- Virkar hratt, á u.þ.b. 15 mínútum.
- Túpan inniheldur aðeins 5 ml af vökva. Sem jafngildir einni teskeið.
- Virkar staðbundið í endaparmi og neðsta hluta ristils.
- Áhrifin eru fyrirsjáanleg (þú ræður tíma og staðsetningu hægðalosunar).

**Notkunarleiðbeiningar:**

- Snúið innsiglið af enda túpusprotans, smyrjið enda sprotans með einum dropa af innihaldi túpunnar – þá mun verða auðvelt að setja túpusprotann inn í endaparminn.
- Færa skal allan túpusprotann inn í endaparminn, hjá börnum yngri en þriggja ára skal þó einungis færa sprotann inn að hálfu (sjá merki á sprotanum).
- Tæmið túpuna alveg – einnig hjá börnum – og haldið henni samanklemmdri á meðan sprotinn er dreginn út.
- Hægðalosun verður eftir u.þ.b. 15 mínútum.

**Góð ráð við hægðatregðu**

- Borðuðu reglulega.
- Drekkstu að minnsta kosti 2 lítra af vatni á dag.
- Borðuðu trefjaríkan mat, s.s. heilakorn, grænmeti og ávexti.
- Stundaðu hreyfingu, hreyfðu þig a.m.k. 30 mínútur á dag.
- Temdu þér góðar salernisvenjur.
- Farðu á salernið um leið og þörfin gerir vart við sig – gjarnan á sama tíma á hverjum degi, t.d. eftir staðgöðan morgunverð sem kemur hreyfingu á þarmana.

**Einkenni hægðatregðu**

- Hægðalosun sjaldnar en þrisvar í viku.
- Erfiðleikar við að losa hægðir.
- Maginn virðist þaninn og fullur af lofti.
- Kviðverkir vegna þrýstings í þörmum.
- Harðar og ójafnar hægðir.
- Tilfinning um að ná ekki að tæma ristilinn.
- Andremma og illa lyktandi vindgangur.



Talið er að um 10-20% almennings þjáist af hægðatregðu og allt að 40% þungaðra kvenna. Ástæður hægðatregðu geta verið mjög margar, eins og t.d. léleg næring, lítið af vökva, óhollur matur, aukaverkanir af lyfjum, veikindi eða stress.



Microlax hefur verið í klínískri notkun í meira en 25 ár án nokkurra vandkvæða hvað varðar öryggi og notkun.



*Kaka ársins  
2018*

Verð  
3200 kr. -



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35  
Fálkagata 18

[www.bjornsbakari.is](http://www.bjornsbakari.is)

## K-vítamín er mikilvægt

Vísindamenn hafa fundið út að K-vítamín er mun mikilvægara fyrir líkamann en fólk telur enda er það ekkert sérstaklega þekkt. K-vítamín er afar mikilvægt fyrir blóðið.

Reyndar uppgötvaði danski vísindamaðurinn Henrik Dam þessa staðreynd árið 1930, segir á miðlinum videnskap.dk. Henrik fékk Nóbelsverðlaun fyrir þá uppgötvun og það var hann sem gaf vítamíninu nafnið K fyrir „coagulation“ eða storknun. K-vítamín er sem sagt nauðsynlegt til að blóðið storkni.

Þá benda vísindamenn við háskólann í Kaupmannahöfn á að skortur á K-vítamíni geti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér, til dæmis gætu sár verið lengi að gróa eða fólk fái oft blóðnasir. Sjúklingar sem taka blóðþynnningarlyf ættu að tryggja að þeir fái nóg K-vítamín í kroppinn. K-vítamín vinnur margþætt með öðrum efnum sem líkaminn þarf á að halda. Meðal þess er kalk en fólk með K-vítamín-skort er í meiri áhættu en aðrir að fá beinþynningu og þar af leiðandi beinbrot.

Þeir sem vilja vera öruggir með að fá nægt K-vítamín ættu að hafa grænkal, rósakál, spergilkál, spinat og aspas á disknum sínum. Allt þetta grænmeti er ríkt af K-vítamíni. Þess utan er allt þetta kál mjög hollt fyrir



Eggjakaka með spinati, hollur og góður matur.

líkamann og er talið með ofurfæði.

Hér er uppskrift að eggjaköku með miklu spinati sem fólk ætti að borða ef það telur sig þurfa að bæta K-vítamíni í fæðu sína.



### Eggjakaka með spinati og parmesanosti

Ótrúlega hollur og góður réttur sem er flott að elda þegar maður hefur ekki mikinn tíma eða kemur seint heim úr vinnunni. Uppskrifin ætti að duga fjórum.

**250 g spinat**

**1 laukur**

**1 hvítlauksrif**

**1 msk. smjör**

**8 egg**

**5 msk. furuhnetur**

Skolið spinatið og þerrið síðan. Skerið laukinn smátt. Bræðið smjör og steikið lauk og hvítlauk. Bætið spinatinu á pönnuna. Hrærið egginn í skál og bragðbætið með salti og pipar. Blandið helmingnum af parmesanostinum saman við. Hellið blöndunni á pönnuna. Hrærið með spaða þar til blandan fer að stífna. Lækið hitann og látið malla í um það bil 20 mínútur. Ristið furuhnetur og setjið yfir eggjakökuna í lokin ásamt hinum helmingnum af parmesanostinum.



# Laus við svitakóf og svefninn betri


Femarelle vörurnar eru náttúruleg lausn fyrir konur sem finna fyrir einkennum breytingaskeiðs. Þær slá á einkenni tíðahvarfa eins og hitakóf auk þess að styrkja beinin.

**B**reytingaskeiðið er eitthvað sem engin kona sleppur við. Einkennin geta verið afar mismunandi og þó svo að sumar konur sleppi nokkuð vel og finni lítið fyrir breytingunum eru fjólmargar sem þjást á einhvern hátt.

## Hvað er breytingaskeið

Breytingaskeiðið hefst þegar eggjastokkar konunnar draga úr framleiðslu á kvenhormónum og að lokum hættu. Þetta hefst oftast þegar konur eru á bilinu 45-52 ára en þó eru mörg dæmi þess að þetta ferli byrji fyrr og jafnvel síðar. Á þessu skeiði kemst ójafnvægi á hormónana sem getur lýst sér á margvíslegan máta en þetta eru einkenni eins og:

- Fyrirtíðaspenna
- Óreglulegar blæðingar
- Hitakóf & nætursviti
- Svefntruflanir
- Skapsveiflur
- Þurr húð og minni teygjanleiki
- Minni orka, þreyta og slen
- Þirringur
- Aukinn hjartsláttur
- Höfuðverkur



- Minni kynlöngun
- Kvíði og sorgartilfinning

## Femarelle virkar

Halldóra Ósk Sveinsdóttir hefur fundið fyrir einkennum breytingaskeiðsins í þó nokkur ár og hafa þau farið stigvaxandi með hækkingu aldri. Í byrjun þessa árs voru einkennin þó orðin þannig að ekki var lengur við unað. Hún hefur þetta að segja um Femarelle: „Þegar að því kom að ég vildi gera eitthvað í málunum, hugnaðist mér ekki að fara á hormónalyf svo ég frestaði alltaf að panta mér tíma hjá lækni. Einhvers staðar rakst ég á umfjöllun um náttúrulyfið Femarelle og góðar reynslusögur af því. Ég ákvað að kaupa mér einn pakka og prufa, það gæti varla skaðað nokkuð. Eftir 7 til 10 daga inntöku samvirkusamlega kvölds og morgna, fór ég að finna mun. Líkamsofminn minn var farinn að kveikja á yfirhita í tíma og ótíma en það hætti alveg. Ég vaknaði 4-6 sinnum á nóttu vegna svita og almenns þirringis en sef núna mjög vel sem skilar sér í meiri orku og úthaldi. Fótapierringur sem hefur hrjáð mig í mjög mörg ár hefur einnig minnkað til mikilla muna.“



Halldóra Ósk Sveinsdóttir hefur góða reynslu af Femarelle.

„Ég get sagt með góðri samvisku að Femarelle virkar.“

Halldóra Ósk Sveinsdóttir

Þetta allt þakka ég Femarelle Recharge töflunum því ef ég á þær ekki til þá láta einkennin aftur á sér kræla. Þess vegna get ég sagt með góðri samvisku að Femarelle virkar.

## Rannsóknir staðfesta virkni

Prófessor Andrea Genazzani, forseti Evrópuráðs í kvensjúkdómafræðum, mælir með Femarelle sem fyrstu meðferð við einkennum breytingaskeiðs en það sem gerir Femarelle sérstakt er efnasamband, unnið úr óerfðabreyttu soja, sem kallast DT56a og viðurkenndar rannsóknir sýna að það örvar estrógenema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og styrkir bein, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vefi móðurlífi eða brjóstum.

# Færri salernisferðir og betri nætursvefn

Brizo™ er fæðubótarefni sem er sérhannað fyrir karlmenn sem þjást af einkennum góðkynja stækkunar á blöðruhálskirtli og getur það veitt skjóta lausn við óþægilegum einkennum við þvaglát.

**Þ**egar karlmenn eldast breytist hormónamagnid í líkamanum sem getur valdið því að blöðruhálskirtillinn stækkar lítillega og fer að valda vandamálum við þvaglát. Það getur verið:

- Lítil eða slöpp þvagbuna
- Tíð þvaglát
- Næturþvaglát
- Skyndileg þvaglátapörf
- Erfitt að hefja þvaglát
- Þvagleki eða erfitt að stöðva þvaglát

- Þörf fyrir þvaglát skömmu eftir síðasta þvaglát
- Sviði eða sársauki við þvaglát

## Brizo breytti allri liðan

Skúli Sigurðsson ber Brizo vel söguna en hann segir jafnframt að hann hafi mikla trú á náttúrulegum lausnum sem í mörgum tilfellum geta komið í staðinn fyrir lyf og þá án aukaverkana:



„Ég var farinn að finna fyrir því að þurfa oft að kasta af mér þvagi og náði ekki að tæma blöðruna í hvert sinn. Ég vildi forðast að nota lyf og leist betur á að prófa eitthvað óhefðbundið og náttúrulegt. Mér bauðst að prófa Brizo og fann



Skúli Sigurðsson.

fljótt að mér leið betur. Áhrifin eru minni þrýstingur á blöðruna og þvagrásina. Ég er mjög ánægður með árangurinn og það, hvernig mér líður af notkun þess.“

## Aukin velliðan

Brizo er framleitt á einstakan hátt þar sem virka efnið SC012 er unnið úr gerjuðu soja. Rannsóknir hafa sýnt að verulega dró úr þeim einkennum sem áður voru talin upp við inntöku á Brizo í 3 mánuði. 1 hylki kvölds og morgna þarf til að Brizo beri tilætlaðan árangur.

Sölustaðir: apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana.

# Betri svefn

Melissa Dream er vísindalega samsett náttúrulyf, hannað til að stuðla að djúpri slökun og værum svefni

Þessi blanda inniheldur ekki efni sem hafa slöggvandi áhrif.



„Ég bæði sef fastar og sofna fyrr. Ég ligg ekki andvaka á koddanum og vakna endurnærð og úthvild. Ég sef alla nóttina og er ekki sífellt að vakna upp eins og áður. Ég mæli hiklaust með Melissa Dream fyrir alla“

Elsa M. Víðis



Valið besta bæstefni við streitu hjá National Nutrition í Kanada



# Sterk bein fyrir góða daga

Beinþynning er sjúkdómur sem ber að taka alvarlega en beinbrot verða þá við lítið álag og vegna áverka sem nægja að öllu jöfnu ekki til að brjóta heilbrigð bein. Huga þarf að beinvernd alla ævi.

Árlega má rekja um 1.400 beinbrot og 250 mjaðma- aðgerðir á Íslandi til beinþynningar en ætla má að þriðja hver kona og áttundi hver karl á Íslandi megi eiga von á broti af völdum beinþynningar. Beinþynning (e. osteoporosis) er sjúkdómur sem ber að taka alvarlega en beinbrot verða þá við lítið álag og vegna áverka sem nægja að öllu jöfnu ekki til að brjóta heilbrigð bein,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfari hjá Artasan.

## Hvað er beinþéttni?

„Beinþéttni segir til um hversu sterk beinin okkar eru. Fyrstu tvo áratugi ævinnar eru beinin að þéttast og þá, eins og alltaf, skiptir næringin öllu máli. Við verðum bæði að fá nægilegt magn af kalki, helst úr fæðunni, og D-vítamíni til byggja upp sterk bein. Upp úr 30 ára aldri fer að draga úr beinþéttinni og þá getur skipt máli hversu góð uppbyggingin hefur verið.“

## Áhættuþættir

Um 60-70% af beinþéttni ræðst af erfðapáttum. Hversu þétt beinin eru á yngri árum ræður líka miklu um hvenær þau ná brotastigi. Beinþynning hefst oft hjá konum við tíðahvörf en aðrir þættir sem við getum ekki haft áhrif á eru aldur, kyn og kynstofn.

Við getum þó eitthvað gert í málunum því það eru nokkrir þættir sem hægt er að hafa áhrif á:

- Holdafar (vannæring)
- Kalk- og/eða D-vítamínskortur
- Reykingar
- Hreyfing
- Lífshættir
- Einnig hafa ákveðin lyf, eins og sykurstera áhrif
- Næring og þungaberandi æfingar

„Þrátt fyrir að við höfum ekki fulla stjórn á því hversu mikil eða lítil beinþynningin verður þegar við eldumst, getum við haft töluverð áhrif á það og með réttum ákvörðunum jafnvel komið í veg fyrir beinbrot á efri árum,“ segir Hrönn. „Nægileg prótein, kalk- og D-vítamínneysla ásamt reglulegum líkamsæfingum er nauðsynleg til að fyrirbyggja beinþynn-



Beinvernd er mikilvæg alla ævi hvort sem einstaklingur hefur beinþynningu eða ekki. Góð bætiefni ásamt reglulegum líkamsæfingum eru nauðsynleg til að fyrirbyggja beinþynningu.

Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfari



## Fullkomin blanda fyrir beinin




Nægileg prótein, kalk- og D-vítamínneysla ásamt reglulegum líkamsæfingum er nauðsynleg til að fyrirbyggja beinþynningu.

ingu. D-vítamín þurfum við alltaf að taka inn á bætiefnaformi alla ævi en það sér um að líkaminn frásogi kalk úr fæðunni. K2-vítamín er ekki síður mikilvægt þar sem það sér um að binda kalkið í beininum.

Svo eigum við að hreyfa okkur alla daga en til að styrkja beinin þá eru þungaberandi æfingar bestar. Það eru æfingar þar sem við berum okkar eigin líkamsþyngd (göngur og skokk) og einnig er mjög gott að lyfta lóðum.“

## Osteo Advance – fullkomin beinablanda

Fjöldi rannsókna gegnum tíðina hefur sýnt fram á að dagleg inntaka á kalki og D-vítamíni getur dregið verulega úr líkum á beinbrotum vegna beinþynningar. Prótein, fleiri vítamín og steinefni eru þó nauðsynleg til að viðhalda sterkum beinum en þetta er t.d. magnesíum, K-vítamín og sink. Osteo Advance frá Natures Aid inniheldur allt það nauðsynlegasta til að viðhalda heilbrigðum beinum og tönnum en þar er



Upp úr 30 ára aldri fer að draga úr beinþéttinni og þá getur skipt máli hversu góð uppbyggingin hefur verið.

magnesíum og kalk í réttum hlutföllum ásamt D- og K2-vítamíni og sinki.

## Magnesíum fyrir beinfrumurnar

„Eins mikilvægt og það er að við fáum nægilegt magn af kalki og D-vítamíni er magnesíum ekki síður mikilvægt. Um 60% af magnesíumbirgðum líkamans eru í beininum.

Eitt af hlutverkum þess er að halda kalki uppleystu í blóðinu

sem er nauðsynlegt til að kalk safnist ekki fyrir á stöðum eins og í nýrum, æðum eða liðamótum. Magnesíum er nauðsynlegt fyrir starfsemi allra frumna og þ.m.t. beinfrumna og beinátfrumna og er undirstöðuefni fyrir ATP sem er nokkurs konar orkustöð hversar frumu. Bara þessi staðreynd segir okkur að það dregur mjög úr áhrifum kalks á styrk beina og hindrun beinþynningar ef ekki er nægilegt magn af magnesíum í líkamanum,“ segir Hrönn.



## Krill Oil - öflugustu Omega 3 fitusýrurnar

Krill olía er omega 3 í sinni hreinustu og öflugustu mynd, sótt í Suðurskautshafið sem er hreinasta hafsvæði veraldar. Líkaminn á mjög auðvelt með að nýta sér fitukeðjurnar í krillinu og ekkert eftirbragð er eftir inntöku.



„Eftir að ég fór að taka Krill olíuna finn ég mjög mikinn mun á mér og þá sérstaklega húðinni“

Kristófer Fannar Stefánsson



Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum veslana.



Full búð af nýjum og spennandi vörum



VELVET SOFT PÚÐAR 30X50 KR. 4.700



VASAR VERÐ FRÁ KR. 4.400 - 10.800



VEGGLJÓS KR. 12.900



MAIN  
STÆKKANLEGT BORÐSTOFUBORÐ 94X180/278 CM KR. 164.500



MIA STÓLL KR. 57.900



BAKKABORÐ KR. 9.900



ANTON SÓFI 197 CM - KR. 128.700



MOTTA 170X240 KR. 116.900



COUNTER BARSTÓLL KR. 58.300



KR. 4.900



KR. 19.800



LONDON SÓFABORÐ KR. 35.700



PÚÐAR KR. 6.400



BORÐLAMPI . 23.400

**LÍNAN**

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS  
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16



# Gerðu loftljós úr flotkúlum

Daníel Heiðar Tómasson, nemandi í frumkvöðlafræði í Fjölbrautaskóla Garðabæjar, stofnaði fyrirtækið Norðurljós sem framleiðir loftljós úr flotkúlum ásamt nokkrum skólafélögum.

Elín  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



Daníel Heiðar og skólabræður hans tóku þátt í frumkvöðla-samkeppni framhaldsskólanna en komust ekki í úrslit. „Það gerir ekkert til því við höfum lært mikið af þáttökunni,“ segir hann. Strákarnir hönnuðu loftljós úr flotkúlum sem hefur rekið á land við fjörur Íslands. Þeir tína upp flotkúlurnar sem koma í nokkrum litum og breyta þeim í falleg loftljós með mikinn karakter. Flotkúlur menga fjöruna en þær eyðast afar hægt í náttúrunni þar sem þær eru gerðar úr plasti.

Daníel segir að þetta sé raunverulega skólaverkefni. Nemandur er skipt upp í hópa og hver hópur á að stofna alvöðufyrirtæki. „Við létum fyrirtækið okkar heita Norðurljós en síðan þurftum við að finna viðskiptahugmynd og þróa hana. Verkefnið var í tengslum við frumkvöðla-samkeppni framhaldsskólanna sem sett var upp í Smáralind 8. apríl síðastliðinn. Við þurfum síðan að skila inn árskýrslu um starf fyrirtækisins.

Hugmyndina fengum við þegar okkur var boðið í heimsókn í Sjávarklasann. Þar fengum við



Daníel Heiðar er framkvæmdastjóri Norðurljósa.

fyrirlestur og fengum að skoða hluti tengda hafinu, meðal annars flotkúlur. Okkur var sagt að nauðsynlegt væri að hreinsa fjörunar og leitað væri leiða til að endurnýta flotkúlur/trollkúlur. Í framhaldinu fórum við að velja fyrir okkur hvað við gætum gert með svona plastkúlu en þá kom upp hugmynd að loftljósi sem varð niðurstaðan. Við höfum síðan fjöruferðir í leit að flotkúlum. Í upphafi fengum við aðstoð við að tína flotkúlurnar hjá samtökunum Bláa hernum og Tómasi Knúttssyni. Síðan höfum við gert þetta sjálfir. Við notum bara þær kúlur sem eru heillegar. Við höfum sett upp ljós heima hjá



Þórður Helgi Friðjónsson, Hlynur Bergsson, Daníel Heiðar, Ragnar Áki Ragnarsson og Snorri Björn.

**GALLAJAKKI  
13.990**

**502 REGULAR TAPER  
13.990**

## Vélamenn óskast



Malbikunarstöðin Höfði h.f. óskar eftir:

**Vélamönnum til vinnu hjá malbikunarstöðinni.**

Upplýsingar veitir verkstjóri í síma 693 5870 milli kl. 7.30 og 17.00 virka daga.

Malbikunarstöðin Höfði HF

Sævarhöfða 6-10 • 110 Reykjavík • Sími: 587 5848 • Fax: 587 5576  
Pósthólf 10032 • 130 Reykjavík • Kt. 581096-2919 • Vsk: 52200



## Menntaskóli Borgarfjarðar auglýsir eftirfarandi starf:

Menntaskóli Borgarfjarðar auglýsir eftir **íslenskukennara** í að lágmarki 80% stöðu (eða samkvæmt vinnumati) næstkmandi skólaár 2018-2019. Möguleiki er á áframhaldandi ráðningu. Kennsluréttindi á framhaldsskólastigi skilyrði. Laun greiddast samkvæmt kjarasamningi KÍ.

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast Guðrúnu Björgu Aðalsteinsdóttur skólameistara í netfangið [guðrunbjorg@menntaborg.is](mailto:guðrunbjorg@menntaborg.is)

Einnig er hægt að nálgast nánari upplýsingar í síma 433-7700.

**Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi 1. maí 2018.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



## Málmblásturskennari

Tónlistarskóli Árnesinga óskar eftir að ráða til starfa **málmblásturskennara í allt að 10 klst. á Selfossi** frá hausti 2018.

Kennt er samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Tónlistarkennaramenntun
- Reynsla af tónlistarkennslu æskileg
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum

Upplýsingar gefa Helga Sighvatsdóttir skólastjóri í síma 861-9687 eða Jóhann Stefánsson aðstoðarskólastjóri í síma 864-1235. **Umsóknarfrestur er til 28. apríl 2018.**

Umsóknir sendist á netfang skólans [tonar@tonar.is](mailto:tonar@tonar.is)

Sendu má fyrirspurnir og umsóknir í tölvupósti til [helga@tonar.is](mailto:helga@tonar.is) og [joi@tonar.is](mailto:joi@tonar.is).

Tónlistarskóli Árnesinga er einn af stærstu tónlistarskólum landsins með starfsemi á 12 kennslustöðum í sýslunni. Fjöldi nemenda er um 600 og um 30 kennarar starfa við skólann.



## Bifreiðastjórar óskast

Óskum eftir bílstjórum í hlutastörf, sumarstörf og framtíðarstörf í almennar hópferðir út frá Selfossi eða Reykjavík.

### Hæfniskröfur:

- Rútuþróf
- Stundvísi
- Þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð
- Enskukunnátta æskileg en ekki skilyrði

Hægt er að sækja um á [www.gtyrfingsson.is](http://www.gtyrfingsson.is) eða senda umsókn á [ainar@gtyrfingsson.is](mailto:ainar@gtyrfingsson.is)

Guðmundur Tyrfingsson - GT's ehf er rótgróid ferðaþjónustu-fyrirtæki sem var stofnað 1969. Við erum að leita að metnaðarfullu og hressu starfsfólki sem hefur áhuga á að vinna með okkur.



**Líftryggingaumboð Íslands leitar að öflugum símsölumanni í sumarstarf!**

Starfið er mjög vel greitt fyrir rétta sölumanninn.

Sendu inn umsókn á netfangið [helgi@liftrygging.is](mailto:helgi@liftrygging.is) og við höfum samband.

# Starfsmaður í véladeild

**Héðinn hf. leitar að starfsmanni í spennandi starf á vélaverkstæði fyrirtækisins.**

Starfið felur í sér almenna suðuvinnu, viðgerðir og uppsetningu á búnaði í samvinnu við Rolls-Royce þjónustu fyrirtækisins.

Við hvetjum þig til að sækja um ef þú hefur áhuga á að starfa við fjölbreytt verkefni með öflugum og skemmtilegum hópi starfsmanna.

Mikilvægt er að hafa góða reynslu af almennri suðuvinnu, rörasmiði og tala íslensku.

Nánari upplýsingar veitir  
**eddi@hedinn.is**  
eða í síma **660 2138****HÉÐINN**

Gjáhella 4 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100 • hedinn.is

# ELEKTRUS

- Löggiltir rafverktakar

## Rafvirki óskast

Leitum að hressum og skemmtilegum rafvirkja. Stundvísi, frumkvæði og drifkraftur æskilegur

Umsóknir og ferilskrá sendist á [sigurjon@elektrus.is](mailto:sigurjon@elektrus.is)  
Upplýsingar í síma 895 1580

## Örtækni - Ræsting

Starfsfólk óskast í sumarafleysingar til almennra ræstingarstarfa. Færni í íslensku og reynsla af ræstingum nauðsyn. Ráðningartíminn er 3 mánuðir (maí-júlí).

Áhugasamir sendi tölvupóst á [thorsteinn@ortækni.is](mailto:thorsteinn@ortækni.is)

## Lögfræðingur á lögfræðisvið Kviku banka

Við leitum að öflugum einstaklingi til starfa á lögfræðisviði.

### Helstu verkefni eru:

Almenn lögfræðiþjónusta við önnur svið bankans, s.s. lögfræðileg greining, ráðgjöf og skjalagerð. Verkefni eru fjölbreytt og varða m.a. ýmis svið fjármuna- og félagaréttar.

### Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Fullnaðarpróf í lögfræði
- Starfsreynsla af lögmannsstofu eða úr sambærilegu starfi
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Metnaður til að takast á við krefjandi starf
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta
- Lögmannsréttindi eru kostur

Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl nk. Nánari upplýsingar á [kvika.is](http://kvika.is)

KVÍKA



## GRAFÍSKUR MIÐLARI / PRENTSMIÐUR ÓSKAST Á SELFOSS

Prentmet á Selfossi óskar eftir grafískum miðlara/prentsmið í 100% starf. Starfið er aðallega fólgið í umbroti og aðstoð við að skrifa og afla fréttu í miðlana okkar, fréttablaðið Dagskrána og DFS.is. Við leitum að starfskrafti sem er góður í upplýsingatækni og hefur gott vald á íslenskri tungu. Góð þekking á Adobe forritunum InDesign, Photoshop og Illustrator er mikilvæg. Sveinspróf í grafískri miðlun/prentsmiði eða sambærileg menntun er æskileg. Þjálfun í boði fyrir rétta aðila. Vinnutími er kl. 8:00–16:00.

### Viðkomandi þarf að geta hafið störf um miðjan júlí 2018.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri mannaúðsmála, [ingasteina@prentmet.is](mailto:ingasteina@prentmet.is), s. 856 0601. Atvinnuumsókn er á [www.prentmet.is/um-okkur/atvinnuumsokn/](http://www.prentmet.is/um-okkur/atvinnuumsokn/)

### Umsóknarfrestur er til 26. apríl nk.

Prentmet er framsækið fyrirtæki sem býður upp á heildarlausnir og hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Lögð er áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

S. 5 600 600 - [www.prentmet.is](http://www.prentmet.is)





## Skólastjóri Tónmenntaskóla Reykjavíkur

### Staða skólastjóra Tónmenntaskóla Reykjavíkur er laus til umsóknar.

Tónmenntaskóli Reykjavíkur er næstelsti tónlistarskóli í Reykjavík, stofnaður árið 1953 af dr. Heinz Edelstein. Skólastjóri veitir skólanum faglega forystu og ber ábyrgð á daglegum rekstri hans og fjárreiðum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands/Félags íslenskra hljómlistarmanna.

Umsækjandi þarf helst að geta hafið störf þann 1. ágúst 2018.

#### Starfssvið

- Fagleg umsjón með skólastarfi
- Daglegur rekstur skólans
- Fjárhagsáætlanagerð, eftirfylgni og uppgjör
- Samskipti við yfirvöld

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tónlistar
- Reynsla af tónlistarkennslu og tónlistarflutningi
- Menntun og/eða reynsla af stjórnun og rekstri
- Leiðtogaþæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Góð íslenskukunnátta í talmáli og ritmáli
- Góð tölvufærni

Umsóknum fylgi ítarleg starfsferilskrá ásamt greinargerð þar sem kemur fram ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til starfsins. Umsókn skal fylgja listi yfir meðmælendur.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl**

Umsókn skal senda á netfang skólans: [tms@tonmenntaskoli.is](mailto:tms@tonmenntaskoli.is)

### Starfsmenn óskast

Verkamenn, smiðir, járnsmenn og einnig vana menn til utanhússklæðninga.

Upplýsingar sendist á netfangið: [111@simnet.is](mailto:111@simnet.is)



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Embætti skólameistara Fjölbrautaskólans við Ármúla

Auglýst er laust til umsóknar embætti skólameistara Fjölbrautaskólans við Ármúla.

Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, [menntamalaraduneyti.is](http://menntamalaraduneyti.is).

**Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2018.**



Skeljungur

## Skeljungur óskar eftir meiraprófsbílstjóra!

Skeljungur óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra á rekstrarsvið á Akureyri og í Reykjavík í sumarafleysingar.

Við leitum að dugmiklu fólki á öllum aldri jafnt konum sem körlum til að sinna afgreiðslu, dælingu og dreifingu eldsneytis til viðskiptavina Skeljungs. Um skemmtilegt og fjölbreytt starf er að ræða. Markmið Skeljungs er að hafa innanborðs áhugasamt, hæft starfsfólk sem sýnir frumkvæði og metnað í starfi og tekur virkan þátt í að gera félagið sífellt betra.

#### Hæfniskröfur:

- CE meirapróf
- ADR próf kostur en ekki nauðsyn\*
- Frumkvæði og samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

\*Skeljungur greiðir ADR námskeið fyrir þá sem ekki hafa þau réttindi Ráðningartími er frá maí til september  
Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl.

Sótt er um starfið á vef Skeljungs [www.skeljungur.is/starf](http://www.skeljungur.is/starf)

Nánari upplýsingar veitir  
Pétur Gísli Jónsson í síma 444 3059  
eða á netfangið [pgj@skeljungur.is](mailto:pgj@skeljungur.is)

[www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is)



# COSTCO WHOLESALE

## GAKKTU TIL LIÐS VIÐ OKKUR!



## SJÓNTÆKJAFRÆÐINGUR

Við viljum ráða annan sjóntækjafraeðing í teymið okkar

Í sjóntækjadeild Costco leggjum við áherslu á framúrskarandi þjónustu við meðlimi okkar og faglega ráðgjöf um allt sem viðkemur sjóntækjum. Costco býður:

- Samkeppnishæf laun
- Sveigjanlegan vinnutíma
- Tækifæri til starfsþróunar á öllum sviðum vöruhússins

Ef þér finnst þetta vera rétta tækifærið fyrir þig, vinsamlegast sendu ferilskrána þína til:

**Ste McClay hjá sjóntækjadeildinni í Bretlandi**  
netfang: [smcclay@costco.co.uk](mailto:smcclay@costco.co.uk)

# IDEX

## Söluráðgjafi

#### Starfssvið:

- Sala og samningagerð.
- Viðhald og öflun viðskiptatengsla.
- Kynning á vörum fyrirtækisins.
- Önnur verkefni.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla á sviði byggingaiðnaðarins.
- Tungumálakunnátta.
- Tölvufærni.
- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum æskileg.
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð.
- Færni í mannlegum samskiptum.

Umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað á tölvupósti til [idx@idex.is](mailto:idx@idex.is) fyrir 20.04.2018.



# Deildarstjóri fjárstýringar

Fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtækið Sýn leitar nú að kraftmiklum og reynslumiklum einstaklingi til að sinna starfi deildarstjóra fjárstýringar. Sýn er nýtt heiti á sameinuðu félagi Vodafone og 365 miðla. Helstu verkefni snúa að lausafjárstýringu félagsins, utanumhaldi um sjóðsstreymisspá og gjaldeyrisjöfnuð ásamt því að bera ábyrgð á innheimtu félagsins. Viðkomandi mun einnig sjá um stýringu einingarinnar og starfsmannamál ásamt ýmsum öðrum fjármálatengdum verkefnum.

## Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða önnur menntun / reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla af fjármálum er nauðsynleg.
- Þekking á rekstri fyrirtækja æskileg.
- Miklir samskiptahæfileikar, jákvæðni og metnaður.

Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl nk.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á [radningar.syn.is](http://radningar.syn.is)



## Uppsetning og viðhald á iðnaðarhurðum

Óskum eftir að ráða öflugan starfsmann við uppsetningu og viðhald á iðnaðarhurðum.

Viðkomandi þarf að vera handlaginn, vandvirkur, með ríka þjónustulund og geta unnið sjálfstætt.

Talað og lesið íslensku og hafa bílpróf.

Umsóknir sendist á [joi@hedinshurdir.is](mailto:joi@hedinshurdir.is)



Íshella 10 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

## Staða skólastjóra við Réttarholtsskóla

Laus er til umsóknar staða skólastjóra við Réttarholtsskóla.

Réttarholtsskóli er í Bústaðahverfi í Reykjavík og er unglingskóli fyrir nemendur í 8.-10. bekk. Í skólanum eru um 400 nemendur og starfsmenn eru líðlega 50. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki og stöðugleiki er í starfsmannahaldi. Einkunnarorð skólans eru virðing – virkni – vellíðan og áhersla er lögð á að bjóða nemendum upp á nám við hæfi, fjölbreytt námsval og skólaanda sem einkennist af virðingu, jákvæðni og samvinnu allra sem skólanum tilheyra. Skólinn er þátttakandi í Olweusaráætluninni gegn einelti og kannanir hafa ítrekað leitt í ljós góðan árangur á því sviði. Skólinn er í grónu hverfi og gott samstarf er við foreldra og nærumhverfi.

Mikilvægt er að skólastjóri hafi skýra sýn á leiðir sem hann vill fara til að viðhalda jákvæðum skólabrag og vinna að vellíðan og velferð allra nemenda.

Leitað er að einstaklingi sem veitt getur skólasamfélaginu öllu, nemendum jafnt sem starfsfólki, virka og öfluga forystu og verið fyrirmynd um vandvirkni, metnað og áherslu á árangur.

### Meginhlutverk skólastjóra er að:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnu-tilhöggun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og metnaður í starfi.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlunargerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækni verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2018. Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl 2018.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Skólastjórafélags Íslands. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Nánari upplýsingar veita Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, sími 411-1111. Netföng: [soffia.vagnsdottir@reykjavik.is](mailto:soffia.vagnsdottir@reykjavik.is) / [ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is](mailto:ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



S A F T







## JARÐVINNUVERKSTJÓRI

Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar hvort sem um er að ræða iðnaðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, opinberar byggingar eða aðra mannvirkjagerð sem og jarðgangagerð og jarðvinnuframkvæmdir bæði hérlendis og erlendis.

Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga, með góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.

ÍAV er eina verktakafyrirtækið á Íslandi sem hefur bæði ISO 9001 gæðavottun og OSHAS 18001 öryggisvottun.



Við breytum vilja í verk

Vegna aukinna umsvifa og góðrar verkefnastöðu óskar ÍAV eftir að ráða jarðvinnuverkstjóra til starfa. Um er að ræða framtíðarstaf.

Jarðvinnuverkstjóri sinnir eftirfarandi þáttum:


- Stjórnar framkvæmdum á verkstað og sér um skipulagningu vinnusvæðis, aðstöðusköpun o.fl.
- Hann ber ábyrgð á að framkvæmd sé í samræmi við uppdrætti, lög og reglugerðir ásamt því að hafa ábyrgð á öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisáætlun.
- Áætlanagerð og samskipti við undirverktaka.
- Skráning tækja og útfylla dagskýrslur o.fl.
- Ásamt fleiri atriðum sem snúa að rekstri vinnustaða.

Hæfnikröfur og reynsla:

- Reynsla af stjórnun jarðvinnuframkvæmda
- Þekking á vélum og tækjum í mannvirkjagerð
- Hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af mannaforráði
- Menntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Þekking á tölvuforritunum Word og Excel

ÍAV leitar að stundvísu og metnaðarfullum starfsmanni. Við höfum uppá að bjóða fyrsta flokks vinnuástöðu, hvetjandi vinnuumhverfi og góðan hóp starfsmanna með mikla reynslu.

Nánari upplýsingar veitir Árni Valur Garðarsson í síma 660 8158. Umsóknir óskast lagðar inn í gegnum heimasíðu ÍAV, [www.iav.is](http://www.iav.is)



ÍAV hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200 | [www.iav.is](http://www.iav.is)



## Rekstraraðili óskast

Skeljungur hf. auglýsir eftir aðila til að taka við rekstri verslunar fyrirtækisins við bensinstöð Orkunnar á Fáskrúðsfirði.

Um er að ræða sjálfstæðan rekstur og umsjón með bensinstöð.

Hér er á ferðinni spennandi tækifæri fyrir traustan aðila með áhuga á fjölbreyttu starfi í beinum samskiptum við viðskiptavini.

Reynsla af rekstri æskileg.

Nánari upplýsingar veitir Logi L. Hilmarsson í síma 444 3000 eða á netfangið [llh@skeljungur.is](mailto:llh@skeljungur.is)



## Meiriháttar góð sumarvinna!

Rauði krossinn á Íslandi leitar að góðu fólki á aldrinum 20–30 ára til að starfa með félaginu í sumar. Um er að ræða vinnu hálfan daginn sem felur í sér söfnun MANNVINA – sem eru styrktarfélagar Rauða krossins.

Viðkomandi þarf að hafa áhuga á mannúðarmálum, hafa góða framkomu, vera jákvæð(ur) og geta unnið sjálfstætt. Þekking og reynsla af störfum Rauða krossins er kostur.

- Vinsamlega sendið umsókn með ferilskrá og meðmælum á [johannagud@redcross.is](mailto:johannagud@redcross.is) fyrir 24. apríl. Fyrirspurnir sendist á sama netfang.



## REKTOR VIÐ LANDBÚNAÐARHÁSKÓLA ÍSLANDS

Landbúnaðarháskóli Íslands er leiðandi afl í rannsóknum, kennslu og nýsköpun á sviði auðlinda- og umhverfisfræða, heildstæðrar landnýtingar, landslagshönnunar og skipulags. Skólinn leggur áherslu á fjölbreyttar rannsóknir og nám sem mæta þörfum atvinnulífs, í samvinnu við fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök.

- Landbúnaðarháskólinn starfar í tveimur deildum: Starfsmenntadeild á framhaldsskólastigi í búfræði og garðyrkju og háskóladeild auðlinda og umhverfis sem býður upp á BS, MS og PhD nám í búvísindum, náttúru- og umhverfisfræði, skógfræði og landgræðslu, BS nám í umhverfisskipulagi og MS nám í skipulagsfræði. Skráður nemendafjöldi er um 300 árið 2018 og starfsmenn eru um 85.

Starfsstöðvar skólans eru þrjár, að Hvanneyri í Borgarfirði, Reykjum í Ölfusi og Keldnaholti í Reykjavík. Höfuðstöðvar skólans eru á Hvanneyri. Nánari upplýsingar um skólann er að finna á [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is).

- Mikilvæg verkefni eru framundan hjá skólanum, meðal annars að endurskoða hlutverk og stefnu skólans, styrkja umgjörð um nám og nemendur, auka tengsl við atvinnulífið og efla gæðamál og rannsóknir.
- Rektor er æðsti stjórnandi Landbúnaðarháskólans, annast rekstur og stjórnun í umboði háskólaráðs og ber ábyrgð gagnvart því.

### MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

Akademískt hæfi sem og þekking á. og reynsla af rannsóknum og starfi háskóla  
Viðtæk stjórnunarhæfni og -reynsla  
Ríkir leiðtoga- og samskiptahæfileikar  
Reynsla af fjármálum og stefnumótun

### UMSÓKN SKAL FYLGJA:

Ítarleg greinargerð um náms- og starfsferil.  
Staðfest eintök af öllum viðeigandi prófskírteinum.  
Upplýsingar um þrjá meðmælendur.

Umsóknarfrestur er til 13. maí nk. Umsóknir berist Landbúnaðarháskóla Íslands merktar: Umsókn um stöðu rektors við Landbúnaðarháskóla Íslands. Ekki er notað staðlað umsóknar-eyðublað. Umsóknir og fylgigögn skal einnig senda á rafrænu formi eftir því sem unnt er á netfangið [arnag@lbhi.is](mailto:arnag@lbhi.is).

Hæfni umsækjenda um embætti rektors verður skoðuð í ljósi heildarmats, m.a. með tilliti til rekstrar- og stjórnunarreynslu, vísindastarfa og hvernig menntun og reynsla viðkomandi muni nýtast í starfi rektors.

Gert er ráð fyrir að mennta- og menningarmálaráðherra skipi í embætti rektors til fimm ára frá og með 1. október 2018 samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Háskólaráð tilnefnir þrjá menn í valnefnd til að meta hæfni umsækjenda skv. 1. mgr. 18. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Arna Garðarsdóttir, mannauðsstjóri, í síma 843-5310 og á netfanginu [arnag@lbhi.is](mailto:arnag@lbhi.is)

Landbúnaðarháskóli Íslands stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um laus störf.

LBHI.IS



## Heilbrigðisstofnun Norðurlands Húsavík auglýsir þrjár stöður yfirhjúkrunarfræðinga lausar til umsóknar.

Leitað er eftir metnaðarfullum og áhugasömum stjórnendum.

HSN Húsavík - Yfirhjúkrunarfræðingur á sjúkradeild

HSN Húsavík - Yfirhjúkrunarfræðingur í Hvammi heimili aldraðra á Húsavík

HSN Húsavík - yfirhjúkrunarfræðingur á hjúkrunardeild

Störfín veitast frá 1. ágúst 2018 eða eftir samkomulagi. Nánari upplýsingar er að finna á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is) og heimasíðu HSN [www.hsn.is/laus](http://www.hsn.is/laus) störf

Umsóknarfrestur er til 23. apríl 2018.

### Nánari upplýsingar:

Áslaug Halldórsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur svæðis í síma 464 0514/860 7736, netfang [aslaug.halldorsdottir@hsn.is](mailto:aslaug.halldorsdottir@hsn.is)

Guðný Friðriksdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 860 7750, netfang [gudnyf@hsn.is](mailto:gudnyf@hsn.is)



# Hagstofa Íslands

## leitar að metnaðarfullu og áhugasömu starfsfólki



### Sérfræðingur á efnahagssviði

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa í vísitöludeild. Deildin sér um útreikning verðvísitalna, úrvinnslu útgjaldarannsóknar og alþjóðlegan verðsamanburð. Starfið felur í sér vinnu við mælingu og útreikning verðvísitalna og annarrar verðtölfræði. Þar má nefna vísitölu byggingarkostnaðar, vísitölu framleiðsluverðs og vísitölu neysliverðs. Starfið felur að auki í sér samskipti við gagnaveitendur, meðhöndlun stórra gagnasafna, framleiðsluferla, þjónustu við notendur og kynningu á aðferðafræði. Viðfangsefni eru fjölbreytt og fela í sér mikil samskipti við innlenda og erlenda aðila.

#### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf í verkfræði, stærðfræði, hagfræði eða önnur sambærileg menntun sem veitir sterkan grunn í greiningu. Framhaldsmenntun er kostur.
- Þekking á vísitölufærðum er kostur
- Þekking á vinnslu gagnagrunna (t.d. SQL)
- Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu
- Forritunarkunnátta er kostur
- Geta til að vinna sjálfstætt, skipulega og undir álagi
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og agi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Arnar Þórðarson í síma 5281000.

### Gagnagrunnssérfræðingur (e. data engineer)

Hagstofa Íslands leitar að sérfræðingi til að taka þátt í uppbyggingu gagnainnviða og gagnamiðlunar stofnunarinnar. Gagnagrunnssérfræðingur mun sinna hönnun og þróun gagnagrunna ásamt úrvinnslu- og miðlunarferlum miðað við ytri og innri þarfir notenda. Að auki felst í starfinu almenn hugbúnaðarþróun meðal annars til að auka sjálfvirkni ýmissa keyrslna ásamt rekstri gagnagrunnsþjóna.

#### HÆFNISKRÖFUR

- Geta til að sökkva sér í og leysa upplýsingatæknivandamál
- Þekking og reynsla af almennt viðurkenndum venjum í hugbúnaðarþróun
- Þekking og reynsla af notkun og rekstri mismunandi gagnagrunnslausna
- Þekking á gæðafærlum í innlestrarferlum og gagnagrunnvinnslu er æskileg
- Þekking á tæknilegri högun almennra gagnagrunnskerfa er æskileg
- Þekking á helstu öryggisógnum upplýsingakerfa er æskileg
- Þekking og reynsla af vöktunarkerfum og samskipanastjórnunartólum (e. configuration management tools) er æskileg
- Þekking og reynsla af vélrænu gagnanámi (e. machine learning) er mikill kostur
- Þekking og reynsla af rekstri netþjóna er kostur
- Háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi er kostur
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2018** og skulu umsóknir berast til: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Helga Hauksdóttir í síma 528-1000.

**Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk Hagstofunnar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum. Nánari upplýsingar má finna á [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)**

### Viðmótsforritari (e. frontend developer)

Starfið felst í þróun og viðhaldi notendaviðmóts í veflausnum Hagstofu Íslands. Starfsmaðurinn mun sinna hönnun notendaupplifunar (e. user experience) og notenda-viðmóta (e. user interface) ásamt framendaforritun (e. frontend development) og gagnaframsetningu. Notendaviðmóttin einskorðast nær eingöngu við veflausnir.

#### HÆFNISKRÖFUR

- Geta til að sökkva sér í og leysa upplýsingatæknivandamál
- Þekking og reynsla af gagnvirknis- og viðmiðmótshönnun
- Þekking á vefstöðlum
- Þekking og reynsla af almennt viðurkenndum venjum í hugbúnaðarþróun
- Þekking og reynsla af vafraforritunarmálum, þ.m.t. umbreytt mál (e. transpiled)
- Þekking og reynsla af mælingum á hegðun vefnotenda er æskileg
- Þekking og reynsla af upplýsingahögun og –hönnun, sér í lagi efnisuppbyggingu og framsetningarreglum er æskileg
- Þekking og reynsla af gagnaframsetningu er æskileg
- Þekking og reynsla á svargæfri vefhönnun (e. responsive web design) er æskileg
- Þekking og reynsla af smíðispípum (e. build pipelines) fyrir framendavirkni og bestun fyrir vefi (e. web performance) er æskileg
- Háskólapróf í tölvunarfræði, grafískri hönnun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi er kostur
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar

Með umsóknum skal fylgja dæmi um viðmótshönnun sem umsækjandi útfærði (ekki er gerður greinarmunur á raunverulegu dæmi í notkun eða tilbúningi).

### Kerfisstjóri

Hagstofa Íslands leitar eftir kerfisstjóra til starfa. Starfið felst í teymisvinnu við rekstur og áframhaldandi uppbyggingu á tölvuumhverfi Hagstofunnar. Kerfisstjóri mun sinna rekstri útstöðva og þjónustu við starfsmenn auk þess að koma að rekstri netþjóna og fjölbreyttra kerfislausna sem eru nauðsynlegar daglegum rekstri Hagstofunnar. Starfið krefst þess að sá sem því sinnir hafi að bera vilja til að læra á nýjar lausnir og aðferðir og kynna sér í dýpt eldri lausnir. Að auki er mikilvægt er að viðkomandi hafi áhuga á að vinna í hóp og eigi auðvelt með að starfa með öðrum.

#### MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Þekking og reynsla af rekstri vélbúnaðar fyrir útstöðvar
- Reynsla af rekstri tölvukerfa í sýndarumhverfi er æskileg
- Þekking og reynsla af uppsetningu og rekstri GNU/Linux og Microsoft Windows stýrikerfa er æskileg
- Þekking á helstu öryggisógnum upplýsingakerfa og viðeigandi fyrirbyggjandi aðferðum
- Þekking og reynsla af vöktunarkerfum og samskipanastjórnunartólum (e. configuration management tools) er æskileg
- Háskólapróf í tölvunarfræði, kerfisfræðimenntun eða önnur sambærileg menntun er kostur
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Þjónustulund, færni í mannlegum samskiptum og samstarfshæfni
- Hreint sakavottorð



## Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningar sniðnar að þörfum viðskiptavinarins.

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770  
www.radum.is • radum@radum.is

ráðum  
ráðningarstofa



# FRAMKVÆMDASTJÓRI FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN ÁRSEL

## LAUS ER TIL UMSÓKNAR STAÐA FRAMKVÆMDASTJÓRA FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVARINNAR ÁRSELS

Frístundamiðstöðin Ársel er staðsett við Rofabæ í Reykjavík og þar vinna rúmlega 80 starfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn. Í Árseli er boðið upp á fjölbreytta og heildstæða frístundaiðju fyrir íbúa í Árbæ, Grafaholti, Norðlingaholti og Úlfarsárdal.

### Gildi Ársels eru fjölbreytni, traust og samvinna.

Frístundamiðstöðin Ársel starfrækir þrjár félagsmiðstöðvar fyrir unglina á aldrinum 10-16 ára; Fókus í Grafarholti, Tíuna í Árbæjarhverfi og Holtið í Norðlingaholti. Ársel hefur einnig umsjón með fjórum frístundaheimilum, Töfraseli við Árbæjarskóla, Stjörnulandi við Ingunnarskóla, Fjósínu við Sæmundaskóla og Víðiseli við Selásskóla.

Framkvæmdastjóri stýrir stjórnendateymi frístundamiðstöðvar borgarhlutans, tekur þátt í stefnumörkun frístundastarfs og innleiðir stefnur og ákvarðanir yfirstjórnar sviðsins. Í stjórnendateymi frístundamiðstöðvarinnar eru deildarstjóri barnastarfs, deildarstjóri unglingsstarfs og fjármálastjóri ásamt framkvæmdastjóra. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum, hefur viðtæka þekkingu og reynslu af frístundastarfi og metnaðarfulla sýn á frístundaþjónustu borgarinnar.

### HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi Ársels.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum og starfspróun.
- Þróa áfram markvisst frístundastarf í Árbæ, Grafarholti, Norðlingaholti og Úlfarsárdal þar sem heilbrigði og vellíðan er í forgrunni.
- Leiða uppbyggilegt og faglegt frístundastarf fyrir börn, unglina og ungmenni, þar sem gildi virkrar þátttöku, uppeldis, óformlegs náms og forvarna eru í fyrirrúmi.
- Leiða og efla samráð og samstarf í frístundastarfi við stofnanir og félagsamtök í borgarhlutanum.

### HÆFNIKRÖFUR:

- Háskólapróf á sviði uppeldismenntunar, s.s. tómsunda- og félagsmálafræði eða sambærileg menntun.
- Meistarapróf á sviði uppeldismenntunar, stjórnunar eða sambærileg menntun auk viðtækrar starfs- og stjórnunarreynslu á sérsviðinu.
- Reynsla af rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Viðtæk þekking og reynsla af frítímastarfi og af starfi með börnum og unglungum.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða í frístundastarfi og leiða framsækna frítímaþjónustu.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Umsókn fylgi greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starfsemi frístundamiðstöðva, yfirlit yfir nám og fyrri störf, upplýsingar um framsækni verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2018. Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl 2018.

Launakjör eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Nánari upplýsingar veitir Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu frístundamála, sími 411-1111. Netfang: [soffia.palsdottir@reykjavik.is](mailto:soffia.palsdottir@reykjavik.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglar það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

## Sölustjóri fasteigna

Öflug og rótgroin fasteignasala leitar að löggiltum fasteignasala til starfa sem sölustjóri. Í starfinu felst auk almennrar sölumennsku stjórnun á og umsjón með söludeild fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að vera góður sölumaður með leiðtoga og samskiptahæfileika. Þóknun er tengd heildarveltu fyrirtækisins. Allar umsóknir eru að sjálfsögðu trúnaðarmál.

Löggildir fasteignasalar vinsamlegast sækja um á netfangið [box@frett.is](mailto:box@frett.is) merkt „Sölustjóri fasteigna“.



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Embætti rektors Menntaskólans við Hamrahlíð

Auglýst er laust til umsóknar embætti rektors Menntaskólans við Hamrahlíð.

Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, [menntamalaraduneyti.is](http://menntamalaraduneyti.is).

Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2018

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

### Flataskóli

- Kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni
- Umsjónarmaður tómsundaheimilis

### Garðaskóli

- Kennari í hönnun og smíði

### Hofsstaðaskóli

- Sérkennari
- Þroskaþjálfari

### Urriðaholtsskóli

- Deildarstjórnari á leikskólalag
- Leikskólakennari á leikskólalag
- Starfsfólk á leikskólalag
- Umsjónarmaður frístundastarfs
- Þroskaþjálfari á leikskóla- og yngsta stig

### Bæjarból

- Deildarstjóri
- Starfsfólk

### Kirkjuból

- Leikskólakennari eða þroskaþjálfari

### Móaföt - skammtímaþjónustun fyrir fötluð börn og ungmenni

- Starfsmaður

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>.



GARÐABÆR

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

## RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • [intellecta.is](http://intellecta.is)





## Teitur óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf

### Ferðafulltrúi

#### Starfssvið

- Gerð tilboða, bókanir og úrvinnsla ferðagagna
- Samskipti við leiðsögumenn og birgja
- Almenn skrifstofustörf, símsvörun og meðhöndlun fyrirspurna

#### Hæfniskröfur

- Reynsla af ferðaskrifstofustörfum æskileg
- Góð enskukunnátta skilyrði
- Rík þjónustulund og samskiptafærni
- Góð almenn tölvukunnátta
- Sjálfstæð, nákvæm og skipulögð vinnubrögð

Um er að ræða fullt starf, hlutastarf og/eða sumarstarf.

### Bifvélavirki

#### Starfssvið

- Almennar viðgerðir
- Innkaup á varahlutum og rekstrarvörum
- Mótun og framfylgd viðgerðaráætlana
- Umsjón með fyrirbyggjandi viðhaldi

#### Hæfniskröfur

- Próf í bifvélavirkjun
- Færni í bilanagreiningu og bifreiðaviðgerðum
- Reynsla af vinnu við vöru- og rútubifreiðar kostur
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskipta- og samstarfs-hæfileikar

## Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl nk.

Frekari upplýsingar um störfin veitir **Haraldur Þór Teitsson**, framkvæmdastjóri í síma **515 2700**.

Vinsamlega sendið ferilskrá með tölvupósti á [info@teitur.is](mailto:info@teitur.is). Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði heitið.

### Um fyrirtækið

Teitur Jónasson ehf. er fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið starfrækt frá árinu 1963. Hjá fyrirtækinu starfa 50 starfsmenn og rekur það 40 hópferðabíla. Teitur tekur á móti um 40.000 ferðamönnum ár hvert sem koma flestir frá Þýskalandi, Bretlandi, Kína og Norðurlöndunum.



**Einkunnarorð**  
Teits eru þjónusta,  
traust og ánægja.

## Líftryggingaumboð Íslands leitar að öflugum símsölumanni í sumarstarf!

Starfið er mjög vel greitt fyrir rétta sölumanninn.

Sendu inn umsókn á netfangið [helgi@liftrygging.is](mailto:helgi@liftrygging.is) og við höfum samband.



## Verkefnisstjóri á sviði samskiptamála

### Biskup Íslands auglýsir eftir verkefnisstjóra á sviði samskiptamála.

Verkefnisstjórnin ber ábyrgð á framkvæmd samskiptastefnu Þjóðkirkjunnar, mótun verkferla er varða upplýsingamiðlun biskupsstofu og á vettvangi stofnana kirkjunnar svo og uppbyggingu tengslanets. Leitað er eftir einstaklingi er býr yfir framúrskarandi samskiptafærni, ástríðu gagnvart viðfangsefninu, drifkrafti og einurð. Starfsaðstaða verkefnisstjóra verður á biskupsstofu.

#### Helstu verkefni

- Ritstjórn vefja kirkjunnar og annarra miðla biskupsstofu í samráði við útgáfustjórnir
- Samskipti og þjónusta við fjölmiðla
- Fréttaskrif, gerð fræðslu- og kynningarefnis og miðlun upplýsinga
- Samstarf við starfsfólk og leikmenn í kirkjunni um efnisgerð og miðlun efnis
- Ráðgjöf, fræðsla og stoðþjónusta á sviði miðlunar

#### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og/eða yfirgripsmikil reynsla af miðlun upplýsinga eftir ólíkum boðleiðum.
- Menntun á sviði guðfræði og/eða haldbær reynsla úr kirkjustarfi er kostur
- Þekking á íslensku fjölmiðlaumhverfi
- Færni í ritun texta og framsetningu skilaboða
- Mjög gott vald á íslenskri tungu, ensku og norðurlandamáli.

Launakjör verkefnisstjóra taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags. Við ráðningu í starfið er tekið mið af jafnréttisáætlun Þjóðkirkjunnar.

Nánari upplýsingar um starfið er að fá á Biskupsstofu í síma 528 4000.

Umsóknarfrestur er til og með 2. maí 2018.

Sótt er um starfið rafrænt á vef kirkjunnar [www.kirkjan.is](http://www.kirkjan.is) undir laus störf, þar sem leggja skal fram tilskilin fylgigögn á rafrænu formi.



## VÖRUSTJÓRI BÍLA

### — FYRIR FORD OG VOLVO HJÁ BRIMBORG

Brimborg, eitt stærsta bifreiðaumboð landsins, leitar að metnaðarfullri manneskju í nýtt starf vörustjóra Ford og Volvo. Við leitum að manneskju með góða menntun og/eða reynslu sem er tilbúin að takast á við krefjandi starf á síbreytilegum bílamarkaði.

### STUTT STARFSLÝSING

Starfið heyrir beint undir framkvæmdastjóra viðskiptasviðs Ford og Volvo hjá Brimborg og felur m.a. í sér:

- Reglulega greiningu á bílamarkaði
- Uppsetningu og viðhald vöruskrár
- Þátttöku í áætlanagerð
- Pantanir bíla og sérpantanir
- Viðhald og eftirfylgni pantana
- Skipulag og umsjón með flutningsferli frá verksmiðjum
- Viðhald vöru- og verðupplýsinga

### HÆFNISKRÖFUR

- Viðskipta- eða verkfræðimenntun eða reynsla eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á Excel, Word, Dynamics AX/Navision, CRM og vefumsjónarkerfum
- Sýna frumkvæði og geta unnið sjálfstætt
- Skipulagshæfileikar
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Gilt bílpróf
- Góð íslensku- og enskukunnátta (dönskukunnátta kostur)

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Sæktu um á [brimborg.is](http://brimborg.is) fyrir 23. apríl næstkomandi.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleigurnar Dollar og Thrifty eru hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.



# Sölufulltrúi á húsgagnasviði

## Starfssvið:

- Taka á móti viðskiptavinum
- Kynna og selja vörur í verslun
- Upplýsingar og ráðgjöf í gegnum síma
- Halda verslun snyrtilegri
- Önnur tilfallandi verkefni

## Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölumennsku
- Áhugi á fallegri og framúrskarandi hönnun og áhugi á að selja gæðavörur
- Rík þjónustulund, sjálfstæði og sveigjanleiki
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta, reynsla á Navision er kostur

Um framtíðarstarf er að ræða og er vinnutíminn alla virka daga frá kl. 12-18 og annan hvern laugardag yfir vetrartímann frá kl. 11-15.

## Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Pennans, <https://www.penninn.is/is/laus-storf>



Húsgögn

Penninn | Skeifan 10 | sími 540 2000 | [www.penninn.is](http://www.penninn.is) | [penninn@penninn.is](mailto:penninn@penninn.is)



Sveitarfélagið Strandabyggð auglýsir eftirfarandi störf laust til umsóknar

## Grunnskólinn á Hólmavík



Lausar stöður við Grunnskólann á Hólmavík 2018-2019

### • Staða umsóknarkennara á yngsta stigi.

Um er að ræða samkennslu í 1. – 2. bekk. Allar almenningar kennslugreinar en áhersla er lögð á þemabundin verkefni

### • Staða umsóknarkennara á miðstigi.

Um er að ræða samkennslu í 5. – 7. bekk. Meðal kennslugreina: íslenska, tungumál, stærðfræði og náttúrugreinar og áhersla á þemabundin verkefni.

### • Staða íþróttakennara.

Um er að ræða skólaíþróttir og sund og þjálfun íþróttagreina í samstarfi við íþróttahreyfinguna.

Umsækjendur þurfa að hafa kennsluréttindi í grunnskóla. Leitað er eftir einstaklingum með góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af samkennslu árganga og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar. Umsækjendur skulu hafa hreint sakavottorð.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanevndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands

Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2018.

### Nánari upplýsingar veitir:

Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir, skólastjóri, sími 451 3430, netfang skolestjori@strandabyggd.is

Umsóknir með starfsferilsskrá og afriti prófskrirteina ásamt upplýsingum um meðmælendur sendist á [skolestjori@strandabyggd.is](mailto:skolestjori@strandabyggd.is) eða Grunnskólinn á Hólmavík, Skólabraut 20-22, 510 Hólmavík

## Leikskólinn Lækjarbrekka



Laus staða deildarstjóra

### • Leikskólinn Lækjarbrekka auglýsir eftir leikskólakennara í starf deildarstjóra.

Starfshlutfallið er 100% og er vinnutíminn 8:00-16:00.

Við leikskólann er unnið metnaðarfullt starf þar sem barnið er í brennidepli. Leitað er eftir öflugum starfsmanni sem hefur gaman af börnum, býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni, sveigjanleika og skipulagshæfni. Einnig eru áreiðanleiki og frumkvæði góður kostur.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 9. ágúst 2018.

### Menntunar og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til að starfa sem leikskólakennari.
- Góð samskiptahæfni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Nánari starfslýsingar er hægt að nálgast á skrifstofu leikskólalæknara eða í síma 451 3411.

Einnig er hægt að senda tölvupóst á leikskólalæknara í netfangið: [leikskolastjori@strandabyggd.is](mailto:leikskolastjori@strandabyggd.is)

Umsækjendur eru beðnir um að skila inn umsóknum til leikskólalæknara. Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2018. Leikskólalæknari áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum standist þær ekki kröfur.

# ELEKTRUS

- Löggiltir rafverktakar

## Rafvirki óskast

Leitum að hressum og skemmtilegum rafvirkja. Stundvísir, frumkvæði og drifkraftur æskilegur

Umsóknir og ferilsskrá sendist á [sigurjon@elektrus.is](mailto:sigurjon@elektrus.is) Upplýsingar í síma 895 1580

# VERKEFNASTJÓRI

## TRYGGINGASTOFNUN

### Tryggingastofnun óskar eftir að ráða verkefnastjóra í hugbúnaðardeild Upplýsingatæknisviðs

Leitað er eftir drifandi og tæknilega þenkjandi verkefnastjóra sem sýnir frumkvæði að nýjungum og endurbótum í upplýsingakerfum. Framundan eru fjölbreytt og krefjandi verkefni með áherslu á frekari rafræn samskipti og sjálfvirknivæðingu við afgreiðslu.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með rekstri, þróun og nýsmíði upplýsingakerfa
- Greining og hönnun lausna
- Umsjón og eftirfylgni með verkefnum
- Samskipti við notendur, birgja og ytri aðila
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit

#### Hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegt háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun á sviði upplýsingatækni æskileg
- Skipulögð vinnubrögð, frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Lipurð í samskiptum

#### Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Stéttarfélag tölvunarfræðinga hafa gert. Boðið er upp á sveigjanlegan vinnutíma.

Val á umsækjendum grundvallast á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað.

Starfshlutfall er 100% Umsóknarfrestur er til og með 30.04.2018

#### Nánari upplýsingar veitir:

Þórólfur Rúnar Þórólfsson, deildarstjóri hugbúnaðardeildar í síma 560 4400  
Hólmfríður Erla Finnsdóttir, mannauðsstjóri í síma 560 4400.

Nánari upplýsingar um Tryggingastofnun má finna á [www.tr.is](http://www.tr.is)

Tryggingastofnun  
Laugavegi 114 | 105 Reykjavík  
Sími 560 4400 | [tr@tr.is](mailto:tr@tr.is) | [tr.is](http://tr.is)





## Laus störf hjá Kópavogsbæ

### Grunnskólar

- Bókasafns- og upplýsingafræðingur í Smáraskóla
- Enskukennari í Snælandsskóla
- Forstöðumaður dægradvalar í Hörðuvallaskóla
- Frístundaleiðbeinendur í dægradvöl Salaskóla
- Frístundaleiðbeinendur í dægradvöl Vatnsendaskóla
- Kennari á unglíngastigi í Salaskóla
- Kennari á yngsta stig í Snælandsskóla
- Kennari á yngsta stig í Vatnsendaskóla
- ennari í Snælandsskóla
- Kársnesskóli auglýsir eftir dönskukennara
- Kársnesskóli auglýsir eftir heimilisfræðikennara
- Íþróttakennari í Álfhólsskóla
- Námsráðgjafi í Salaskóla
- Náttúrufraeðikennari í Vatnsendaskóla
- Stuðningsfulltrúar í Salaskóla
- Stuðningsfulltrúi í Álfhólsskóla
- Sérkennari í Kársnesskóla
- Sérkennari/Proskapjálfi í Álfhólsskóla
- Umsjónarkennarar á miðstigi í Smáraskóla
- Umsjónarkennarar í Smáraskóla á yngsta stig
- Umsjónarkennari á miðstigi í Salaskóla
- Umsjónarkennari á miðstigi í Vatnsendaskóla
- Umsjónarkennari í Kársnesskóla fyrir næsta skólaár
- Umsjónarkennari í Álfhólsskóla á miðstigi
- Umsjónarkennari í Álfhólsskóla á yngsta stig
- Verkefnisstjóri tölvumála í Salaskóla
- Proskapjálfi/sérkennari í Salaskóla

### Leikskólar

- Aðstoðarmaður í eldhúsi í Núp
- Deildarstjóri í Austurkór
- Deildarstjóri í Efstahjalla
- Deildarstjóri í Læk
- Deildarstjóri í Sólhvörfum
- Fólki í sérkennslu í Fífusölum
- Leikskólakennari á Efstahjalla
- Leikskólakennari í Austurkór
- Leikskólakennari í Grænatúni
- Leikskólakennari í Sólhvörfum
- Leikskólakennari í Álfatúni
- Leikskólakennari/proskapjálfi í Sólhvörfum
- Leikskólalastjóri í Baug
- Leikskólasérkennari/proskapjálfi í Austurkór
- Sérkennslustjóri í Fífusölum
- Proskapjálfi í Álfatúni

### Velferðarsvið

- Hjúkrunarfræðingar/nemar í Roðasali
- Sjúkraliðar í Roðasali
- Starfsmaður óskast í Roðasali
- Starfsmenn í þjónustuíbúðir fyrir fatlað fólk
- Starfsmenn óskast á heimili fatlaðs fólks

### Annað

- Deildarstjóri gatnadeildar
- Hljóðfærakennarar í Skólahljómsveit Kópavogs
- Starfsmaður hjá Sundlaug Kópavogs - Kona

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is), þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)



## FORSETI AUÐLINDA- OG UMHVERFISDEILDAR

Laus er til umsóknar staða forseta auðlinda- og umhverfisdeildar við Lbhi sem felur meðal annars í sér yfirumsjón með starfsemi og rekstri deildarinnar og stefnumörkun í samræmi við stefnu Lbhi.

Ráðið er til fjögurra ára í starfið með möguleika á framlengingu í önnur fjögur ár. Um fullt starf er að ræða. *Miðað er við að nýr deildarforseti geti hafið störf 15. ágúst 2018.*

### ■ HELSTU ÁBYRGÐARÞÆTTIR:

Frumkvæði og forysta um málefni deildarinnar.  
Yfirumsjón með rannsóknvirkni og kennslu.  
Gæðastjórnun í samráði við sviðsstjóra kennslu- og gæðamála.  
Stjórnsýsluleg og rekstrarleg ábyrgð.  
Mannauðsmál.  
Yfirumsjón með innlendum og erlendum samskiptum.  
Seta í framkvæmdastjórn skólans.

Staða deildarforseta heyrir beint undir rektor.

### ■ MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

Umsækjendur skulu uppfylla almenn hæfisskilyrði sem háskólakennarar á vettvangi þeirra fræða sem kennd eru við deildina eða tengjast helstu viðfangsefnum þeirra.

Doktorspróf er skilyrði  
Samskiptahæfni, jákvæðni, drifkraftur og geta til að takast á við breytingar  
Leiðtogaþæfileikar og geta til að hvetja aðra til árangurs.  
Reynsla af rekstri og stjórnun nauðsynleg.  
Hæfileiki til að móta og miðla framtíðarsýn.  
Hæfileiki til að byggja upp og leiða teymi akademískra starfsmanna.  
Reynsla af starfi innan háskóla æskileg.

### ■ Umsóknarfrestur er til 13. maí 2018.

Umsóknir sendist til Landbúnaðarháskóla Íslands b/t Arna Garðarsdóttir Ásgarði – 311 Hvanneyri eða í tölvupósti [arnag@lbhi.is](mailto:arnag@lbhi.is). Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni vottorð um námsferil sinn og störf, ritaskrá, skýrslu um vísindastörf og önnur störf sem þeir hafa unnið.

Landbúnaðarháskóli Íslands áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sæmundur Sveinsson Lbhi í síma 843-5300 eða tölvupósti [saemundur@lbhi.is](mailto:saemundur@lbhi.is)

Um ráðninguna fer að öðru leyti eftir reglum fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands nr. 250/2016 og reglna um nýráðningar og framgang akademískra starfsmanna við Landbúnaðarháskóla Íslands frá 20. september 2012.

LBHI.IS



## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Íþrótt- og lýðheilsukennari	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Mosfellsbær	201804/757
Kennari, stærðfræði	Kvennaskólinn í Reykjavík	Reykjavík	201804/756
Framkvæmdastjóri aðgerðarsviðs	Landspítali	Reykjavík	201804/755
Skrifstofumaður/heilbrigðisritari	Landspítali, bráðaöldrunarlækningad.	Reykjavík	201804/754
Sjúkraliði	Landspítali, Vífilstaðir	Garðabær	201804/753
Starfsmaður við aðhlyningu	Landspítali, Vífilstaðir	Garðabær	201804/752
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, Grensás	Reykjavík	201804/751
Sjúkraliði	Landspítali, Grensás	Reykjavík	201804/750
Hjúkrunarfræðingur, sumarafll.	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Patreksfjörður	201804/749
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Patreksfjörður	201804/748
Starfsmaður í ræstingum	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	201804/747
Skrifstofumaður	Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	Reykjanesbær	201804/746
Aðalbókari	Biskupsstofa	Reykjavík	201804/745
Eftirlitsmaður	Vinnueftirlitið	Akranes	201804/744
Hjúkrunarfræðingur, sumarafll.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201804/743
Starfsmaður í ræstingu/pvottahús	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstaður	201804/742
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, samfélagsgeðteymi	Reykjavík	201804/741
Guðfræðingur, afleysing	Landspítali	Reykjavík	201804/740
Guðfræðingur	Landspítali	Reykjavík	201804/739
Sérfræðingur í nýburalækningum	Landspítali, Barnspítali Hringins	Reykjavík	201804/738
Sjúkraliði	Landspítali, krabbameinslækningad.	Reykjavík	201804/737
Aðstoðardeildarstjóri	Landspítali, krabbameinslækningad.	Reykjavík	201804/736
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, móttaka svæfingadeildar	Reykjavík	201804/735
Starfsmaður við ræstingar	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Hveragerði	201804/734
Sjúkraliði, tímabundið	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201804/733
Skrifstofustarf, sumarafleysing	Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	Patreksfjörður	201804/732
Sjúkraliði	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201804/731
Viðskiptafr./viðurk. bókari	Landspítali, fjármálasvið	Reykjavík	201804/730
Forstjóri Vegagerðarinnar	Samgöngu- og sveitastj. ráðuneytið	Reykjavík	201804/729
Framhaldsskólakennarar	Verkmenntaskóli Austurlands	Fjarðabyggð	201804/728





## Hjúkrunarfræðingar óskast

Skjól hjúkrunarheimili óskar eftir hjúkrunarfræðingum í fastar stöður og sumar-afleysingar. Vinnutími og starfshlutfall eftir samkomulagi.

### Nánari upplýsingar veita:

Guðný H. Guðmundsdóttir forstöðumaður hjúkrunar gudny@skjol.is  
Edda Björk Arnardóttir mannauðsstjóri edda@skjol.is



Skjól hjúkrunarheimili  
Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík  
Sími 522 5600



## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Nýjar fullbúnar tveggja herbergja íbúðir á fjórðu/efstu hæð við Brautarholt 6 í Reykjavík. Suðursvalir með fallegu útsýni yfir borgina. Húsið er staðsett í grónu hverfi, staðsett rétt ofan við miðbæinn þar sem blandað er saman íbúðum og þjónustu. Bílastæði á lóð hússins, geymsla og sameiginlegt þvottahús á hæð.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**

STÆRD: 38.7 m<sup>2</sup>

VERÐ FRÁ:  
**30.9M**

TILBÚIN TIL AFHENDINGAR STRAX





Guðrún  
Antonsdóttir  
lögg. fast.




S: 571-5800 Gsm: 697-3629 gudrun@garun.is www.garun.is

**Bárugata 35,101 RVK,**  
Stærð 92fm - Ásett verð 44.900.000 kr



**OPIÐ HÚS KL. 13 - 13:30** 2 - 3ja herbergja íbúð með hátt til lofts og sér inngangi í kjallara á eftirsóttum stað. Sér hiti og rafmagn. Búið er að endurnýja skólplögn og leggja dren. Eignin skiptist í: hol, eldhús, tvískipt svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og stofu.

**Laufengi 94, 112 RVK,**  
Stærð 107,1fm - Ásett verð 40.900.000 kr



**OPIÐ HÚS KL. 14 - 14:30** Laus til afhendingar. 4ra herbergja enda íbúð með sér inngangi frá svölum á góðum stað í göngufæri frá leikskóla, skóla, verslunarkjarna, golfvelli og íþróttastarfsemi. Þvottahús og geymsla eru innan íbúðar. Sér bílastæði er við húsið.

Vantar allar gerðir eigna á skrá - Ég vinn fyrir þig

**OPIÐ HÚS**  
SUNNUDAGINN 15. APRÍL

**Hraunbær 34, 110 RVK,**  
Stærð 91,6fm - Ásett verð 33.900.000 kr



**OPIÐ HÚS KL. 15 - 15:30** Stór og falleg 3ja herbergja íbúð á 1. hæð með sér merktu bílastæði við húsið. Húsið er byggt í U og er góð aðstaða fyrir börnin. Eignin skiptist í: hol, eldhús, tvö svefnherbergi, baðherbergi með tengi fyrir þvottavél og stofu.

**Hrísmóar 10, 210 GB,**  
Stærð 77,10fm - Ásett verð 37.900.000 kr



**OPIÐ HÚS KL. 16 - 16:30** 2-3ja herb. íbúð á 2. hæð með stórum svölum á góðum stað við kjarna Garðabæjar. Íbúðin er skráð 2ja herbergja, en búið er að setja upp herbergi út frá stofu. Eignin skiptist í: hol, eldhús, tvö svefnherb., baðherb., þvottahús og stofu.



Vegna mikillar sölu undanfarið þá vantar okkur allar gerðir eigna á skrá. Komum og verðmetum samdægurs þér að kostnaðarlausu.

Ísak  
Sölustjóri  
gsm 822 5588  
isak@tingholt.is

Viðar  
Lögg. fasteignasali  
vidar@tingholt.is

**Seljavegur 33. Reykjavík**



**Opið hús mánudag 16. apríl milli kl. 18:00 og 19:00.**  
Falleg björt 3ja herbergja íbúð á jarðhæð sem skiptist í forstofu/hol, tvö rúmgóð svefnherbergi, stofu/eldhús, baðherbergi, geymslu og sameiginlegt þvottahús. **Gott verð 33,9 m**  
**Nánari uppl. veitir Ísak V. Jóhannsson s: 822-5588**

Bæjarlind 14 | 201 Kópavogur | 822 5588 | tingholt.is

**Hallakur 4b, 210 Garðabæ**

Opið hús

63,5 m.kr



Sun. 15. apríl kl. 15-16

Falleg og rúmgóð 4ra herbergja, 139,6 m<sup>2</sup> endaíbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli í Akrahverfinu í Garðabæ. Hverfið er mjög fjölskylduvænt og stutt er í leikskóla og barnaskóla. **Verð 63,5 m.kr.**

Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, samliggjandi stofu og borðstofu, sjónvarpsrými, þvottahús, baðherbergi með sturtu og baðkari og þrjú rúmgóð svefnherbergi.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við eiganda með því að senda tölvupóst á eftirfarandi netfang: [bjarkihvannberg@gmail.com](mailto:bjarkihvannberg@gmail.com) eða í síma 856-6563 ef óskað er eftir skoðun á eigninni.

Nánari upplýsingar og fleiri myndir af eigninni er að finna á fasteignavef Morgunblaðsins, [www.mbl.is/fasteignir](http://www.mbl.is/fasteignir).



**Fiskislóð**

5000 fm athafnasvæði í Örfirsey. Hentar t.d. fyrir bílasölu eða bílaleigu - laust strax Lóðin er afgirt Aðkoma frá Grandagarði og Fiskislóð



510 fm iðnaðarhúsnæði á tveimur hæðum við Fiskislóð 28 - Innkeyrsluhurðir - stórir vinnusalir - laust strax

Í boði er að gera leigusamning til 2-3ja ára við traustan leigusala.



Nánari upplýsingar veitir:

Þróstur Þórhallsson, lögg. fasteignasali  
throstur@miklaborg.is sími: 897 0634

FASTEIGNASALAN **569 7000** Lágmúla 4 [www.miklaborg.is](http://www.miklaborg.is)  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar  
- með þér alla leið -

**Hvassaleiti 79**  
Glæsilegt raðhús

Opið hús Sunnudaginn 15. apríl 2018 frá kl. 17:15 – 18:00



OPIÐ HÚS

Glæsilegt mikið endurnýjað ca 270 fm raðhús á frábærum stað í Austurborginni. Hús sem fengið hefur gott viðhald utan sem innan. 2-5 svefnherbergi. Frábær baklóð með sólpalli og mikilli veðursæld. Stutt í allt, skóla, þjónustu, verslanir. Sjón er sögu ríkari. **Verð: 89,8 milljónir**

Ingólfur Gissurarson lögg.Fast. sýnir - S: 896-5222, [ingolfur@valholl.is](mailto:ingolfur@valholl.is)

**VALHÖLL**  
FASTEIGNASALA  
Síðumúla 27, S: 588-4477

Ingólfur Gissurarson  
löggiltur  
fasteignasali



**ÞINGVELLIR - SUMARHÚS**



**BORG**  
FASTEIGNASALA

Þingvellir - Sumarhús

4ja herbergja  
105 fm  
Vatnsbakkalóð - Bátalægi

Verð: Tilboð

Brandur Gunnarsson fasteignasali GSM: 897-1401/ [brandur@fastborg.is](mailto:brandur@fastborg.is)

intellecta.is

**RÁÐNINGAR**

intellecta



Suðurlandsbraut 52  
108 Reykjavík  
Sími 533 6050  
Faxnr. 533 6055  
[www.hofdi.is](http://www.hofdi.is)

**Bollagarðar 71 - Einbýlishús**



OPIÐ HÚS

**Opið hús**  
sunnudag á milli kl. 17 og 18

Sérlega vandað og frábærlega staðsett fjölskyldhús á Seltjarnarnesi. Húsið er um 200 fm með innbyggðum bílskúr og stendur á eignarlóð. Fjögur herbergi og þrjár stofur. Heitur pottur er í garði. **Verð: 104 millj.**

Ásmundur Skeggjason fasteignasali tekur á móti ykkur, Gsm 895 3000.-

Runólfur Gunnlaugsson viðsk.fr. lögg.fast. • Ásmundur Skeggjason lögg.fast.



# FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Lifandi fréttamiðill með nýjustu fréttum allan sólarhringinn ásamt ítarlegri umfjöllun um málefni líðandi stundar.



## Fréttablaðið.is - stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ.IS



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ



# Leyndarmál indverskrar matargerðar felst í kryddinu

Í samtökin Vinir Indlands bjóða upp á gómsætan indverskan kvöldverð til styrktar starfsemi félagsins í Indlandi en undanfarin sautján ár hefur félagið meðal annars greitt skólabúnað fyrir allt að 600 börn í Tamil Nadu héraði.

Brynhildur Björnsdóttir  
brynhildur@frettabladid.is



Þetta er félag sem er eingöngu byggt á sjálfbodaliðastarfi, það er enginn rekstrarreikningur þannig að allt söfnunarfé sem ekki rennur í bankakostnað fer beint til Indlands,“ segir Sólveig Jónasdóttir, formaður samtakanna Vinir Indlands sem voru stofnuð árið 2000. Í dag eru meðlimir kringum hundrað og hafa ýmist einhver ástríðutengsl við Indland eða vilja láta gott af sér leiða.

„Við vinnum þarna að ýmsum verkefnum í samstarfi við indversk góðgerðarsamtök, Action India, en við tengjumst þeim gegnum alþjóðasamtök húmanista. Stefna okkar er að styðja við verkefni sem þegar eru í gangi frekar en að fjármagna verkefni til fullnustu. Við lítum á þetta sem hjálp til sjálfs-hjálpar,“ segir Sólveig enn fremur og bætir við að margir taki að sér að styrkja börn, ekki ósvipað og heimsforeldrar.

„Svo styrkjum við barnaheimili þar sem börnin búa mestan part ársins, höfum komið að byggingu fjögurra fræðslumiðstöðva og vinnum með aðilum sem endurhæfa fólk sem hefur sloppið úr mansali. Nýjasta verkefnið okkar er smálánaverkefni þar sem við



Sólveig Jónasdóttir er formaður samtakanna Vinir Indlands og verður ein átta kokka sem elda gómsætan kvöldverð í Múlti Kúltí í kvöld. MYND/SIGTRYGGUR ARI

## Afmælistilboð

Kínahofið fagnar 30 ára afmæli með frábærum tilboðum sem gilda frá 9. apríl til og með 15. apríl.



### Veglegt hádegishlaðborð

8 bragðgóðir réttir ásamt úrval af sósum og meðlæti

Verð aðeins kr. 1.590 kr.

Gildir á milli kl. 11 og 14.



### Freistandi kvöldtilboð

Allir kjúklinga, nauta, lamba og svínakiötsréttir af matseðli.

Hrísgrjón fylgja öllum réttum.

Verð aðeins kr. 1.590 kr.



Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00



# KINAHOFIÐ

Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi  
www.kinahofid.is | Sími 554 5022



Vinir Indlands styrkja um 600 börn um skólabúninga og skólabúnað á hverju vori en skólaárið á Indlandi hefst í júní. MYND/VINIR INDLANDS

lánnum aðallega konum til að byggja upp starfsemi, sér og sínum til framfærslu.“

Í sautján ár hafa Vinir Indlands sent peninga að vori þar sem skólaárið í Indlandi byrjar fyrst í júní. „Ríkisskólakerfið er börnum að mestu leyti að kostnaðarlausu en kostnaður við skólabúninga, námsgögn og fleira er meiri en margt fólk ræður við. Undanfarin ár höfum við styrkt 600 börn til skólagöngu á þennan hátt.“

Vinir Indlands fjármagna verkefnið að stórum hluta með því að halda kvöldverði nokkrum sinnum yfir veturinn og selja aðgang. Sólveig segir að það sé allur gangur á aðsókninni. „Stundum mæta tuttugu og stundum upp í hundrað,“ segir hún og bætir við: „Það virðist ætla að verða mjög góð aðsókn núna sem er yndislegt.“

Kvöldverðurinn er haldinn á Barónsstíg þrjú í húsnæði Múlti Kúltí og það verða átta manns sem sjá um eldamennskuna að þessu sinni. „Naaubrauð er í bigerð, það verður lambaréttur, engiferkjúklingur, linsubaunadahl og sitthvað fleira,“ segir Sólveig sem þvertur fyrir það sem sumir halda, að það sé flókið að elda indverskan mat. „Það breytir miklu að nota bestu

Stundum mæta tuttugu, stundum hundrað. Við eigum von á góðri mætingu í kvöld.

Sólveig Jónasdóttir, formaður Vínar Indlands

kryddin og við birgjum okkur upp þegar við förum út.“

Sólveig fer reglulega til Indlands. „Ég hef farið þrisvar sinnum með hópa, fór síðast í ágúst og ætla á næsta ári aðra ferð. Við heimsækjum yfirleitt eitthvert af þessum styrktarverkefnum, borðum góðan mat og túristumst. Mér finnst að þegar maður er búinn að kynna einhverju landi þá er um að gera að borga til baka með því að sýna öðrum. Og með því að koma með eitthvað gott með sér heim og leyfa öðrum að njóta.“

Gómsætu, indversku réttirnir verða á boðstólum í Múlti Kúltí í kvöld klukkan sjö. Verðið er 3.000 kr. og fritt fyrir börn undir 10 ára. Þeim sem ekki komast, en langar að styrkja vini Indlands, er bent á að reikningsupplýsingar má finna á vinirindlands.is.



HAUST  
RESTAURANT

Alltaf  
frítt fyrir  
5 ára og yngri  
Hálft verð  
fyrir 6-12 ára

# Kvöldverðarhlaðborð á Haust Restaurant

Alla daga frá 18-21

Verð 6.990 kr. á mann

Gæðastund með vinum og fjölskyldu

Brunch allar helgar verð 3.950 kr. á mann

Haust Restaurant er staðsett á Fosshotel Reykjavík, Þórunnartúni 1  
haust@haustrestaurant.is | borðapantanir í síma 531 9020 | haustrestaurant.is





# Brjálæðið heldur bara áfram

Fiðluleikarinn Hulda Jónsdóttir les eina bók á viku og er ólæknandi nammigrís. Hún kemur fram á tónleikaröðinni Sígildir sunnudagar um helgina í Hörpu ásamt Jane Ade Sutarjo píanóleikara.

Starri Freyr  
Jónsson

starri@frettabladid.is



**H**ulda Jónsdóttir fiðluleikari og Jane Ade Sutarjo píanóleikari koma fram á tónleikaröðinni Sígildum sunnudögum í Hörpu um helgina. Þær kynntust við nám í Listaháskóla Íslands (LHI) fyrir áratug og hafa leikið reglulega saman frá árinu 2011. Að þessu sinni flytja þær tvær sönötur eftir W.A. Mozart, Duo Concertant eftir Igor Stravinskis og Sónötu eftir Sergei Prokofiev.

Hulda segir, aðspurð hvers vegna þessi verk hafi verið valin, að þær hafi rætt það fyrir um ári hversu leiðinlegt það væri hvað píanó- og fiðlusónötturnar eftir Mozart heyrðust sjaldan á tónleikum nú til dags. „Í kjölfarið fórum við að hugsa hvaða verk myndu passa vel við Mozart en samt sem áður veita ákveðna andstaðu. Þá lá nýklassik frá fyrri hluta 20. aldar beint við þar sem þar er um að ræða ákveðinn skyldleika hvað uppbyggingu og hugmyndafræði varðar. Tónmálið er að mörgu leyti djarfara og þróaðra í rússnesku verkunum enda nánast 200 ár milli þess sem þau voru skrifuð og mikið vatn runnið til sjávar í heims- og tónlistar-sögunni.“

## Byrjaði ung

Hulda ólst upp í Hveragerði og um skamman tíma í Bandaríkjunum. Hún byrjaði að læra á fiðlu fjögurra ára gömul og eftir diplómapróf frá LHI hélt hún til New York þar sem hún fékk inngöngu í hinn virta Juilliard-listaháskóla. „Þar var ég í sex ár og kláraði Master of Music voríð 2015. Þá ákvað ég að það væri kominn tími til að skipta um umhverfi og flutti til Þýskalands og hef búið þar síðan. Raunar er ég mikið á ferðinni og held að ég hafi ekki náð því að vera lengur en þrjár vikur á sama stað í meira en tvö ár.“

Hulda segir Jane, meðleikara sinn, vera mikla ofurkonu en hún spilar bæði á píanó og fiðlu. „Jane flutti til Íslands frá Indónesíu til þess að læra á fiðlu hjá kennaranum mínum, Guðnýju Guðmundsdóttur, og lærði reiprennandi íslensku hraðar en nokkur sem ég hef kynnst. Hún ákvað síðar að leggja meiri áherslu á píanóið en skipti ekki fyrr en hún var búin að ná þeim áfanga að verða fyrsti og eini nemandi LHI til að ljúka lokaprófi á tvö hljóðfæri.“

## Miklar annir fram undan

Það er sannarlega engin lognmolla kringum Huldu. „Brjálæðið heldur bara áfram, sýnist mér. Ég kem aftur til Íslands tvisvar í vor til að spila á tónleikum og tek þátt í verkefnum í Þýskalandi, Danmörku, Noregi, Rússlandi og Skotlandi með alls konar skemmtilegu fólki. Þar má m.a. nefna gæluverkefni mitt, strengjakvintett sem heitir Wooden Elephant og inniheldur nokkra af bestu vinum mínum, en við spilum umritanir á heilum plötum eftir listamenn úr öðrum stefnum en klassík. Næst á dagskrá er ný umritun á plötunni Kid A eftir Radiohead.“

*Hvað er best að fá í morgunmat um helgar?* Ég er voðalega hrifin af öllu með avokadó og eggjum, nýbökuðum croissants, ferskum appelsínu- eða greipaldinsafa og nóg af kaffi. Helst cappuccino.

*Ef þú vilt gera vel við þig í mat og drykk um helgi, hvað verður fyrir valinu?* Það fer eftir því hvaða stuði ég er fyrir en mér finnst nánast allur matur góður. Ef mig langar til þess að vera í hollari kantinum er ég mjög hrifin ef alls konar grænum söfum og acai- og smoothie-skálum. En eitthvað einfalt eins og góð steik eða fiskur með fersku og vel elduðu grænmeti og glasi af góðu víni klikkar aldrei.

*Ertu nammigrís?* Já, ólæknandi. Ég uppgötvaði Nóa kropp með pipardufti síðast þegar ég var heima og það endaði með því að bróðir minn þurfti nánast að fela það fyrir mér.

*Hvernig er draumahelgin?* Ef ég hef nokkra daga í frii eru eftirfarandi hlutir mikilvægir: að sofa nóg, borða vel, tala við þá sem mér þykir vænt um og að gera eitthvað sem ég geri ekki dagsdaglega, hvort sem það er að fara á safn eða sýningu sem ég hef ekki farið á áður, fara í langan göngutúr eða fjallgöngu, horfa á nýjan þátt eða mynd, lesa góða bók, elda flóknari kvöldmat en venjulega og vera eins litíð í sínum og tölvum og mögulegt er. Ef um draumahelgi væri að ræða myndu þessir hlutir eiga sér stað á einhverjum skemmtilegum stað, annaðhvort í Frakklandi eða á Spáni, og að sjálfsögðu væri veðrið gott.

*Hvernig tónlist hlustar þú á?* Ég ólst að mestu leyti upp við klassík og það er og verður minn heimavöllur en ég er alæta á alla tónlist sem hefur eitthvað að segja. Þó er ég oft komin



„Ég ólst að mestu leyti upp við klassík og það er og verður minn heimavöllur en ég er alæta á alla tónlist sem hefur eitthvað að segja,“ segir Hulda Jónsdóttir fiðluleikari. MYND/ NATALIE DERYN JOHNSON



Sígildir sunnudagar eru regnhlífarhugtak yfir klassískar tónleikaraðir og staka viðburði í Hörpu sem haldnir eru á sunnudögum í vetur. MYND/EYÞÓR

með nóg af tónlist eftir að vera búin að grúska í henni allan daginn og finnst þá góð tilbreyting að hlusta á ekkert. Annars finnst mér oft gott mótvægi að hlusta á eitthvað annað en klassík.

*Hvaða áhugamál áttu utan tónlistar?* Ég hef skokkað nokkuð reglulega í átta ár og reyni alltaf að gefa mér tíma til þess þar sem það tæmir og

róar hugann og heldur líkamanum í formi. Hið áhugamál mitt er lestur en ég hef alltaf verið frekar mikill bókaormur. Á afmælinu mínu í fyrri setti ég mér lestraráskorun um að lesa eina bók á viku næsta árið. Það hefur verið frábært en stundum líka erfitt að standa við þá áskorun. Þá kemur sér vel að eiga stundum inni mikið hangs í lestum og flugvélum

„Á afmælinu mínu í fyrri setti ég mér lestraráskorun um að lesa eina bók á viku næsta árið. Það hefur verið frábært en stundum líka erfitt að standa við þá áskorun.“

Hulda Jónsdóttir

til þess að koma sér aftur á strik. Ertu spennit fyrir HM í fótbolta í sumar? Í allri hreinskilni þá skil ég hvorki upp né niður í fótbolta en finnst mjög spennandi að Ísland sé að taka þátt og mun örugglega horfa á þá leiki sem við spilum. Ég horfi alltaf þegar Ísland keppir á stórmótum í öllum íþróttum og þá veldur þjóðarstoltið því á einhvern undarlegan hátt að ég skil betur það sem fram fer. Þá verð ég stressuð fyrir hönd íslensku keppendanna og fer að grenja, hvort sem við töpum eða vinnum.

## SUMARGRILL

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um sumargrill kemur út 19. apríl nk. Allt sem hugsast getur varðandi grillið í sumar.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Upplýsingar hjá auglýsingadeild Fréttablaðsins í síma 512 5402 eða sendu okkur póst á netfangið serblod@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ





## Húllað mót vori

Vorið er komið og þá er fátt skemmtilegra en að leika sér utanhúss með húllahring og sveifla mjöðmunum í takt við lífsfjörð. Þetta veit Húlladúllan sem elskar að húlla og gerir frábæra húllahringi.

Húlladúllan ætlar að mæta með alla húllahringina sína í Bókasafn Kópavogs í dag og sýnir þar flott húllaatriði þar sem hún húllar á öllum öngum. Á eftir býður Húlladúllan áhorfendum í sérstaka húllasmiðju þar sem hún kennir

» Það verður húllað stuð og leikir með Húlladúllunni í Bókasafni Kópavogs í dag.

skemmtileg húllatrix og leiki.

Húlladúllan verður í Bókasafni Kópavogs í Hamraborg 6 frá klukkan 13 til 14 í dag, laugardag. Viðburðurinn er liður í fjölskyldustundum Menningarhúsanna í Kópavogi. Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.



## Þór þrumuguð og nasistar

Jón Karl Helgason, prófessor við Háskóla Íslands, mun flytja fyrirlesturinn „Þrumuguðinn Thor og þýskir nasistar“ í dag klukkan 14.30 í Síðumúla 15.

Fyrirlesturinn er haldinn af Ásatrúarfélaginu og eru allir velkomnir.

„Höfuðviðfangsefni fyrirlestrarins verður röð myndasagna eftir Wright Lincoln (sem er líklega dulnefni) um Þór (Thor) í tímaritinu Weird Comics árið 1940.

Útgefandi var fyrirtækið Fox Feature Syndicate en meðal annarra sem þar störfuðu voru Jack Kirby og Joe Simon. Báðir áttu þeir eftir að skapa myndasögu um þrumuguðinn norræna og verða þær bornar saman við myndasögur Lincolns.“

Jón Karl er menntaður í bókmenntafræði og íslensku frá Háskóla Íslands og doktor í samburðarbókmenntum frá University of Massachusetts.

Helstu viðfangsefni í rannsóknunum Jóns Karls hafa verið endurrítanir íslenskra fornrita, menningarlegir þjóðardýrlingar Evrópu, íslenskar sögusagnir og einsögur byggðar á persónulegum heimildum.



## Húmorsping á Hólmavík

Húmor verður í brennidepli á Hólmavík í dag en þar fer fram stórmagnað húmorsping. Þeir sem hafa áhuga ættu ekki að láta þennan viðburð fram hjá sér fara en allir eru velkomnir. Dagskráin hefst kl. 16.30 og samanstendur af fyrirlesturum, fróðleik og fjöri og má búast við fjörugum umræðum um húmor. Haldnar verða málstofur og þjóðfræðilegir fyrirlestrar þar sem meðal annars verður fjallað um fróðleik og húmorsfræði, uppistand sem einhliða samtal og skemmtikrafta eða aðhláturfefni – framkomu við förufolk í gamla sveitasamfélaginu. Snæddur verður kvöldverður á Café Riis og að honum loknum verður skemmtun með gamansömu húmorsívaði, svo sem PubQuiz, tónlist og uppistand. Herlegheitunum lýkur með dansi fram á nótt. Húmorspingið er m.a. á vegum Rannsóknaseturs HÍ á Ströndum, Félags þjóðfræðinga á Íslandi og Þjóðbrókar, félags þjóðfræðinema við HÍ.



30%  
afsláttur



SOLARAY®

25%  
afsláttur



Afsláttur af völdum bætiefnum fyrir liðina, húðina og taugarar

## Vertu klár fyrir sumarið

Í apríl eru valin vítamín og bætiefni frá Solaray á afslætti í Lyfju. Solaray framleiðir hágæða bætiefni sem hjálpa þér að undirbúa sumarið. Vörunar innihalda einungis náttúruleg hráefni sem tryggir þér hreina orku og áhrifaríka virkni.

Finndu þinn sólargeisla í verslunum Lyfju og á lyfja.is

lyfja.is

**LYFJA**  
– Lifið heil



# Smáauglýsingar

512 5800

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



SUZUKI FJÓRHJÓL. Fjórhjólín eru með power stýri, 100% driflægingu. Lítt, lípur, meðfærileg í notkun og eyða auk þess afar litlu eldsneyti.

SUZUKI  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5100  
suzukisport@suzuki.is  
Suzuki.is / suzukisport.is

**bilauppbod.is**

## PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppboð - Krókur  
Sími: 522 4610  
www.bilauppbod.is



FORD TRANSIT TREND 310 L2H2 6 MANNA nýr bíll, dísel, bensín 6 gíra. Verð 4.490.000 + vsk. Raðnúmer 257586



FORD MUSTANG GT Árg. 2006, ekinn 56 þ.km, 8cyl bensín, sjálfskiptur. Verð 3.490.000 kr. Raðnúmer 257138



RENAULT KADJAR INTENS nýskr. 08/2015, ekinn 30 þ.km, dísel, sjálfskiptur. Einkabíll! Verð 2.990.000 kr. Raðnúmer 257767



MINI ONE COUNTRYMAN nýskr. 07/2014, ekinn 54 þ.km, bensín, 6 gíra. Verð 2.880.000 kr. Raðnúmer 257394

Höfðahöllin  
Funahöfða 1, 110 Rvk.  
Sími: 567 4840  
www.bilo.is

## Bílar til sölu



VW Passat árg. 2006, ek. 133þús Sumardekk og Vetradekk fylgir með. Tilboð 600þús. Uppl. í s. 8238137 eða 7721431



Til sölu Nissan Qashqai verð 2.990.000,- árg. 2016, ek. 80þús Dísel, Sjálfskiptur Sumar og vetrardekk uppl í s: 699 7720



Til sölu vel með farinn Renault Trafic 9manna 8/2016, beinskíptur 6g ek.114000. Lyklalaust aðgengi og start. Í ábyrgð, ný þjónustuskóðaður, smurður og yfirfarinn. Uppl. 860 5522



Renault Traffic sendibíll, árg. 2008. Ekinn 112.000km, mjög góður bíll, einungis tveir eigendur. Vinna hluta úr degi getur fylgt. Áhugasamir hafi samband í síma 662-6364

4 ný dekk felgur, koppar fyrir Nizzan Micra. Gamall fornbill-húsbíll árg. '82 til sölu uppl:s:8622213

## Vespur



Tilvalin fermingargjöf!  
**BENSÍNSVESPA**  
Engin trygging! Ekkert próf!  
**Kr. 229.900,-**  
NITRO  
Nitro - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

## Vinnuvélar



## Bílaþjónusta



## Hjólbarðar



## Ótrúleg verð - komdu og kíktu við!



**Sunlight T 58: Árg. 2016**, ekinn: 78.000 km. Markísa, hjólagrind, silfurgrár hliðar, álfelgur, 6 gíra, cruise control, loftkæling ofl.ofl.  
**Ótrúlegt verð: 6.990.000, staðgreitt.**



**Sunlight T 64: Árg. 2016**, ekinn 61.000 km. Markísa, hjólagrind, silfurgrár hliðar, álfelgur, fellirúm í toppi, stór ísskápur með sér frystihólfi, 6 gíra, cruise control, loftkæling ofl. ofl. **Ótrúlegt verð: 7.990.000, staðgreitt.**



**Sunlight T 67: Árg. 2016**, ekinn 64.000 km. Markísa, hjólagrind, álfelgur, lestarluga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur með sér frystihólfi, 6 gíra, cruise control, loftkæling o.fl. o.fl. **Ótrúlegt verð: 7.990.000, staðgreitt.**



**Sunlight T 68: Árg. 2016**, ekinn 52.000 km. Markísa, hjólagrind, lestarluga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur með sér frystihólfi, 6 gíra, cruise control, loftkæling o.fl. o.fl. **Ótrúlegt verð: 8.350.000, staðgreitt.**



**Sunlight T 69 L: Árg. 2016**, ekinn 48.000 km. Markísa, hjólagrind, álfelgur, lestarluga báðum megin, hjónarúm aðgengilegt beggja vegna, fellirúm í toppi, stór ísskápur með sér frystihólfi, 6 gíra, cruise control, loftkæling o.fl. o.fl. **Ótrúlegt verð: 8.350.000, staðgreitt.**



**Dethlefs Trend A 6977: Árg. 2015**, ekinn 69.000 km. Hjólagrind, rafdrifin trappa, stór ísskápur með sér frystihólfi, 6 gíra, cruise control ofl. ofl. **Ótrúlegt verð: 6.990.000, staðgreitt.**



**McLouis Tandy 680 +: Árg. 2005**, ekinn 48.000 km. Loftpúðafjöldrun, skráður 5 manna. Sólarsetla, sjónvarp, loftnet og lyftistöng, auka hátalarar, stór ísskápur, fjögurra hella borð, bakaraofn, gasskynjari, markísa, stigbretti, 148 hö., ofl. ofl. Stórglæsilegt eintak!  
**Ótrúlegt verð: 4.750.000, staðgreitt.**



**Hymer CS 494: Árg. 2004**, ekinn: 46.000 km. Markísa, bakkmyndavél, ný rafdrifin trappa, tölvukubbur settur í 2016.  
**Ótrúlegt verð: 2.980.000, staðgreitt.**

Opið allar helgar í apríl frá 12-16



P. Karlsson ehf | Smiðjuvöllum 5a, 230 Reykjanesbæ | 517 5200 | www.pkarlsson.is



## Varahlutir



**Altenatorar & Startarar**



ljósboðinn@ljósboðinn.is  
s. 553-1244

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-PRIF EHF.**  
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

## Lárkot ehf

Sandur, mold og jarðvinna.  
Mætum og gerum tilboð.  
Uppl. í s. 892 2257  
Geymið auglýsinguna.

Felli tré og klippi runna. Besti tíminn Halldór garðyrkjum. s:698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**  
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald



**LOFTSTOKKAHREINSUN NIN**

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## SmíðaViðgerðir

Öll almenn trésmíðavinna viðhald eða breytingar.

Eingöngu íslenskir iðnaðarmenn. Tilboð eða tímavinna.

Uppl. s. 781 5544 eða SmidaVidgerdir@gmail.com  
SmidaVidgerdir ehf.

Hreinsa þakrennur, laga á þökum og tek að mér ýmis verkefni. Uppl:847-8704 eða manninn@hotmail.com

## Nudd

## NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

## SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

## RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Rafverktaki getur tekið af sér auka verkefni. Sími 6635538 elscalar@gmail.com

## Keypt &amp; Selt

## Til sölu



Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira göðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677



Talnagátur og heilabrot 140 talna-, stafa- og rökþrautir af ýmsu tagi. www.fristund.net



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



Þjóðlagagítarpakki. Kr. 23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengjasett stillitæki og kennsluforrit. Opið frá 10-18. Gítarinn ehf Stórhöfða 27, S: 552 2125 www.gitarinn.is



## STUBBAHÓLKUR VEGGFESTUR

Kr. 14.500 + VSK Stubbastandur@gmail.com S: 842-2535

## Óskast keypt

## KAUPUM GULL - JÓN &amp; ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi. Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is



**Sumarið nálgast!**

**FERÐAVAGNAR**

**HÚSBÍLAR**

**MÓTORHJÓL**

**KOMDU MEÐ ÞITT TÆKI TIL OKKAR**

**VIÐ SELJUM!**

**bill.is hjol.is**

Malarhöfði 2 ☎ 5773777 🌐 bill.is

**bílaplan.is**

Við Breiðhöfða ☎ 5526000 🌐 bilaplan.is



## Skólar & Námskeið

### Námskeið



### ICELANDIC, ENGLISH & NORWEGIAN F. FOREIGNERS - ENSKA - NORSKA

Levels/Stig: I, II, III, IV, V: ÍSLENSKA f. útlendinga, NORSKA, ENSKA f. Fullorðna: Start/Byrja: 30/4,28/5,25/6,23/7,3/9,1/10,29/10,26/11,7/1: 4 weeks/vikur x 5 days/daga. 2-6 students/nem. Morn/Aftn/Evening. Morgna/Síðd/Kvölds. AUKATÍMAR: STÆ/EDL: www.iceschool.is - ff@icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

### Heimilið

### Barnavörur



### VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

## Húsnæði

### Húsnæði óskast

#### ÍBÚÐ ÓSKAST TIL LEIGU.

Dönsk hjón með tvö börn, 1 og 4 ára, óska eftir 4-6 herbergja íbúð til leigu í 101 eða 107 Reykjavík. Góðri umgengni og skilvísium greiðslum heitið.

Vinsamlegast hafið samband við: anvestergaard@gmail.com eða 888 0516.

Fjölskylda óskar eftir 3ja herb. íbúð til leigu á höfuðborgarsv. og þar í kring. Frá 15. júní til 31. ágúst. S. 869 9766

### Geymsluhúsnæði

#### GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

### Atvinna

#### Atvinna í boði

#### RÓTGRÓIÐ FYRIRTEKI Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU.

Óskar eftir starfsmanni í verslun. Starfið felur í sér almenna afgreiðslu og sölu á vörum sem tengist sjávarútvegi, jarðverktökum, bændum og margt fleira. Kostur ef umsækjandi hefur reynslu af vélvirkjun eða sambærilegt því.

Umsóknir berist atvinna83@gmail.com

### AÐSTODARKONA ÓSKAST

Tæplega fertug, langveik kona sem búsett er í Kópavogi óskar eftir íslenskrri aðstodarkonu, 28 - 55 ára. Ekki aðeins um sumarvinnu að ræða.

Umsækjandi þarf að vera líkamlega og andlega hraust, stundvís, hlý, þolinmóð, úrræðagóð og skilningsrík. Vinnutími er sveigjanlegur. Starfið felur í sér ýmis verkefni og erindagjörðir t.d. akstur, versla, elda, aðstoð á heimili og síðast en ekki síst að veita félagslegan stuðning.

Starfshlutfall eftir samkomulagi eða ca 40 - 80% og unnið er í anda NPA og hugmyndafræði um sjálfstætt líf. Hreint sakarvottorð er skilyrði sem og bilpróf en umsækjandi þarf þó ekki að nýta eigin bíl í vinnunni.

Umsóknir berist á adstodarkona@gmail.com fyrir 23. apríl 2018

### Atvinna óskast

#### VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannabjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is

### Tilkynningar

#### Fundur

#### AÐALFUNDUR VEGAN SAMTAKANNA VERÐUR HALDINN LAUGARDAGINN 5. MAÍ, KL. 12:00.

Fundurinn fer fram í Gló Fákafeni, Reykjavík. Dagskrá aðalfundar Kosning fundarstjóra og fundarritara. Starfsemi félagsins á liðnu ári. Reikningar félagsins. Kosning stjórnar.

Allir félagsmenn velkomnir.

Stjórnin

# HÚSBÍLAÆÐI !



#### Ford Transit 2.4 diesel

**Carado húsbíll**  
árg 2010, ekinn 124 þ. km, 6 gíra, á tvöföldum að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.990.000**  
**Verð nú 4.250.000.**



TILBOÐ

#### Ford Transit 2.2 diesel

**LMC Húsbíll**  
árg 2009, ekinn 131 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. **Verð 4.990.000.-**  
**Tilboð 3.350.000.**



TILBOÐ

#### Ford Transit 2.2 diesel

**LMC Húsbíll**  
árg 2009, ekinn 127 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 4.990.000,**  
**Tilboð 3.350.000.**



#### Dacia Dokker

**1.5 diesel**  
árg 2016 ekinn 28 þ km 5 gíra svefnpláss fyrir 2 sólarsetla og öndun á topp, klár í nokkur. **Verð 1.990.000**  
**Tilboð 1.700.000**



TILBOÐ

#### Fiat Ducato 2.3 diesel

**Carado húsbíll**  
árg 2011, ekinn 145 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.590.000**  
**Tilboð 4.450.000.**



TILBOÐ

#### Carado húsbíll

árg 2015 ekinn ca 100 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 4. **Verð 7.990.000.**  
**Tilboð 6.990.000**  
Bíllinn er í Keflavík  
Uppl. síma 776 7600



TILBOÐ

**Carado húsbíll**  
árg 2015 ekinn ca 100 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2. **Verð 7.490.000.**  
**Tilboð 6.490.000**  
Bíllinn er í Keflavík  
Uppl. síma 776 7600  
Fiat Ducato 2.3 diesel



# TOURINGCARS

gummi@touringcars.eu

Allir bílarnir eru staðsettir í Keflavík. Upplýsingar í síma 776 7600

Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)

**Möguleiki á allt að 100% láni.**

Ný tækifæri,  
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is



HAGVANGUR



## Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

[www.talentradning.is](http://www.talentradning.is)

**TALENT**  
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

talent@talentrading.is  
bryndis@talentrading.is  
Sími: 552-1600



Bryndis  
GSM: 773 7400



**FAST**

Ráðningar

[www.fastradningar.is](http://www.fastradningar.is)

intellecta.is

**RÁÐNINGAR**

intellecta

Vissir þú að...

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

það er bannað að mismuna börnum  
erir líkamlegri eða andlegri geisli



SKER Hönnun & Gjafavara



Opnunartími:  
Mánudaga-Miðvikudaga frá 12-17  
Laugardaga frá 12-15

Langholtiðvegur 126  
104 Reykjavík  
[www.sker.is](http://www.sker.is)



**Allar tölvuviðgerðir**

PC-Mac-Stýrikerfishreinsun  
Rykhreinsun-Bilanagreining

Fljót og góð þjónusta

[tolvuvinir.is](http://tolvuvinir.is)  
tölvuverkstæði



Hafðu samband  
Sími: 445 0100  
Langholtiðvegur 126  
104 Rvk.

## GRETTISLAUG Á TILBOÐI



Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 30 ár. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Nú er rétti tíminn til að huga að heitum potti fyrir sumarið. Þess vegna bjóðum við nú á sértilboði hina vinsælu Grettislaug með vönduðu loki.

Grettislaug með loki  
á aðeins kr.  
**272.000**

**NORMX**

Auðbrekku 6 - Kópavogi • Sími 565 8899 • [www.normx.is](http://www.normx.is)

## Lóð og hús

Húseining hefur fengið leyfi til að kynna lausar lóðir í hinum ýmsu bæjarfélögum sem henta vella okkar húsum.

Þetta er nýr kostur á íslenskum markaði og hafa viðskiptavinir Húseiningu fagnað þessari nýjung. Þær lóðir sem viðskiptavinum biðst ma sjá í tenglum á vef okkar. Viðskiptavinurinn getur valið þá lóð sem hentar honum ásamt því að velja þá hústegund sem hentar.

Ákveðnar takmarkanir þarf að hafa í huga þegar slíkur heildarpakkni er valin, þ.e. lóð hús þegar kemur að því að velja hús á lóðina þar sem deiliskipulag tiltekur hvaða hvaðir fylgja húsaðgerðinni, þegar kemur að stærð og hæð hússins.

Kíkið á vef okkar: [www.huseining.is](http://www.huseining.is) og sjáið lóðaframboðið!



SMART - einbýli



KLASSIK - einbýli



SÓL - sumarhús



KÓSÝ - smáhýsi

Láttu drauminn um nýtt heimili verða að veruleika með vönduðu og hagstæðu húsi frá Húseiningu.

Húseining framleiðir smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmíðju að Hraunholti 1. Vogum. Húseining býður upp á gott úrval af húsaðgerðum, þar sem allir eiga að geta fundið heimili sem hentar. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: [www.huseining.is](http://www.huseining.is)



**HÚSEINING**

Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.  
[www.huseining.is](http://www.huseining.is) [kjartan@huseining.is](mailto:kjartan@huseining.is) [sofia@huseining.is](mailto:sofia@huseining.is)

## Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

### LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.

Metum ástand og gerum við.

[www.fjardarbolstrun.is](http://www.fjardarbolstrun.is)

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • [fjardarbolstrun@gmail.com](mailto:fjardarbolstrun@gmail.com)

### Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjúlundi 19 • 210 Garðabæ



Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!

Kíkið á facebook síðu okkar:

[facebook.com/snyrti](https://www.facebook.com/snyrti) og [nuddstofan smart](https://www.facebook.com/nuddstofan-smart)

Verið hjartanlega velkomín.

Tímamantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • [helgasig2@gmail.com](mailto:helgasig2@gmail.com)  
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

### Úti- og innimálun

Gerum föst verðtilboð í utanhúsmálun og endurmálun sameigna fyrir húsfélög og fleira.

Vönduð vinnubrögð og notum einungis topp efni.

Vaskir Drengir ehf

Björgvin P. Hallgrímsson

Löggiltur málarameistari



[vaskirdrengir@gmail.com](mailto:vaskirdrengir@gmail.com)

sími 844-9188

**WORK NORTH**

HÚSARIF • JARÐVINNA • MÚRBROT  
STEYPUSÖGUN • KJARNABORUN

Sími. 852-5804 | 852-5808 | [worknorth@simnet.is](mailto:worknorth@simnet.is)

**viftur.is**

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

**íshúsið**

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.

Tekur venjulegt GSM SIM kort,

Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.

SMS og MMS viðvörðun í síma og netfang.

Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.

Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.

Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.

Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.

Uppl. í síma 699-6869 og [rafeindir.is](http://rafeindir.is)



Alla fimmtudaga og laugardaga

[arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is) [gudruninga@frettabladid.is](mailto:gudruninga@frettabladid.is)



## Ungt fólk í stjórnámálum

# Meiddist á ökkla og ákvað að bjóða sig fram

**Elvar Páll Sigurðsson** er 26 ára gamall Kópavogsbúi og skipar þriðja sæti á lista Samfylkingarinnar í Kópavogi. Elvar Páll er sóknarmaður Leiknismanna í Breiðholti í fótbolta en ökklabrotnaði síðasta sumar og þurfti að gangast undir aðgerð. Það var í bataferlinu sem hugmyndin kviknaði, að bjóða sig fram.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir  
kristjana@frettabladid.is



Elvar Páll Sigurðsson og unnusta hans, Eyrún Rakel Agnarsdóttir, hafa í nógu að snúast þessa dagana. Þau eignuðust sitt fyrsta barn á dögunum og síðustu vikur hafa snúist um soninn sem er nú um sex vikna gamall.

„Hann er algjör gullmoli og það gengur allt vel. Heilsan er góð og fæðingin gekk vel,“ segir Elvar Páll og segir fæðingu drengsins hafa verið sína stærstu stund.

Elvar Páll hefur raunhæfan möguleika á því að verða yngsti bæjarstjórnarmaður svo lengi sem elstu menn muna. Hann starfar nú á auglýsingastofunni Pipar/TBWA og spilar fótbolta með Leikni í Breiðholti.

„Ég ráðlegg fyrirtækjum í hinum stafræna heimi um markaðssetningu og stefnumótun á stafrænum miðlum,“ segir Elvar sem segir umhverfið sem hann vinnur í síbreytilegt. „Það er alltaf eitthvað að bætast við í flórinni og því getur stefnumótun og markaðssetning oft verið mjög krefjandi, en það er mikilvægt fyrir fyrirtæki að vera sýnileg á réttan hátt á netmiðlum,“ segir Elvar um starf sitt.

Elvar Páll er sóknarmaður Leiknismanna í Breiðholti en sleit takkaskónum á barnsárunum með Breiðabliki í Kópavogi þar sem hann er fæddur, uppallinn og býr enn. Hann gekki svo til liðs við Leikni Reykjavík árið 2015. „Ég fór til Bandaríkjanna beint eftir framhaldsskóla á fótboldastyrk. Þar lærði ég líffræði,“ segir Elvar frá og segist hafa fetað í fótspor eldri bróður síns. „Bróðir minn lærði líka líffræði og seinna læknisfræði, ég ætlaði að feta sömu leið og hann.“

Elvar Páll kom heim og fann fljótlega hvað hann vildi gera í framhaldinu. „Ég vildi fara í aðra átt og

fór því í meistaranám í markaðsfræðum og alþjóðaviðskiptum í Háskóla Íslands og sé ekki eftir þeirri ákvörðun. Líffræðinámið kemur þó að góðu gagni, það er gott að byggja grunninn á vísindum og gerir það að verkum að ég nálgast oft verkefni á annan hátt en aðrir á mínum starfsvettvangi”.

Elvar Páll ökklabrotnaði síðasta sumar og hefur því verið frá fótbolta í nokkurn tíma.

„Ég er enn ekki orðinn nógu góður og er í endurhæfingu. Þetta tekur tíma, þetta eru erfið meiðsl og getur tekið langan tíma að jafna sig á svona meiðslum, það reynir nefnilega verulega á ökkla í fótbolta og maður þarf því að vera rúmlega 100 prósent góður í ökklaunum áður en maður getur farið aftur út á fótboldavöllinn.

Ég er alls ekki hættur í fótbolta en í þessum meiðslum fór ég aðeins að hugsa út fyrir boxið og fór að gera hluti sem mig hafði alltaf langað til að gera,“ segir Elvar Páll og segist í kjölfarið hafa leitt hugann að því að verða að gagni fyrir sinn heimabæ, Kópavog.

„Ég hef svo sem aldrei verið mjög pólitískur en ég hef alla tíð haft mikinn áhuga og fylgst með því sem er í gangi í Kópavogi. Ég hef búið hér frá fæðingu og fjölskyldan mín býr hér mestöll. Mér þykir mjög vænt um bæjarfélagið og vil því ólmur leggja mitt af mörkum og gera gagn.

Ég flokka mig ekki sem hægri- eða vinstrimann og vil miklu frekar vinna eftir málefnum hverju sinni. Þannig vil ég nálgast þetta og ég tel að það sé besta leiðin til að gera Kópavog betri og samkeppnishæfari á öllum sviðum.

Í síðustu kosningum beiddi ég sjálfur eftir ungrri manneskju í frambóði sem ég gæti tengt sterkt við. Manneskju sem færi í stjórnmalastarf í bænum með það markmið að gera

vel fyrir ungt fólk, en fann enga. Það sem hefur að mínu mati sárvantað er að innan bæjarstjórnar sé einhver sem talar máli ungs fólks. Ef slík manneskja velst ekki til starfa, þá verða málefnið hreinlega undir að mínu mati,“ segir Elvar Páll og bendir á að eftir því sem hann best viti, þá hafi enginn undir þritugu starfað í bæjarstjórn Kópavogs í langa tíð.

„Meðalaldurinn í bæjarstjórn síðastliðin kjörtímabil hefur verið um 50 ár. Mér finnst sú staðreynd endurspeglast að mörgu leyti í stefnu bæjarins í ýmsum málum.

Mér finnst til dæmis vanta að lögð sé meiri áhersla á að byggja húsnæði með ungt fólk í huga. Allar löðir bæjarins á síðasta kjörtímabili voru til dæmis boðnar út til hæstbýðenda og það leiðir af sér herra íbúðarverð og þannig er ekki byggt fyrir nægilega fjölbreyttan hóp, heldur meira fyrir hina tekjuhærra. Það hafa sömuleiðis ekki verið byggðar íbúðir fyrir námsmenn. Á Kársnesinu hefði til dæmis verið tilvalið að byggja fyrir þann hóp,“ segir Elvar Páll.

„Nú er á stefnuskránni að byggja brú yfir til Reykjavíkur og það hefði verið kjörið að byggja íbúðir ætlaðar nemendum þar,“ segir hann til að taka dæmi um tækifæri sem farið hefur forgörðum að hans mati.

Hann segir föðurhlutverkið einnig hafa áhrif á sýn sína. „Við sóttum um hjá dagmómmu fyrir strákinn okkar hálfu ári áður en hann fæddist, mér finnst það ekki í lagi. Það þarf að aðstoða foreldra með ung börn betur og svo þarf nauðsynlega að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskólans. Þá eru íþróttamál bæjarins mér auðvitað mjög hugleikin, en íþróttir skipa stóran sess í lífi mínu,“ segir Elvar Páll spurður um helstu málefni sem brenna á honum.

Elvar Páll Sigurðsson ákvað að taka slaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Um Elvar Pál

**Foreldrar:** Sigurður Þorsteinsson, kennari í Kópavogsskóla, og Sigurborg Sigurðardóttir, lyfjafræðingur í Apótekanum, Salavegi.

**Systkini:** Sigurlaug, íþróttakennari í Smáraskóla, og Arnar, bæklunar-læknir í Gautaborg.

**Hjúskaparstaða:** Trúlofaður og í sambúð.

**Börn:** Einn sex vikna strákur.

**Upphaldsstaður á Íslandi:** Skaga-

fjörðurinn, en það vita það ekki margir að ég er 25% Skagfirðingur. **Hvað eldarðu oftast:** Elda oftast steiktan fisk, held ég, mikill aðdáandi.

**Upphaldsheimilisverkin:** Er mikið fyrir að ryksuga.

**Byrðu yfir einhverjum hæfileikum sem fáir vita af?** Get hreyft eyrun á mér mjög hratt og líka nasirnar. Hef mjög fáum sagt frá því.




Elvar Páll Sigurðsson og unnusta hans Eyrún Agnarsdóttir með son sinn.



---

# ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

---



**Kíktu inn á atvinnuvef Fréttablaðsins og JOB.is  
á atvinna.frettabladid.is eða á www.job.is**

**Glæný og fersk störf í hverri viku.**



## Saga til næsta bæjar



# Allra meina bót!

## Stefán Pálsson skrifar um kynjalyf.

Royal Holloway er ein af undirstofnunum Lundúnaháskóla, þar sem nærri tíuþúsund stúdentar leggja stund á flestar helstu háskólagreinar samtímans. Húsa-kosturinn er glæsilegur og umhverfið fagurt, enda er svæðið vinsælt af kvikmyndagerðarfólki sem sögu-svið þegar sýna á tignarlega háskóla.

Það var auðkýfingurinn Thomas Holloway sem lét byggja flest gömlu skólahúsin fyrir eigin reikning á árunum í kringum 1880. Um svipað leyti reisti hann gríðarmikið sjúkrahæli fyrir fólk sem þjást af tímabundnum geðsjúkdómum, sem var um áratugaskeið það þekktasta sinnar tegundar í Bretlandi.

Slíkar gjafir auðmanna til samfélagsins voru algengar og þjónuðu öðrum þræði þeim tilgangi að halda nafni þeirra á lofti eftir dauðann og tryggja að minning þeirra tengdist gjafmildi og stórhug frekar en auðsöfnun, einkum og sér í lagi ef uppspretta auðsins þótti litt virðuleg. Sú var vissulega raunin í tilvikum Thomasar Holloway, sem öðrum fremur lagði grunninn að nýjum stór-íðnaði: framleiðslu á kynjalyfjum.

Á öllum tímum hefur blómlegur iðnaður óhefðbundinna lækninga þrífist til hlíðar við hin viðurkennda lækna-vísindi. Skottulækna með heimatilbúnað mixtúrur og kenningar um blóðtökur seldu þjónustu sína og hafði almenn-ingur síst minni trú á fræðum þeirra en hinna menntuðu lækna. Gagnrýni heilbrigðis-yfirvalda á starfsemi kuklara var því svarað fullum hálsi. Lengst af var framleiðsla töfra-lyfja þó í höndum einstaklinga sem störfuðu í sínu nærumhverfi og seldu smyrsl sín og blöndur beint til sjúkl-inga. Með iðnvæddu samfélagi nitjándu aldar og tilkomu fjölmiðla gat orðið breyting þar á.

Holloway stofnaði

innflutningsfyrirtæki í Lundúnum árið 1836. Meðal viðskiptavina hans var Ítali sem framleiddi húð-krem og seldi með góðum hagnaði. Ákvað Holloway að feta í fótspor hans. Salan gekk vel og fljótlega tók vörutegundunum að fjölga með ýmiss konar undramixtúrum sem áttu að vera allra meina bót. Slík seyði höfðu verið framleidd og seld um aldir, en snilli Holloways fölst í markaðssetningunni.

Hann keypti auglýsingar fyrir of fjár í hvers kyns dagblöðum og tímaritum, þar sem stóru orðin um ágæti lyfjanna voru ekki spöruð. Slíkar auglýsingaherferðir voru nánast óþekktar á þessum tíma og ruddi Holloway því að mörgu leyti brautina fyrir neyklusamfélag og nútímaverslunarhætti í leiðinni. Aðferðafræðin gekk fullkomlega upp. Slegist var um kynjalyfin og Holloway varð einhver ríkasti maður Bretlandseyja.

### Horft til Austurlanda

Velgengni þessi gat að sjálfsgöðu af sér samkeppnisáðila. Hvarvetna mátti sjá auglýsingar um kynjalyf sem sögð voru lækna alla kvilla.

Innihaldinu í lyfjaflöskunum var haldið rækilega leyndu, en oftast var þar um að ræða áfengt seyði af rótum eða berki ýmissa jurta. Dæmi var um að ýmsum málum væri bætt út í blönduna og jafvel tjöru, olíum, sykri eða sírópi. Telja vísindamenn í dag að einungis örfá þessara lyfja hafi nokkurt gagn getað gert og þá aðeins á þröngu sviði. Í öðrum tilvikum voru mixtúrur þessar hreinlega hættulegar, í það minnsta í stórum skömmtum.

Í auglýsingum fyrir kynjalyfin var yfir-leitt lögd áhersla á að um ævagamlar fjölskylduuppskriftir væri að ræða og virtist það auka á trú-verðuleika þeirra. Þá var algengt að blöndunum væru valin nöfn sem vísuðu til fjarlægra samfélaga, helst með fornar rætur. Birtist þetta í nöfnum og myndmáli á umbúðum fjölmargra mixtúra.

Frá Bretlandi breiddist hin nýja framleiðslugrein út

næstu áratugin. Í Danmörku hófst kynjalyfjaiðnaðurinn fyrir alvöru árið 1871 þegar uppgjafahermaðurinn Harald Valdemar Mansfeld-Büllner hóf framleiðslu og sölu á Brama-lifselexír. Elexír þessi var í fyrstu seldur sem meltingar-styrkjandi bitter til að innbyrða fyrir mat, en fljótlega fjölgaði kvillunum sem honum var ætlað að lækna. „Braminn“, eins og lyfið var almennt kallað, var markaðs-settur með nákvæmlega sama hætti og svipaðar blöndur í Bretlandi. Nafnið vísaði í fornindversk trúarbrögð og miklu var kostað til að auglýsa vöruna í blöðum. Þá voru umbúðirnar státslegri og litskrúðugri en titt var um neyklusavarning á þessum árum.

Danir tóku Bramanum hönd-um tveim og gat því ekki liðið á löngu uns farið var að selja vöruna á Íslandi. Mansfeld-Büllner var tengdur Íslandi í gegnum fjölskylduvensl og kann það að hafa átt sinn þátt í að fyrirtækið lagði sig sérstaklega fram um að sinna þessum litla markaði. Hvað sem því líður var Bramalifselexírinn rækilega auglýstur í íslenskum blöðum. Haft var samband við ritstjóra og þeir hvattir til að fjalla um undramátt lyfsins gegn greiðslu, auk þess sem vonin um auglýsinga-tekjur var ýmsum þeirra næg hvatning til að fjalla að minnsta kosti ekki á neikvæðan hátt um mixtúrur.


Á árunum um og eftir 1880 mátti kaupa Brama út um allt land og salan var mikil, raunar svo mikil að stjórnmalamenn sáu ofsjónum yfir fjáustrinum. Læknar höfðu sömuleiðis áhyggjur af því að almenningur tæki blöndur skottulækna fram yfir viðurkennd læknisráð og að í mörgum tilvikum væri hreinlega um hættuleg meðul að ræða. Þannig staðhæfði Schriebeck landlæknir, sem fyrstur tók að amast opinberlega við Bramanum árið 1882, að ofnotkun lyfsins hefði valdið dauða fjölmargra íslenskra barna árin á undan.

### Skiptar skoðanir

Landlæknir skrifaði nokkrar blágreinar gegn kynjalyfjunum og þá einkum Bramanum, þar sem hann lýsti þeirri skoðun sinni að ef landsmenn teldu sig á annað borð þurfa að innbyrða slíkar blöndur, væri illskárra að þær væru framleiðar í landinu. Í kjölfarið hóf lyfsali í Reykjavík framleiðslu á elexír með vottorði Schriebecks þess efnis að innihaldið hefði sömu áhrif og Brama-lifselexírinn en kostaði minna.

Danska fyrirtækið brást ókvæða við sem vænta mátti og vandaði landlækni ekki kveðjurnar. Ekki virtust neytendur þó taka skrif læknisins mjög alvarlega, í það minnsta dró lítið úr sölu Bramans næstu árin, þrátt fyrir harða samkeppni frá framleiðendum annarra kynjalyfja, svo sem Brama-lifselexísensins, sem sagður var enn öflugri vörn gegn hvers kyns kvillum. Högnuðust kaupmenn og útgefendur auglýsingablaða vel á þessum átökum, en almenningur eyddi svimandi upphæðum af litlum efnunum í fánýtar lyfjablöndur.

Um 1892 kom fram nýtt kynjalyf sem átti eftir að fella Bramalifselexírinn af stalli sem uppáhaldsdrykkur auðrúa Íslendinga. Athafnamaðurinn Valdemar Petersen hóf þá að selja til landsins Kína-lifselexír í stórum stíl. Loforðin um mátt lyfsins voru enn stórfenglegri, kynningarbæklingarnir veglegri og umbúðirnar glæsilegri en á Bramanum. Á flöskumíðanum



### HÓTAÐI PETERSEN AÐ

### HELLA NIÐUR ÖLLUM

### LAGERNUM.

Enn reyndu þingmenn að torvelda framleiðslu Petersens árið 1907 þegar sett voru aðflutningsgjöld á hraefnin sem þurfti til framleiðslunnar. Brást sá danski þá við með því að stækka verksmiðjuna og koma sér upp risalager, sumir sögðu til margra áratuga, áður en lögin kæmu til framkvæmda. Enn hélt glíman þó áfram og lagði þingið loks gjald á allar óseldar bitter-birgðir í landinu.

Þegar áfengisbann tók endanlega gildi í ársbyrjun 1915 varð sala á Kína-lifselexírnum sjálfkrafa ólögleg. Stóð Valdimar Petersen þá í nokkru stappi við stjórnvöld um hvernig ráðstafa skyldi þeim 60 þúsund meðalflöskum sem óseldar væru. Hótaði Petersen að hella niður öllum lagernum og létu ráðamenn sig þá, enda vildu þeir ekki verða af skattinum. Var því veitt undanþága fyrir sölu þessum síðustu birgðum, þrátt fyrir bannlög og virðast þær hafa klárast á skömmum tíma – í það minnsta hættu auglýsingar um Kína-lifselexír að birtast í blöðunum.

Í tengslum við ritun bókar sinnar, sem getið var um hér að framan, fékk Smári Geirsson lyfjafræðideild Háskólans til að efnagreina innihald gamallar flösku með elexír þessum. Ekki fundust þar merki um nein undraefni sem benda til sérstaks lækningarmáttar. Virðist meira að segja óljóst hvort við framleiðsluna hafi verið söðinn kínabörkur, sem átti þó að vera lykilhraefni að sögn Valdimars Petersens. Kínabörkur er þrátt fyrir nafnið ættaður frá Suður-Ameríku og var þekkt lækningajurt, sem meðal annars hefur verið nýtt til framleiðslu á kíníni. Vísindalegur grundvöllur Kína-lifselexírsins virðist því ansi veikur, en það breytir ekki þeirri staðreynd að þúsundir innbyrtu lyfið og töldu flestra meina bót.



# KOMDU

í

# KOLAPORTIÐ

– dásamleg deild samfélagsins

OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17



# HAGSTÆTT FYRIR HEIMILIÐ



Kjörfugl bringur

**1.599**  
kr. kg.



D Léttmjólk 1L

**149**  
kr. stk.



Myllu heimilisbrauð

**349**  
kr. stk.



**Iceland**



# TÍMAMÓT



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

## Jóhanna Ólafsdóttir

frá Reynisvatni, Suðurlandsbraut 60,

lést á líknardeildinni í Kópavogi 8. apríl í faðmi fjölskyldu sinnar.

Hún verður jarðsungin frá Frikirkjunni í Reykjavík mánudaginn 16. apríl klukkan 14.

### Þorgeir Þorkelsson

Þóra Ólóf Þorgeirsdóttir  
Ástriður Þorgeirsdóttir  
Jón Þorgeir Þorgeirsson  
Halldóra Þorgeirsdóttir

Magnús Smári Þorvaldsson  
Guðni Haukur Sigurðsson  
Elín Guðrún Pálsdóttir  
Björn Jóhannsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar ástkærs sonar okkar, föður, fyrrverandi eiginmanns, bróður, mágs og frænda,

## Eiríks Árna Oddssonar

Hamarstíg 37, Akureyri.

Oddur Lýðsson Árnason  
Guðmundur Oddur Eiríksson  
Helena Guðrún Eiríksdóttir  
Tristan Árni Eiríksson  
Ásdís Hrönn Guðmundsdóttir  
Sigurður G. Oddsson  
Arnar Oddsson  
Hulda Lilý Sigurðardóttir  
Hildigunnur Sigurðardóttir

Hulda Lilý Árnadóttir

Sigríður Stefánsdóttir



Ástkær sambýlismaður minn, faðir, stjúpaðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

## Sigurbjörn H. Ólafsson

stýrimaður, Ásbraut 13, Kópavogi,

sem lést miðvikudaginn 4. apríl, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju mánudaginn 16. apríl klukkan 13.

Sigurlaug Sigurðardóttir  
Ómar Sigurbjörnsson  
Heiðar Sigurbjörnsson  
Oddur F. Sigurbjörnsson  
Sigurður Þorsteinsson  
Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir  
Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir  
Ólafur Þór Þorsteinsson  
börn, barnabörn, langafabörn og langalangafabarn.

Kenný Aðalheiður  
Rósa Björk Högnadóttir  
Unnur Runólfsdóttir  
Sigurborg Sigurðardóttir

Pétur Már Ólafsson

Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Magnús Sævar Magnússon, umsjón útfara



## Útfararþjónusta & lögræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | [utfor.is](http://utfor.is)

## Allir lásu Bláa hnöttinn

Nýlega útskrifaðist hópur fólks af erlendum uppruna úr tungumálaskólanum Dósaverksmiðjunni eftir íslenskunám á 7. stigi. Gígja Svavarsdóttir er þar framkvæmdastjóri.

Nemendurnir sem voru að útskrifast eru frá sjö þjóðum og tala allir góða íslensku," segir Gígja Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri tungumálaskólans Dósaverksmiðjunnar. Hún segir hópinn hafa dvalið á Íslandi mismunandi lengi, allt frá einu ári upp í tólf og líka hafa fjölbreyttan bakgrunn. „Ein var að selja fyrirtækið sitt, önnur er barnalæknir, þá er hestakona sem vinnur á ferðaskrifstofu, byggingarverkfræðingur, viðskipta- og hagfræðingur, mannfræðinemi, markaðsfræðingur, blaðakona, heimavinnandi húsaðir, mannabeinafræðingur og íþróttfræðingur.“

Allur hópurinn ákvað að velja sömu kjörbókina til lesturs, Bláa hnöttinn eftir Andra Snæ Magnason, að sögn Gígy. „Andri var með okkur þegar við lásum síðustu blaðsíðurnar og ræddi um efnið við hópinn.“

Gígja segir nemendum Dósaverksmiðjunnar fjölga stöðugt. „Í fyrra fóru 1.200 manns í gegn hjá okkur og nú stefnir í að við útskrifum 1.500. Kennararnir eru allir háskólamenntaðir og frá degi eitt er kennt á íslensku. Við byggjum á fjölbreyttri nálgun sem gefur góða raun, einkunnarorðin eru tungumál, menning, saga, matur og skemmtun. Við förum á söfn, í búðir, í Grasagarðinn, Heiðmörk og víðar. Eldum líka og borðum saman.“

Til að fá dvalarleyfi á landinu eða íslenskan ríkisborgararétt er nám af 3. stigi skylda. Gígja segir marga láta þar við sitja en Dósaverksmiðjan kenni



Morgunkennararnir í Dósaverksmiðjunni, Guðrún Árnadóttir, Bjarki Ármannsson, Ásbjörg Jörundsdóttir, Sigrún Gunnarsdóttir og Gígja Svavarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Við byggjum á fjölbreyttri nálgun sem gefur góða raun, einkunnarorðin eru tungumál, menning, saga, matur og skemmtun.

allt upp í átta stig, sem sé næst á undan háskólastigi. Hún hefur kennt útlendingum íslensku í yfir 30 ár, í Námsflokkunum, í HÍ og var með eigin skóla á netinu um skeið meðan hún bjó á Ítalíu. Kveðst hafa flutt heim árið 2008 og morguninn eftir hafi Glitnir verið fallinn. „Ég er gift listamanni og við höfðum hjálpast að við íslenskukennsluna á netinu. Nú förum við að kenna heima en 2012 fluttum við í Borgartún 1, í hús sem var byggt sem dósaverksmiðja og ákváðum að nota það nafn.“ [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Eiginmaður minn,

## Snorri Dan Hallgrímsson

verkfræðingur, 10808 Bryant Place, Oakton, Virginia,

lést föstudaginn 6. apríl sl. Útför hans hefur farið fram.

Monique Monseu



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

## Róbert Örn Ólafsson,

Lóulandi 6, Garði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, laugardaginn 7. apríl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 20. apríl kl. 13.

Guðbjörg Þrúður Gísladóttir  
Dagmar Róbertsdóttir

Ólafur Ríkhart Róbertsson Halldóra Jóna Sigurðardóttir  
Ellen Dóra Guðbjargadóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samkennd, hlýhug og styrk til barnanna við andlát og útför elsku pabba okkar, sambýlismanns, sonar, bróður og mágs,

## Arnars Sigurðar Helgasonar

Guð blessi ykkur.

Ebba Dis  
Sunna Líf  
Aron Máni

Sigríður Reykjalín Hreggviðsdóttir  
Berglind Sigurðardóttir  
Íris Alda Helgadóttir  
Helgi Steinar Helgason

Todd Edward Kulczyk



Elsku pabbi okkar, tengdapaðir, afi og langafi,

## Marel Andrésson

Sandgerði,

lést í faðmi fjölskyldunnar 10. apríl. Útförin fer fram frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði miðvikudaginn 18. apríl kl. 14.

Þórður Ingi Marelsson  
Kolbrún Marelsdóttir  
Ólafía Marelsdóttir

Fríður María Halldórsdóttir  
Ragnar Kristjánsson  
Magnús Þórisson  
og afabörn.



Við þökkum innilega fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

## Friðriks Sigurlína Friðrikssonar

húsgagnasmíðameistara frá Húsatúni, Látrum í Aðalvík, Lindasmára 95, Kópavogi.

Anna Þorbjörg Jónsdóttir

Ingvaldur K. Friðriksdóttir

Friðrik Ari Friðriksson

Sigurjón H. Friðriksson Dóra E. Sigurjónsdóttir  
barnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5407.



# GLAMOUR.is



KOMDU Í  
ÁSKRIFT Á  
GLAMOUR.IS

TÍSKA

FEGURD

GLAMOURPENNAR

HEIMILI & HÖNNUN



Vertu með  
puttann á  
púlsinum og  
fylgstu með  
Glamour á  
netinu og á  
samfélags-  
miðlum.

TÍSKU-  
FRÉTTIR  
á hverjum  
degi



Á VEFSÍÐU GLAMOUR má finna  
fréttir úr tísku- og snyrtivöruheiminum,  
myndapætti og áhugaverðar umfjallanir.



FYLGSTU MED OKKUR Á SAMFÉLAGSMIDLUNUM

Facebook – Glamour Iceland Instagram – @glamouriceland #glamouriceland  
Twitter – @glamouriceland #glamouriceland Snapchat – Glamour Iceland





Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Sigurlína Jódís Hannesdóttir

sem lést 8. apríl, verður jarðsungen frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 17. apríl kl. 13.

**Aðalbjörg Úlfarsdóttir**  
**Jóhanna Úlfarsdóttir**  
**Jón Smári Úlfarsson**  
**Þórdís Úlfarsdóttir**

**Arnór Hannesson**  
**Gísli Hafþór Jónsson**  
**Hjördis Hendriksdóttir**  
**Guðni Ingvar Guðnason**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir okkar, afi og langafi,

### Stefán Jónas Guðmundsson

skipstjóri,  
Akureyri,

lést 27. mars sl. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey. Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, kærleik og hlýhug. Guð blessi ykkur öll.

**Kristmundur Stefánsson**  
**Hanna Kristín Stefánsdóttir**  
**Sigurlín Guðrún Stefánsdóttir**  
**Stefán Friðrik Stefánsson**  
**Thelma Rut Stefánsdóttir**  
barnabörn og langafabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Gréta Jósefsdóttir

Hólabraut 3,  
Blönduósi,

lést sunnudaginn 1. apríl á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Blönduósi. Hjartans þakklæti færum við starfsfólki heilbrigðisstofnunarinnar fyrir góða aðhlyningu.

**Aris Njálisdóttir**  
**Þórður Daði Njálsson**

**Sigurður Friðrik Davíðsson**  
**Jane Christensen**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eigenmaður minn, faðir minn og afi,

### Þorsteinn Hjartarson

Boðarþingi 12,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 8. apríl. Útförin fer fram frá Lindakirkju föstudaginn 20. apríl klukkan 13.00.

**Guðrún Einarsdóttir**  
**Rúna Björk Þorsteinsdóttir**  
**Þorfinnur Guttormsson**  
**Guðrún Embla Eiríksdóttir**



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

### Björn Einarsson

til heimilis að  
Hraunbraut 8, Kópavogi,

lést á heimili sínu föstudaginn 6. apríl. Hann verður jarðsungen frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 17. apríl klukkan 13.

**Anna Magnea Valdímarsdóttir**  
**Ásgerður Theodóra Björnsdóttir**  
**Brynhildur Björnsdóttir**  
**Valdimar Jón Björnsdóttir**  
**Ingibjörg Ebba Björnsdóttir**  
**Sverrir Björnsdóttir**  
tengdabörn, barnabörn og langafabörn.



Elskulegur eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

### Oddgeir Sigurðsson

húsasmiður,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þriðjudaginn 3. apríl síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á deild 3E, Sóltúni.

**Sigríður Björnsdóttir**  
**Bergþóra Oddgeirsdóttir**  
**Birna Oddgeirsdóttir**  
**Matthias Oddgeirsson** **Guðbjörg Ásgeirsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.

ÞETTA GERÐIST: 14. APRÍL 2010

## Eldgos hófst í Eyjafjallajökli

Kröftugt eldgos hófst í Eyjafjallajökli þennan dag árið 2010 er þrír djúpir sigkatlar mynduðust í jöklinum.

Hamfarafloð sem braust undan Gígjökli í norðanverðum Eyjafjallajökli snemma morguns sópaði niður flóðagörðum þegar það ruddist niður Markarfljótið á tveimur tímum niður að Þjóðvegi 1. Vegurinn var rofinn á fjórum stöðum og með því tókst að bjarga brúnni.

Annað minna flóð sem kom niður fyrir ofan Þorvaldseyri olli

skemmdum á vegum og spillti jörðum undir Eyjafjöllum og bændur urðu þar fyrir búsfjum.

Óskufall náði austur að Kirkjubæjarklaustri og byrgði víða sýn. Flugumferð, bæði innanlands og víðar í Evrópu, raskaðist verulega og lá víða niðri vegna óskunnar.

Gosið átti upptök sín í toppgíg fjallsins. Það hófst á sjöunda tímanum eftir harða jarðskjálftahrinu um nóttina. Um 700 manns náðu að yfirgefa heimili sín áður en það hófst.



Okkar ástkæri

### Héðinn Sveinsson

lést miðvikudaginn 11. apríl.

Fyrir hönd aðstandenda,  
systkini hins látna,  
Jón, Loftur, Rannveig, Olga, Páll Þór



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Fjóla Pálsdóttir

Heiðargerði 42,

lést á Landspítalanum að kvöldi þriðjudagsins 10. apríl. Útförin fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 20. apríl klukkan 13.

**Pálmar Kristinsson**  
**Halldór Kristinsson**

**Gunnar S. Kristinsson**  
**Sævar Kristinsson**

**Hallfríður Frimannsdóttir**

**Gréta Vigfúsdóttir**  
**Ólöf Kristín Sivertsen**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

### Sigurbjargar Simonardóttir

Miðvangi 16, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir eru til alls starfsfólks Landspítalans á deild 11E.

**Sigurður Óskarsson**

**Unnur Sigurðardóttir**

**Óskar Sigurðsson**

**María S. Sigurðardóttir Collaud**

**Rakel Pálsdóttir**

**Olivier Collaud**  
og barnabörn.



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

### Sverrir Oliver Karvelsson

frá Ísafirði / Þingeyri,

lést þriðjudaginn 10. apríl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 23. apríl kl. 13.00.

**Kritsana Jaitieng**

**Kristján Sigurður Sverrisson**

**Jakob Arnar Sverrisson**

**Nutcharee Pairueang**

**Sólveig A. Hilmarsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

### Jenni Ragnar Ólason

Böðvarsgötu 8,  
Borgarnesi,

lést á sjúkrahúsi á Spáni, laugardaginn 7. apríl.

**Aðalbjörg (Stella) Ólafsdóttir**

**Áslaug Þorvaldsdóttir**

**Rósa Jennadóttir**

**Birna Guðrún Jennadóttir**

**Guðmundur F. Guðmundsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

### Tómas Þórhallsson

frá Botni í Fjörðum,  
til heimilis að Sléttuvegi 23,  
Reykjavík,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 11. apríl. Útför hans verður auglýst síðar.

**Ragnhildur Pála Tómasdóttir**  
**Guðni Þórhallur Tómasson**  
**Guðlaugur Ómar Tómasson**

**Sveinn Áki Sverrisson**  
**Þórdís Þórðardóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

### Jósef S. Reynis

arkitekt,  
Hólalatekk 7,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 4. apríl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Innilegar þakkir til þeirra sem hafa sýnt okkur samúð og vinarhug. Sérstakar þakkir fær starfsfólk heimahlyningar Landspítalans í Kópavogi.

**Einar Haukur Reynis**

**Edda Kristín Reynis**

**Anna Þórunn Reynis**

**Jóhann Stefánsson**

**Sigurður Sveinsson**  
barnabörn og aðrir aðstandendur.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

### Stefánir Helgason

lést 10. apríl.

Útförin fer fram frá Digraneskirkju 23. apríl kl. 15.

**Birna Stefnsdóttir**

**Brynja Sif Stefnsdóttir**

**Sigurður Hrafn Stefnsdóttir**

**Aðalsteinn Steinþórsson**

**Agnar Strandberg**

**Hekla Ívarsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku yndislegi sonur okkar, barnabarn, bróðir og frændi,

### Stefán Jörger Ágústsson

lést á heimili sínu 8. apríl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Þorgerður Nielsen**

**Ólafur Werner Nielsen**

**Ragna Hjördis Ágústsdóttir**

**Ólafur Böðvar Ágústsson**

**Óskar Logi Ágústsson**

**Ágúst Böðvarsson**

**Ragnheiður Stefánsdóttir**

**Guðjón Þór Sæmundsson**

**Ingibjörg Ólafsdóttir**

**Isabelle Bailey**  
og systkinabörn.



Elsku pabbi okkar,

### Friðbjörn Gunnlaugsson

skólastjóri,

lést á líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 11. apríl.

**Dista, Gulli, Freyja og Ása**





# BLÁR APRÍL

Styrktarfélag barna með einhverfu


ÞAÐ ER BARA BEST AÐ  
KYNNAST MÉR TIL  
AÐ SKILJA MIG BETUR

Heilsaðu upp á Mariu á [blarapril.is](http://blarapril.is)  
Hún er einhverf og hefur frá ýmsu að segja






# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR




## Lausnarorð síðustu viku var VINNUHANSKAR



**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist reisa (13). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 20. apríl næstkomandi á [krossgata@frettabladid.is](mailto:krossgata@frettabladid.is) merkt „14. apríl“.

\_\_\_\_\_



### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Þyrluránið** eftir **Jonas Bonnier** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Erla Hrönn, Akureyri**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

- 1 Lyfta fargi af kjafti við hrjúfa kinn (7)
- 11 HjóLA, hjóLI og hjóLS eru tilkynningar virði (12)
- 12 Aldrei fattað einfalt ríki-dæmi (9)
- 13 Minnst óvildartímans og benjanna sem fylgdu (10)
- 14 Allsherjar frostbit í fransíni (11)
- 15 Greið leið að krit; það er minnar gæfu styrkur (10)
- 16 Hreinsa rusl úr nefi söng-kvænna (7)
- 18 Upprennandi og óræð sætta sig við fermingarstelp-una (8)

- 22 Ból er að hafa böggð (6)
- 24 Flónskufas skelfir ei frækinn (6)
- 27 Sá blómunum í litlum röðum (8)
- 29 Nudda heljarmenni inn að líffærum (5)
- 30 Þrautþjálfað í að vera brjálað (3)
- 32 Í geimflaug með gellu (6)
- 33 Áþján er af úrgangsmat sem við seldum dýrt (7)
- 34 Tel Jöklu sækja mestallt í þennan (5)
- 35 Slys í sumarleyfi hressti mig (8)
- 36 Þær eiga augun sem opna sýn á hafið (3)

- 37 Nugga augun eins og ringluð raggeit (5)
- 38 Ákveða að festa fljót (7)
- 39 Sorgmædd út af hafis, ár eftir ár (6)
- 40 Leita líkmanna eftir hrun auðlindanna (7)
- 44 Nauða um mannláusan og óbrengráðan blett (5)
- 47 Er bara ein stjarna í öllum stjörnuklippum? (9)
- 49 Vinnudýrin og smápeningarnir þúsund (9)
- 51 Bið eftir ropanum úr munn barnsins (11)
- 52 Rugl um saur (4)
- 53 Þreif skel þétt vafða? (7)

### LÓDRÉTT

- 1 Heyri hljóm óttans í rödd barnsins (7)
- 2 Hópar breyta gildi bæklun-araðgerða (9)
- 3 Læt þessa drulu í heilu lagi fyrir smápeninga (7)
- 4 Flan má sín miklu meira en mikils fyrir lítinn (8)
- 5 Erindi um vatnavexti og íþróttir (8)
- 6 Víkjum þá að skyldum en þó sérstökum orðum (9)
- 7 Litlir karlar óttast konur og uppnefna (9)
- 8 List verr á töfina en vilyrðið (9)
- 9 Lömb urðu erninum ung-

- verska að bráð (9)
- 10 Yngri flokkar íþróttafélaga – barnaprælkun? (10)
- 17 Flatsaumsspor? Þá er systtranagli málið (11)
- 19 Úr mergðarmaukinu má fá fyrirtaks brauð (10)
- 20 Má skella glerbrotunum í drykkinn? (9)
- 21 Skilja mun vinnubuxna og skollabuxnanna (10)
- 23 Sæki í sjóði liprar og lítillátrar (10)
- 25 Treystum snyrti í sætum sínum (12)
- 26 Slóði við grösuga hlið heillar þennan þörupilt (12)
- 28 Grefur rusl þar sem raftar

- og ruðningar mætast á fjalli (9)
- 30 Bjarmi hlýr á barnsins vanga (8)
- 31 Sé flagara hnjóta um þröskuldinn (7)
- 41 Hugarfljót rennur í keríð (5)
- 42 Vil að þú baslir við að afrugla rimla (5)
- 43 Linur og léttuglaður lætur af nisku (5)
- 45 Gruna ungar um óreiðu barna (5)
- 46 Vesæll ertu, vængur minn (5)
- 48 Fer á fjall og dey þar (4)
- 50 Besta sveifla allra tíma (4)

### LÉTT

	4		2	8		6	1
						2	5
9	3					7	8
7			8	2			6
		5	3				8
	6			5	7		
8				4			9
1							
	3	6		1			

### MIDLUNGS

5			3	7			8
4			5	8	9		
		2	1				
	4			9			1
9			2	1			6
1	5			8	7		
		9		4			7
					6	1	3
		6				9	

### ÞUNG

6			7	5			
					8		1
					3		
	9				7		2
2	6		4				8
8			2				3
			3			7	5
4		1	6				9
	6		9		1		

### Skák Gunnar Björnsson



Þorvarður F. Ólafsson (2.176) átti leik gegn Kristni Jens Sigurþórssyni (1.744) á Óðlingamóti TR. Svartur á leik  
**18. ... Rf3+!** **19. Dxf3 De1+** **20. Df1 Dxe3+** (20. ... Bxh2+ er ekki síðra). **21. Kh1** (21. Df2 Dxf2+ 22. Kxf2 Bc5). **21. ... Dxd4** og svartur vann skömmu síðar. Íslandsmót grunn-skólasveita fer fram á morgun.

[www.skak.is](http://www.skak.is): Lenka á EM kvænna.

7	1	3	9	2	5	8	6	4
2	6	5	7	4	8	3	9	1
8	9	4	3	6	1	5	7	2
9	4	6	5	7	3	1	2	8
5	2	8	1	9	6	4	3	7
1	3	7	2	8	4	9	5	6
6	5	9	8	1	7	2	4	3
3	7	1	4	5	2	6	8	9
4	8	2	6	3	9	7	1	5
6	2	4	7	8	1	3	9	5
5	7	8	3	9	2	1	4	6
3	9	1	5	4	6	7	2	8
7	3	6	4	1	9	5	8	2
8	1	9	2	3	5	4	6	7
2	4	5	6	7	8	9	3	1
4	5	7	8	6	3	2	1	9
9	6	3	1	2	7	8	5	4
1	8	2	9	5	4	6	7	3
6	9	3	2	7	4	8	1	5
8	7	5	3	9	1	6	2	4
1	2	4	5	6	8	3	7	9
5	8	6	7	2	3	9	4	1
9	3	1	6	4	5	7	8	2
2	4	7	8	1	9	5	6	3
7	6	9	4	3	2	1	5	8
3	5	2	1	8	7	4	9	6
4	1	8	9	5	6	2	3	7

### Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### ERFIÐ ALSLEMMA

Undanúrslit Íslandsmótsins í sveita-keppni voru háð um síðustu helgi. Þar kepptu 40 sveitir um réttinn til þess að spila í úrslitum Íslandsmótsins. Spilað var í fjórum 12 sveita riðlum og 3 efstu sveitirnar unnu þennan rétt. Úrslitin voru að mestu eftir "bókinni". Í A-riðli voru það sveitir: J.E.Skanna, Logoflex og SFG sem náðu þremur efstu sætum. Í B-riðli: Hótel Hamars,

Borgunar og Vestra, í C-riðli sveitir: Betra ferða, Málningar hf. og Þorsteins Svörfuðar og í D-riðli: TM Selfoss, Kjarans og Grants Thornt-hons. Úrslitin verða spiluð dagana 19.-22. apríl í sal F í Mörkinni 6. Spil dagsins er úr undankeppninni frá síðustu helgi. Spilið er úr þriðju umferð mótsins, suður gjafari og NS á hættu:

**Norður**  
 ♠ G4  
 ♥ DG65  
 ♦ G4  
 ♣ DG975

**Vestur**  
 ♠ ÁD10953  
 ♥ 9  
 ♦ Á9873  
 ♣ 6

**Austur**  
 ♠ K82  
 ♥ Á2  
 ♦ KD106  
 ♣ Á1032

**Suður**  
 ♠ 76  
 ♥ K108743  
 ♦ 52  
 ♣ K84

Þetta spil olli mikilli umræðu og mismunandi skoðunum á viðbrögðum vesturs. Eftir að suður opnar á veikum tveimur hjörtum hvað ætti vestur að segja? Flestum finnst spilin ekki nægilega sterk til þess að stökkva í 4 ♦ (sýnir sterk spil með spaða og tigullengd – að minnsta kosti 5 spil í hvorum lit), meðal annars vegna þess að spaðinn er einum lengri en tigullinn og háspilabetri. Þó að alslemma sé borðlögð í bæði spaða og tigli, þá reyndist flestum erfitt að komast í hana í sögnum. Alls spiluðu 20 borð einungis spaða-geim, 15 borð spiluðu hálfslému og aðeins 5 borð náðu alslemmu. Ef vestur segir einungis 2 ♠ við 2 ♥, er þrautin þyngri að komast í alslemmu. En flestir völdu þá sögn. Hvaða sögn myndir þú velja lesandi góður?



# SNARLAÐU Í EINUM GRÆNUM



## REYKJAVÍK

Austurstræti 17  
Bankastræti 11  
Barónsstígur

Birkimelur 1  
Borgartún 26  
Bústaðavegur 20

Grímsbær  
Grjótháls 8  
Hjarðarhagi 47

Kleppsvegur  
Laugalækur 9  
Laugavegur 116

Laugavegur 180  
Lágmúli 7  
Miklabraut 100

Suðurfell 4

## HAFNARFJÖRDUR

Reykjavíkurbv. 58

## KÓPAVOGUR

Dalvegur 20  
Hagasmári 9

## REYKJANESBÆR

Fitjar  
Keflavíkurflugv.

## GARÐABÆR

Litlatún

## AKRANES

Skagabraut 43




## KRAKKAR

# Konráð

297

## og félagar

### á ferð og flugi



„Þá er það næsta praut,“ sagði Konráð. „Hún er svona: „Hvað er þetta dýradýr mörg dýr?“ „Dýradýr? Hvers konar bull er nú þetta?“ hrópaði Róbert. „Það er ekki til neitt sem heitir dýradýr!“ En Konráð var ekki eins viss. Hann skimaði í kringum sig, og jú: „Sjáðu, Róbert! Þarna er það, dýradýrið!“

„Óóó!“ skrikti Róbert af hræðslu þegar hann sá dýradýrið. „Það er hræðilegt, það borðar okkur örugglega!“ Það hnusaði í Kötu. „Bleyða, eins og alltaf.“

Hvaða dýr sérð þú í þessu dýradýri?



Lausn á gátunni

## Listaverkið

Þessa mynd sendi Ásdís Elfa Fransdóttir okkur af hamstrinum sínum.



„Flestir kalla mig Emmu en margir í skólanum segja Emília. Mamma segir samt stundum Karen við mig.“ FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Vill verða besta söngkona í öllum heiminum

Emília Karen Kristjánsdóttir er sex ára og á afmæli í desember.

**Ertu alltaf kölluð báðum nöfnunum?** Nei, flestir kalla mig Emmu en margir í skólanum segja Emília. Mamma segir samt stundum Karen við mig.

**Í hvaða skóla ertu og hvað finnst þér skemmtilegast að læra þar?** Í Áslandsskóla, mér finnst skemmtilegast að læra í litlu grænu bókinni, maður á að tengja saman.

**Þekkir þú alla stafina?** Já, á ég að segja alla stafina sem ég þekki?

**Er einhver sérstakur stafur í uppáhaldi?** T, Í, K, V og E. E er mest uppáhalds.

**Hver eru helstu áhugamálin?** Mér finnst skemmtilegast að lesa og hafa „movie night“.

**Hvað gerir þú þegar þú ert búin í skólanum?** Hjálpa mömmu með börnin, stundum fer ég í barbí og stundum er ég þreytt.

**Hvert er uppáhaldslagið þitt?** Haltu í höndina á mér eða Í síðasta skipti.

**En sjónvarpsefnið?** Prinsessuþættir því mér finnst prinsessur svo fallegar.

**MÉR FINNST SKEMMTILEGAST AÐ LÆRA Í LITLU GRÆNU BÓKINI, MAÐUR Á AÐ TENGJA SAMAN.**

**Besta bók sem þú hefur lesið?** Dimmalimm því prinsessan var svo góð við svanninn.

**Er gæludýr á heiminu?** Já, ég á kisu og fiska. Kisurnar mínar heita Monsi, Ronja og Lísa.

**Hefur þú ferðast um Ísland?** Já, seinasta sumar fór ég á Siglufjörð og til Akureyrar, það var mjög heitt þar svo ég fékk ís.

**En til útlanda?** Já, ég hef farið til Prag, Finnlands og Kanarí, það var mjög gaman á Kanarí.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Pita og lasagna.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?** Besta söngkona í öllum heiminum. Ég vona að óskin mín rættist.





# ▶ Íbúðamarkaður á krossgötum

Fundur á Grand Hótel Reykjavík  
Þriðjudaginn 17. apríl kl. 8.30–10.00

Samtök iðnaðarins efna til fundar þar sem farið verður yfir stöðuna á íbúðamarkaðnum, framtíðarhorfur og nauðsynleg skref til úrbóta. Með fjölgun landsmanna og auknum umsvifum í hagkerfinu hefur myndast mikil spurn eftir húsnæði. Á fundinum verða kynntar niðurstöður nýrrar talningar SI á íbúðum í byggingu og spá um íbúðabyggingar til ársins 2020. Farið verður yfir hvaða leiðir eru færar til að mæta aukinni eftirspurn og skoða á hvort sagan geti kennt okkur hvernig megi bregðast við.

## Dagskrá



▶ **Ný íbúðatalning SI**  
Friðrik Á. Ólafsson, viðskiptastjóri byggingariðnaðar á mannvirkjasviði SI



▶ **Framtíð íbúðamarkaðarins**  
Ingólfur Bender, aðalhogfræðingur SI



▶ **Við höfum gert þetta áður**  
Pétur Ármannsson, arkitekt



▶ **Stöðugleiki með öðru skipulagi**  
Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI



▶ **Frá hugmynd að veruleika**  
Eyrún Arnarsdóttir, viðskiptastjóri á mannvirkjasviði SI

## Leiðir til lausna, pallborðsumræður



▶ **Sigurður Ingi Jóhannsson**, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



▶ **Gylfi Gíslason**, forstjóri JÁVERK



▶ **Helgi Már Halldórsson**, ASK arkitektar, formaður SAMARK



▶ **Sigrún Ragna Ólafsdóttir**, forstjóri Mannvits



▶ **Fundarstjóri**  
Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI


Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8.00.

**Skráning á [www.si.is](http://www.si.is)**



# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur



Í dag er búist við hlýrri suðaustanátt og einhverri vætu í flestum landshlutum, en styttr fyrst upp norðaustan til og hiti gæti jafnvel náð 13 stigum þar, og eins í Borgarfirði. Sunnan og suðaustan til rignir talsvert fram á kvöld en vestalands er útlit fyrir vætu með köflum allan daginn.

### Heimurinn

Kaupmannah. 13°	Oslo 13°	Stokkhólmur 13°	Gautaborg 19°	Helsinki 10°	Þórshöfn 7°	Nuuk -7°
London 16°	Amsterdam 16°	Paris 15°	Berlin 17°	Madrid 13°	Brussel 17°	Róm 24°
Boston 9°	New York 16°	Orlando 20°	Moskva 9°	Singapúr 27°	Tókýó 16°	Sydney 23°

### Reykjavík



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
8° ↖ 9	9° ← 14	8° ← 7	8° ↖ 6	7° ← 11

### Ísafjörður



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
5° ↑ 8	4° ← 8	2° ↙ 12	-1° ↙ 11	1° ← 9

### Akureyri



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
6° ↑ 3	6° ← 6	4° ↙ 7	2° ↓ 4	2° ← 5

### Egilsstaðir



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
7° ↑ 6	5° ← 6	6° ↖ 5	8° ↗ 5	1° ↙ 7

### Kirkjubæjarklaustur




Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
8° ← 9	6° ← 13	9° ← 8	8° ↑ 4	7° ← 14


**Rafmagnstjakkar**  
Kynningarverð: **282.897 kr. m/vsk**

**RMI**  
OFNASMIDJAN  
s. 511 1100 | www.rymi.is

### Pondus



### Gelgjan



### Barnalán



**ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?**

Finndu þitt starf á [atvinna.frettbladid.is](http://atvinna.frettbladid.is)

**FRÉTTABLAÐIÐ IS** Job.is



# FERMINGARGJÖF FYRIR FRAMTÍÐINA

**Canon**



3 KLST.  
NÁMSKEIÐ  
FYLGIR

## MIKLU MEIRI MYNDGÆÐI EN Í SNJALLSÍMANUM

EOS M100 m/15-45mm linsu  
Wi-Fi og Bluetooth, 24.2 megapíxla,  
Full HD 60p vídeó.

Verð: 79.900 kr.

Tilboðsverð: **69.900 kr.**

**SONY**



## STUÐNINGUR VIÐ NETFLIX OG YOUTUBE

XE70 49" snjallsjónvarp  
4K upplausn með HDR, X-Reality PRO  
örgjörvi, Motionflow XR 400Hz.

Verð: 119.990 kr.

Tilboðsverð: **99.990 kr.**

**BOSE**



## FER MEÐ TÓNLISTINA HVERT SEM ER

SoundLink Micro hátalari  
Fullkominn í ferðalagið, vatnsheldur  
með Bluetooth.

Verð: 15.900 kr.

Tilboðsverð: **12.900 kr.**

**Lenovo**



## NÚ FÆRIST FJÖR Í LEIKINN

Legion Y520 leikjatölva  
Ótrúleg afköst og hljómburður.  
4 kjarna i7, 16GB, 1.5TB, GTX1050i.

Verð: 219.900 kr.

**BOSE**



## UPPLIFÐU BOSE GÆÐI

AE2 Bluetooth  
Þráðlaus heyrnartól með frábærum  
hljómgæðum.

Verð: 29.900 kr.

Tilboðsverð: **24.900 kr.**

**Lenovo**



## ÖFLUG VÉL HAGSTÆTT VERÐ

Legion Y520T leikjatölva  
Nóg gagnapláss og öflugt GTX1060  
leikjakort. 6 kjarna i5, 16GB, 1.2TB.

Verð: 174.900 kr.





„Sú athygli sem þessi fyrsta skáldsaga mín hefur fengið kemur mér gleðilega á óvart,“ segir Iain Reid. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Hnakkrifist um endinn

**Skáldsaga eftir kanadíska rithöfundinn Iain Reid er komin út á íslensku. Höfundurinn er bróðir Elizu forsetafrúar. Charlie Kaufman gerir mynd eftir bókinni.**

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrun@frettabladid.is



**K**anadíska rithöfundurinn Iain Reid er staddur hér á landi en fyrsta skáldsaga hans, *Ég er að spá í að slúttu þessu*, er komin út í íslenskri þýðingu hjá bókaforlaginu Veröld. Reid er sannarlega ekki að koma í fyrsta sinn til Íslands en á liðnum árum hefur hann reglulega komið hingað til lands til að heimsækja systur sína, Elizu Reid, núverandi forsetafrú, eiginmann hennar og börn þeirra.

„Heima í Kanada spyr fólk mig, foreldra mína og bróður: Hvarflaði einhvern tíma að ykkur að Eliza yrði forsetafrú á Íslandi? Svarið er: Auðvitað ekki! Við vitum hversu mjög hún nýtur þess að búa á Íslandi og hversu vel hún er að standa sig í nýju hlutverki,“ segir Reid. Hann segist ætíð hafa mikla ánægju af að koma til Íslands. „Þess vegna gladdi það mig þegar Bjarni Þorsteinsson útgefandi lýsti yfir áhuga sínum á að gefa skáldsögu mína út á íslensku.“

### Persónuleg skáldsaga

Ég er að spá í að slúttu þessu er fyrsta skáldsaga Reids, en hann hefur áður sent frá sér tvær minningabækur. Sagan snýst um Jake og kærustu

### Virtur Óskarsverðlaunahafi

Bandaríski handritshöfundurinn Charlie Kaufman er fæddur árið 1958. Hann er einn frægasti og virtasti handritahöfundur samtímans og hefur fjórum sinnum verið tilnefndur til Óskarsverðlauna. Hann hreppti verðlaunin fyrir handrit sitt að *Eternal Sunshine of the Spotless Mind*. Hann hefur unnið til þriggja BAFTA-verðlauna.



hans sem heimsækja foreldra hans sem búa á afskekktum bóndabæ. Ósögð ógn liggur í loftinu og lesandinn fær snemma á tilfinninguna að engri persónu sé fullkomlega

treystandi. Dómar hafa verið lofsamlegir og í dómi Chicago Tribune sagði: „Sarpasta og frumlegasta bókmenntalega spennusaga sem skrifuð hefur verið í langan tíma.“

„Það er hægt að flokka þessa skáldsögu á ýmsa vegu og ég vil leyfa hverjum og einum lesanda að túlka hana á sinn hátt. Hún er sálfræðileg, sumt í henni minnir á hryllingssögur og annað er bókmenntalegs og heimspekilegs eðlis,“ segir Reid. „Þegar ég var að leggja lokahönd á hana kom mér á óvart hversu persónuleg hún er. Ég hef skrifað tvær aðrar bækur, minningabækur, en þótt þær fjalli um sjálfan mig og fjölskyldumeðlimi mína þá eru þær ekki ofur persónulegar. Þetta er fyrsta skáldsaga mín og hún er afar persónuleg. Í þessari bók er sagan sjálf skáldskapur en ég er að skrifa um hluti sem ég hef mikinn áhuga á. Þarna set ég til dæmis í forgrunn heimspekikenningar sem ég kynntist í heimspekikúrsum skóla og hristu upp í mér á sínum tíma. Ég er meðal annars að fjalla um einangrun, hvaða áhrif samskipti hafa á okkur og hvað sé raunverulegt og hvað ekki. Ég er vonandi að skrifa um hluti sem fólk getur tengt við.“

### Sterk viðbrögð

Glæpa- og spennusögur samtímans eru ídulega 400-500 síður og þar er ýmislegt dregið á langinn en ég er að spá í að slúttu þessu er rúmlega 200 síður, sem sagt stutt og snörp. „Ég skar heilmikið niður af efni sem mér fannst ágætt en þurfti samt ekki að vera þarna,“ segir Reid. „Ég vildi skera af alla fitu og gera söguna eins hnitmiðaða og mögulegt væri.“

Óhætt er að segja að endir bókarinnar komi lesendum í opna skjöldu, svo óvæntur er hann. „Ég fer stundum á viðburði eða upp-lestra vegna bókarinnar og stundum liggur við háarifrið milli fólks um endinn,“ segir Reid. „Ég er er spurður hvernig eigi að skilja endinn en ég vil ekki útskýra það. Ef ég fer að skýra það þá verður sú skýring hin viðurkennda og það vil ég ekki að gerist. Hver og einn verður að skilja endinn á sinn hátt. Ég sé hversu sterk viðbrögð bókinn vekur hjá lesendum og það gleður mig. Það er ekki hægt að fá betri viðbrögð við bók en þau að lesendur ræði sín á milli um hana, jafnvel þótt einhverjir þeirra verði reiðir.“

### Kaufman kvikmyndar

Ég er að spá í að slúttu þessu er bæði spennandi og hrollvekjandi bók og hætt er við að á ákveðnum stöðum hennar verði einhverjir lesendur hreinlega skelfingu lostnir. Sumt minnir jafnvel á Stephen King, en Reid segist hafa lesið bækur hans og er sérstaklega hrifinn af *It* og *The Shining*. Hann segist hafa horft á hryllingsmyndir meðan hann vann að bók sinni. Og talandi um kvikmyndir þá ætlar hinn heimsfrægi handritshöfundur og leikstjóri Charlie Kaufman að kvikmynda söguna. Reid segist vera mikill aðdáandi Kaufmans. „Við hittumst og ræddum saman og hann er með margar frábærar hugmyndir varðandi það að koma sögunni á hvíta tjaldið. Hann leikstýrir myndinni og skrifar jafnframt handritið og Netflix er framleiðandinn. Við Kaufman erum í góðu sambandi og hann leyfir mér að fylgjast með.“

Ný skáldsaga eftir Reid kemur út nú í ágúst, spennusaga með vísindasagnaívaði. „Bróðir minn vinnur hjá geimvísindafyrirtæki og ég hef alltaf viljað nýta mér þekkingu hans í þeim efnum. Þessi nýja skáldsaga er líka á heimspekilegum nótum, eins og sú fyrsta.“ Þegar er búð að selja kvikmyndarétinn á þessari væntanlegu skáldsögu.


Spurður um velgengnina segir hinn geuigi og hógværi rithöfundur: „Ég er svo heppinn að geta sinnt ritstjórnun og sú athygli sem þessi fyrsta skáldsaga mín hefur fengið kemur mér gleðilega á óvart. Ég er mjög lánsamur.“




# BÓKAORMAR ATHUGIÐ!




**Lukkuriddarinn**  
**VILDARVERÐ: 3.100.-**  
 Verð: 3.799.-




**Hin órólegu**  
**VILDARVERÐ: 3.299.-**  
 Verð: 3.999.-



**Um harðstjórn**  
**VILDARVERÐ: 3.299.-**  
 Verð: 3.999.-




**Fyrir fallið**  
**VILDARVERÐ: 3.299.-**  
 Verð: 3.999.-




**Landkostir**  
**VILDARVERÐ: 3.299.-**  
 Verð: 3.999.-




**Sakramentið**  
**VILDARVERÐ: 3.199.-**  
 Verð: 3.999.-




**Þitt annað líf**  
**VILDARVERÐ: 3.299.-**  
 Verð: 3.999.-




**Í nafni sannleikans**  
**VILDARVERÐ: 3.100.-**  
 Verð: 3.899.-



**Straumflugur / Silungaflugur**  
**VILDARVERÐ: 3.599.- (stk.)**  
 Verð: 4.499.- (stk.)



**Krókaleiðir hamingjunnar (skáldsaga)**  
**VILDARVERÐ: 2.999.-**  
 Verð: 3.499.-



**Ég er að spá í að slúttu þessu**  
**VILDARVERÐ: 3.199.-**  
 Verð: 3.999.-

Austurstræti 18  
 Skólavörðustíg 11  
 Laugavegi 77  
 Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd  
 Kringlunni norður  
 Kringlunni suður  
 Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
 Keflavík - Sólvallagötu 2  
 Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
 Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
 Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
 Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 16. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrenn.



# Bjóða sumarið velkomið með sýningu

**Gróska, samtök myndlistarmanna í Garðabæ, opnar sumarsýningu á miðvikudaginn, síðasta vetrardag, í sal á Garðatorgi 1.**



Einvaldurinn, verk eftir Birgi Rafn Friðriksson.

Við viljum hvetja fólk til að göfga andann og gera sér glaðan dag með því að koma á sýninguna okkar í Gróskusalnum á Garðatorgi 1. Þar verður mikið um dýrðir,“ segir Rúna Tetzschner myndlistarkona. Þar á hún við sumarsýningu Grósku, samtaka myndlistarmanna í Garðabæ sem verður opnuð 18. apríl milli klukkan 20 og 23.

„Fjölbreytnin er jafn mikil og listamennirnir eru margir. Við vinnum í ýmsa miðla, flest erum við með málverk eða aðrar myndir en aðrir með skúlptúra,“ segir Rúna sem er ein af sjö í stjórn samtakanna. Hún segir listafólkið í Grósku annaðhvort búa í bænum eða hafa við hann önnur

tengsl og gangast þar fyrir ýmsum viðburðum. Skyldu þeir vinna saman að myndlistinni líka?

Fyrir þessa sýningu erum við hvert í sínu lagi að undirbúa en við stöndum fyrir námskeiðum og þá erum við saman á þeim.“

Rúna tekur fram að Raket Björk Björnsdóttir söngkona og Kristinn Þór Óskarsson gítarleikari verði með tónlistaratriði við opnunina og boðið verði upp á léttar veitingar. Sýningin verði svo opin áfram til 22. apríl. [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Rúna er ein af sjö manna stjórn Grósku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**FRÆÐSLUNETIÐ**  
Simenntun á Suðurlandi  
Lærum allt lífið

## Raunfærnimat

Fyrir fjallamennskunám FAS

Fræðslunetið - simenntun á Suðurlandi býður uppá raunfærnimat í fjallamennsku í samvinnu við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu, upplýsingar um fjallamennskunám má sjá á [fas.is](http://fas.is)

Raunfærnimat gefur einstaklingum með 3 ára starfsreynslu tækifæri á að fá reynslu og þekkingu metna til eininga. Matið er fyrir 23 ára og eldri.

Einfalt ferli sem er þér að kostnaðarlausu.

**Tími:** u.þ.b. 8 klst. á vorönn 2018

**Staður:** Nýheimar, Höfn

**Verkefnisstjórar:** Sólveig R. Kristinsdóttir og Sædis Ösp Valdemarsdóttir

Nánari upplýsingar og skráning hjá Fræðslunetinu í síma 560 2030 hjá Sædís í síma 842 4655

Kynntu þér málið!

Framhaldsskólinn í  
Austur-Skaftafellssýslu



## Kalla sig Bergljótu og Spilapúkana

„Við erum tríó og verðum með tónleika í Skyrgerðinni á Selfossi í kvöld,“ segir söngkonan Bergljót Arnalds. „Þeir sem spila með mér eru Guðmundur Eiríksson píanóleikari sem var í bandinu sem gerði „Oh, what a kiss“ frægt og Leifur Gunnarsson kontrabassaleikari. Þeir eru báðir Selfyssingar og við eigum það öll sameiginlegt að hafa farið í tónlistarnám í Danmörku á sínum tíma og hafa ættartengingu við svæðið fyrir austan fjall.“

Þau kalla sig Bergljótu og Spilapúkana og hefja leik klukkan 20.30.

„Þetta verður skemmtileg kvöldstund og Skyrgerðin er sérstakur staður sem minnir ögn á Iðnó. Þar er yndislegur matur, frábærir kokkar og svo ætlum við að hafa fullt af hringborðum í salnum þar sem fólk getur þá notið þess að fá sér kokteil meðan við flytjum tónlistina,“ segir Bergljót sem er nýbúin gefa út disk með eigin lögum. Þau munu hljóma í Skyrgerðinni og líka þekkt lög Edit Piaf, Ellu Fitzgerald, Ellyjar Vilhjálms og fleiri. Tríóið lofar skemmtilegri kvöldstund með ljúfum tónum. –gun






Guðmundur, Bergljót og Leifur tengjast öll Suðurlandinu.







# BAUHAUS®



# SUMARIÐ BYRJAR Í BAUHAUS

...OG ÚRVALIÐ HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRA!  
GARÐHÚSGÖGN, GRILL, PALLAOLÍA, PENSLAR,  
HREINSIEFNI, HÁPRÝSTIDÆLUR, HELLUR,  
PALLAEFNI, ÚTIBLÓM OG MARGT FLEIRA







Alfredo Esparza opnar sýningu í Ramskram í dag en hann segist hafa heillast af Íslandi þar sem það liggur í ákveðnum skilningi á mörkum tveggja heima eins og Mexíkó. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Þetta er landslag sem er hvorki mannsins né náttúrunnar lengur

**Alfredo Esparza Torreón er ljósmyndari frá Mexíkó, sem í dag opnar einkasýningu í galleríi Ramskram undir yfirskriftinni Terra Nullius sem er hugtak sem hann sækir aftur til nýlenduveldanna.**


Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



Víð Njálsgötuna í Reykjavík stendur lítið gallerí sem kallast Ramskram og sérhæfir sig í ljósmyndalist. Á þeim tíma sem Ramskram hefur starfað hafa margir forvitnilegir og langt að komnir gestir sýnt í húsakynnum þess en í dag verður opnuð þar einkar forvitnileg sýning listamanns sem er langt að kominn. Alfredo Esparza Torreón er fæddur í Mexíkó árið 1980, hann er með MA-gráðu í húsakynnum fræðum með áherslu á sagnfræði, en hefur síðan gert ljósmyndun að ævistarfi sínu.

## Á mörkum tveggja heima

Alfredo er opinn og skemmtilegur maður sem tekur brosandir en haltur á móti blaðamanni, eftir að hafa snúið sig á ökkla fyrir í vikunni, og segir brosandir að ástæða þess að hann er kominn til Íslands til þess að sýna og vinna sé fólgin í því að hann sé alinn upp í norðurhluta Mexíkó. „Landslagið sem ég þekki hvað best er eyðimörkin í Norður-Mexíkó. Þar er heitt og allt gult og þurrt, meira og minna alla daga ársins, en fyrir vikið hef ég alltaf lítið á Ísland sem andstæðu minna heimaslóða. Hér eru árstíðir og grænt á sumrin og hvítt á veturna og þessar andstæður heilla mig. Þess vegna langaði mig til þess að koma



Tvær af myndum Alfredos af sofandi fólki í Mexíkóborg. ©ALFREDO ESPARZA



og kynna þessu landi og náttúru þess vegna þess að þetta er svo gjörólíkt öllu sem ég þekki. Þetta er annar heimur fyrir mig.“

Alfredo segir að annað sem hafi togað hann til Íslands sé líka lega

landsins á hnettinum. „Þegar ég komst að því að Ísland liggur á mörkum Ameríku og Evrópu þá jók það enn frekar á áhuga minn á landinu. Málið er nefnilega að Mexíkó liggur þannig að við erum aldrei talin með Norður-Ameríku, því það eru Bandaríkin og Kanada en svo er sagt í Sudur-Ameríku að við tilheyrum ekki þeirra veröld. Þannig að í mínum huga eiga Ísland og Mexíkó það sameiginlegt að liggja á mörkum tveggja heima og það finnst mér heillandi. Áhugi minn á Íslandi snýst því bæði um þær andstæður sem eru á milli þessara

tveggja landa og svo líka það sem þau eiga sameiginlegt.“

## Sofandi fólk

Þegar Alfredo var nítján ára var hann eins og margir ungir menn leitandi og óviss um hvað hann vildi leggja fyrir sig í lífinu. „Ég var byrjaður í háskólanámi þegar afi minn gaf mér myndavél og hún togaði strax í mig. Ég hélt þó áfram í náminu og kláraði það en eftir það vissi ég að ljósmyndun væri það sem ég vildi gera. Auðvitað var ég þó enn þá leitandi sem ljósmyndari og listamaður og það voru erfiðir tímar í Mexíkó vegna eiturfylfjastriðsins sem geisadi í raun mjög víða um landið. Á þeim tíma fór ég til Bandaríkjanna og dvaldi í ein tvö ár í Los Angeles en var samt ólöglegur allan tímann og það var ekkert auðvelt,“ segir Alfredo en brosir þó við tilhugsunina. Hann segir að í framhaldinu hafi hann ákveðið að fara aftur heim til Mexíkó þar sem hann settist að í Mexíkóborg og það var í raun þar sem ferill hans sem listamanns hófst fyrir alvöru.

„Þegar ég kom til Mexíkóborgar fannst mér gríðarlega krefjandi að lifa þar, ekki síst vegna þess hversu stór og þéttbýl borgin er en þar búa um 24 milljónir. Í slíku margmenni er getur verið erfitt að mynda tengsl við annað fólk og mér fannst allir alltaf vera að reyna að olnboga sig áfram fram úr næsta manni. En sem betur fer átti ég smá pening frá dvölinni í LA og ég gat lifað á honum næstu átta mánuði á meðan ég vann að verkefni sem átti eftir að reynast mér vel. Ég fór í það að setja mig í

samband við ókunnugt fólk í borginni og biðja það um að fá að koma inn á heimili þess og mynda það á meðan það svaf. Af þeim 5.000 sem ég setti mig í samband við þá voru 52 sem sögðu já sem mér finnst nú bara gott, ekki síst miðað við að þetta var á erfiðum og ofbeldisfullum tíma í landinu. Þetta var mitt viðbragð við því og það sýndi traust allra þeirra einstaklinga sem leyfðu mér að mynda þá og fól þannig í sér von um betri tíma.“

## Terra Nullius

Þessi myndasería af sofandi fólki vakti talsverða athygli á verkum Alfredos og hún gaf honum líka tækifæri til þess að halda áfram á þessari vegferð listrænna ljósmynda. Svefnmyndirnar eru ekki með honum á Íslandi að þessu sinni heldur er það verkefni sem tengist áhuga hans á heimaslóðunum í Norður-Mexíkó sem landsvæði. „Ég hef lengi haft mikinn áhuga á nýtingu landsvæða og þá sérstaklega í mínu heimalandi þó svo líka sé vissulega eitthvað sem þarf að skoda alls staðar í heiminum. Nýting á landi snýst auðvitað um nýtingu á auðlindum og við verðum að gera okkur grein fyrir því að þær eru ekki óþrjótandi – hvar í heiminum sem það kann að vera.“

Í þessu samhengi er myndaserían sem Alfredo er að sýna undir yfirskriftinni Terra Nullius alþjóðleg. Hann segir að vangaveltur um verkefnið megi reyndar rekja til áhuga hans á sagnfræði og menningarsögu þess tíma þegar vestræn nýlenduveldi voru að leggja undir



sig hvert landsvæðið í veröldinni á fætur öðru. „Spánverjar, Frakkar, Englendingar og fleiri þjóðir komu til Suður-Ameríku og fóru inn á landsvæði sem voru greinilega í byggð. Þeir hins vegar sögðu að þar sem þetta fólk væri ekki einu sinni kristið þá væri í raun engin þörf á að líta á það sem mennskt, heldur mun fremur einhvers konar dýr. Þetta var réttlættingin fyrir því að leggja undir sig landið og allar auðlindir þess og þetta átti sér stað í Suður-Ameríku, Afríku og Ástralíu með einmitt þessum formerkjum, að rétturinn væri þeirra gagnvart bæði frumbyggjum og landinu. Þessi réttur kallast Terra Nullius því valdbeiting og arðrán þurfti á smekklegu hugtaki að halda því það réttlætir þá sem það stunda.“

#### Sagnfræðileg kortlagning

Alfredo segir að fyrir honum falli þetta að ákveðinni hugsun sem virðist víðast vera enn við lýði, í hið minnsta í hinum vestræna heimi og eflaust víðar. „Þetta er hugsun sem segir að það sé alltaf hægt að nýta allt í nafni valds og efnahags með einum eða öðrum hætti. Þetta er það sem við stöndum frammi fyrir varðandi náttúruna og hvernig mannskepnan nálgast hana enn þann dag í dag.“

Ljósmyndir Alfredos sýna landslag sem hefur verið nýtt eða snert af mannum með einum eða öðrum hætti en síðan yfirgefið. „Þetta er landslag sem er hvorki mannsins né náttúrunnar lengur og þannig fellur það svona á milli tveggja heima í ákveðnum skilningi,“ segir hann og minnir á að Ísland og Mexíkó eru einnig í ákveðnum landsvæðum sem standa á milli tveggja heima og hann líti svo á að Íslendingar eigi í sterku og sérstöku sambandi við náttúru landsins. „Þjóð sem býr á landi eins og Íslandi stendur frammi fyrir



Tvær af myndum Alfredos frá Norður-Mexíkó sem er að finna á sýningunni í Ramskram undir yfirskriftinni Terra Nullius. ©ALFREDO ESPARZA

því að þurfa bæði að treysta á náttúruna og á sama tíma umgangast hana af varfærni og virðingu. Þessi andstæða finnst mér heillandi því þegar ég skoða landsvæði eins og Suður-Mexíkó þá er náttúran fyrst

og fremst gjöful. Sólin skín og það er nóg af vatni og allt blómstrar. Í norðurhlutanum er ekkert vatn en einhvern veginn komumst við þó samt af,“ segir Alfredo og brosir og minnir á að myndirnar séu leið

til þess að fanga þá sögu sem felst í þessu sambandi manns og náttúru.

